



Alþýðusamband Íslands

**FUNDARGERÐ 40. ÞINGS
ALÞÝÐUSAMBANDS ÍSLANDS
2012**

17. – 19. október 2012

Efnisyfirlit

Miðvikudagur 17. október	3
Ávarp forseta	3
Ávarp velferðarráðherra.....	11
Ávarp varaforseta danska alþýðusambandsins	16
Ávarp formanns BSRB	17
Kjörbréfanefnd	19
Afgreiðsla kjörbréfa.....	19
Kjör starfsmanna þingsins.....	19
Framsögur	20
Lagabreytingar /1. umræða	24
Lífeyrismál / 1. umræða	27
Atvinnumál / 1. umræða.....	28
Húsnæðismál / 1. umræða.....	29
Önnur mál - Evrópu- og kjaramál / 1. umræða	29
Fimmtudagur 18. október.....	32
Ritun sögu ASÍ	32
Skýrsla forseta ASÍ	33
Reikningar ASÍ og stofnana	33
Lagabreytingar /2. umræða og afgreiðsla.....	34
Föstudagur 19. október	40
Evrópu- og kjaramál / 2. umræða og afgreiðsla	40
Atvinnumál / 2. umræða og afgreiðsla	41
Kjör forseta ASÍ.....	44
Lífeyrismál / 2. umræða og afgreiðsla.....	44
Kjör varaforseta ASÍ.....	46
Lífeyrismál / 2. umræða og afgreiðsla – framhald	46
Kosningar	47
Húsnæðismál /2. umræða og afgreiðsla	48
Önnur mál	53
Fundarslit	54
Þingfulltrúar á 40. þingi ASÍ 2012.....	56
Breytingar á þingfulltrúum frá 15. – 17. október 2012.....	61

MÍÐVIKUDAGUR 17. OKTÓBER

40. þing Alþýðusambands Íslands 2012 var haldið á Hilton Reykjavík Nordica, 17.- 19. október.

Þingið hófst kl. 10:00.

Við upphaf þingsins lék hljómsveitin 1860 nokkur lög.

Signý Jóhannesdóttir varaforseti ASÍ þakkaði hljómsveitinni fyrir leikinn og bauð **Gylfa Arnbjörnssyni** forseti ASÍ að setja þingið. Gylfi Arnbjörnsson flutti eftirfarandi ávarpi:

Ávarp forseta

„Velferðarráðherra, ágætu þingfulltrúar og gestir, - velkomin til 40. þings ASÍ.

Nú eru liðin fjögur ár frá hruni og ljóst að íslenskt launafólk hefur mátt þola erfiðan samdrátt í atvinnu og tekjum að ógleymdum niðurskurði í velferðarþjónustunni. Á næstu dögum ætlum við að fara yfir málf lutning okkar og endurskoða baráttumálin. Þingið er æðsta vald Alþýðusambands Íslands og það er í okkar höndum að móta stefnu til næstu ára. Við sem hér sitjum, höfum verið kjörin af félögum okkar sem fulltrúar stéttarfélaganna og landssambanda til þess að leggja okkar af mörkum í þeirri stefnumótun og baráttu fyrir fullri atvinnu, jöfnuði og velferð fyrir alla, undir yfirskriftinni „atvinnu og velferð í öndvegi“.

Hér eru það þið sem ráðið niðurstöðunni og það sem þið hafið til málanna að leggja er mikilvægt. Við höfum reynt að skipuleggja þetta þing með þeim hætti að gera ykkur öllum kleift að hafa áhrif á þá stefnu sem mótuð verður. Þess vegna er mikilvægt að góð þátttaka verði í umræðum og nefndarstörfum. Samfélagið allt gerir kröfu um að þið hefjið upp raust ykkar fyrir hönd þeirra félaga ykkar sem misstu vinnuna, þeirra sem eru á lágum launum, þeirra sem eru beittir órétti og þeirra sem sviptir hafa verið réttindum sínum. Deilið með okkur áhyggjum ykkar og reiði yfir úrræða- og aðgerðaleysi í atvinnumálum, hárrí verðbólgu, háum vöxtum, erfiðri stöðu atvinnuleitenda og skerðingum á atvinnuleysisbótum. Saman skulum við setja fram hugmyndir og tillögur um það hvernig við teljum að störfum verði fjölgað, hvernig komið verði á stöðugleika, hvernig best verði stutt við bakið á þeim sem hafa verið án atvinnu, hvernig tryggja megi ungu fólki öryggi í húsnæðismálum og hvernig komið verði á meiri jöfnuði í lífeyrismálum.

Ágætu þingfulltrúar.

Ég er þeirrar skoðunar, að íslensk verkalýðshreyfing hafi við erfiðar aðstæður allt frá hruni axlað mikla ábyrgð og sýnt í verki þann árangur sem samstaða okkar getur áorkað. Það er engin launung á því að við völdum að fara aðrar leiðir en margir félagar okkar í Evrópu. Við mótuðum okkur skýra sýn á hvað þyrfti að gera, forgangsröðuðum áherslum okkar og ákváðum að hafa frumkvæði að því að ná breiðri samfélagslegri sátt ólíkra afla um þá erfiðu aðlögun sem var óhjákvæmileg í kjölfar hrunsins. Um leið geri ég mér fulla grein fyrir því að þetta hefur verið umdeilt og við gagnrýnd fyrir að hafa ekki valið leið átaka og deilna.

Höfum það hugfast, að þegar við skilgreinum hagsmuni launafólks, tökum afstöðu í umdeildum málum, mótum okkur sýn um hvert halda skuli, hvaða málefni við viljum hafa í forgangi og síðan frumkvæði að því að ná þeim í gegn, þá er óhjákvæmilegt að þeir sem vilja fara aðrar leiðir gagnrýni okkur. Við eigum ekki að bera okkur illa undan þeirri gagnrýni, heldur taka á móti henni, ræða hana og rýna og bregðast við ef við teljum hana réttmæta en láta samt ekki hrekja okkur af leið ef við erum ósammála.

Hlutverk okkar á þessu þingi er að leggja sameiginlega mat á það hvort sú leið sem við höfum hefur skilað árangri. Hvort og í hve ríkum mæli okkur tókst að hafa áhrif á kjör og aðstæður félaga okkar og leggja sameiginlega mat á það hvort eitthvað hefði mátt betur fara og hvort þörf sé breyttrar stefnumótunar.

Stærsta og erfiðasta verkefnið í kjölfar hrunsins var að vinna úr þeirri stöðu að ríkið missti ríflega þriðjung tekna sinna og að ríkissjóður var rekinn með yfir 200 milljarða króna halla, halla sem að óbreyttu hefði leitt til þvílíkrar skuldaföfnunar að framtíð okkar sem sjálfstæðrar þjóðar stóð ógn af. Því var ljóst að við þessu yrði að bregðast, við gætum ekki lagt þessar byrðar á börnin okkar og íslensk verkafólkið hreyfing krafðist aðkomu að mótun áætlunar um jöfnuð í ríkisfjármálum.

Í viðræðum okkar við stjórnvöld og fulltrúa Alþjóðagjaldeyrissjóðsins settum við fram kröfu um skýra forgangsröðun og tókst að verja betur en ætla hefði mátt mikilvæga og viðkvæma þætti velferðarkerfisins – einkum í heilbrigðis-, trygginga- og menntakerfinu.

Í hruninu settum við okkur m.a. það markmið að verja stöðu þeirra tekjulægstu og leggja grunn að endurreisn kaupmáttar almennra launa. Með kjarasamningunum 2009 og 2011 tókst okkur ekki bara að verja stöðu þeirra tekjulægstu, heldur einnig að sækja fram þannig að nú er kaupmáttur taxtalauna hærrí en hann var fyrir hrun. Ég leyfi mér að fullyrða að enginn önnur verkafólkið hreyfing í allri Evrópu hefur náð viðlíka árangri. Ljóst er þó að almenn laun, þ.e. laun þeirra fjölmörgu sem eru á meðallaunum, hældust engan veginn í hendur við hækkandi verðlag og því féll kaupmáttur mikið árið 2008 og 2009. Engu að síður hefur okkur tekist með kjarasamningum að snúa þessari þróun við og nú hefur kaupmáttur meðallauna vaxið þrjú ár í röð.

Staðan í dag er því sú, að við höfum endurheimt kaupmáttinn að hluta en eigum samt ennþá langt í land. Það er að mínu mati mikilvægt að halda áfram á þessari braut þar sem saman fer samstaða með þeim tekjulægstu og uppbygging kaupmáttar almennra launa.

Ágætu félagar.

Endurskipulagning á greiðslu- og skuldavanda heimilanna hefur verið fyrirferðamikil í starfi okkar og málflytningi undanfarin misseri. Við töldum aðgerðir stjórnvalda ófullnægjandi og að of lítið kæmi of seint. Við lögðum mikla áherslu á að fá fram breytingar þannig að hægt yrði að takast með trúverðugum og sanngjörnum hætti á við mikinn greiðslu- og skuldavanda heimilanna. Ekki síst þeirra fjölskyldna sem voru í hættu á að missa heimili sín á uppboðum. Krafa okkar var að þetta yrði gert með aðlögun á greiðslubyrði með hagstæðari greiðslu- og lánaskilmálum og beinni afskrift eða lækkun skulda ef með þyrfti. Við kröfðumst þess að gerðar yrðu breytingar á lögum til þess að koma í veg fyrir að rúkkarar gætu lagt svimandi háar fjárhæðir á heimili í vanskilum. Krafa okkar er og hefur verið um að treysta rétt fólksins – ekki rúkkaranna!

Í skýrslu Seðlabankans um greiðslu- og skuldavanda heimilanna kom í ljós að þau úrræði sem hjálpuðu venjulegu launafólki með miðlungs- eða lágur tekjur mest voru einmitt þau úrræði sem Alþýðusambandið hafði frumkvæði að. Jafnframt sýndi Seðlabankinn frá á að ef farið yrði í svokallaða almenna skuldaniðurfærslu hefði langstærstur hluti þeirra fjármuna farið til tekju- og eignameiri hluta þjóðarinnar á kostnað almennings.

Ekki verður heldur horft framhjá því, að húsnæðismál og húsnæðisöryggi félaga okkar eru í öngstræti. Í marga áratugi tókst verkafólkið hreyfingunni að byggja hér upp bæði almennt húsnæðiskerfi og félagslegar lausnir sem gerðu það að verkum að

flestum stóð til boða húsnæði fyrir sig og fjölskyldu sína sem almenn laun gátu staðið undir. Svo fór hins vegar að stjórnvöld ýttu fulltrúum verkalyðshreyfingarinnar út úr þessu kerfi og við tók endalaus hringlandaháttur og sífelldar breytingar þar sem hver ráðherrann á fætur öðrum vildi setja sitt mark á húsnæðiskerfið.

Í dag þegar við erum að glíma við afleiðingar efnahagshrunsins blasir við okkur alvarlegt hrun þessa kerfis. Mikil og þrálát verðbólga hefur keyrt vextina upp í rjáfur og í raun má segja að venjuleg meðalfjölskylda hafi ekki lengur ráð á því að búa í venjulegri meðalíbúð – og þá skiptir engu máli hvort hún leigir hana eða kaupir. Íbúðalánasjóður er í miklum fjárhagsvanda og hefur skákað sig út af húsnæðismarkaðinum með kröfu um meira en 30% álag á þá vexti sem hann fær á markaði – sem þýðir ekkert annað en álag á ungar fjölskyldur sem eru að reyna að koma yfir sig þaki. Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar að við þessu þurfi að bregðast, bæði til skemmri og lengri tíma litið.

Margir hafa einblínt á það, að með því að afnema verðtryggingu muni hagsmunir venjulegs meðaltekju fólks verða tryggðir. Ég er ekki sammála því, málið er miklu flóknara en svo að það verði leyst á einfaldan hátt, en geri mér jafnframt ljósa grein fyrir því að það hefur vakið mikla reiði og gremju í minn garð og okkar hreyfingar. Það er auðvitað miður, og við því verðum við að bregðast með raunhæfum tillögum um nýtt fyrirkomulag húsnæðislána sem tryggir okkar fólki bæði lægri vexti og meiri stöðugleika í greiðslubyrði en nú er. Staðreyndin er að vandinn liggur í mikilli verðbólgu og háum vöxtum en ekki verðtryggingunni sem slíkri. Því hlýtur það að vera eitt af forgangsverkefnum okkar að móta skýra sín og kröfur um hvernig íslenskt samfélag geti losað sig út úr vítahring verðbólgu og hárra vaxta þannig að íslenskt launafólk fái notið sambærilegra kjara og í þeim löndum sem við viljum helst bera okkur saman við.

Alþýðusambandið lagði mikla vinnu í það s.l. vetur að greina þennan vanda, hvers vegna vextir á Íslandi væru svo háir að við erum 20 árum lengur að endurgreiða venjulegt húsnæði en félagar okkar í nágrannalöndunum? Við fengum danskan sérfræðing til að koma hingað og kynna fyrir okkur hvernig Danir hafa staðið að fjármögnun íbúðahúsnæðis með langtíma óverðtryggðum skuldabréfum. Þó mestu muni um stöðugleika þeirra gjaldmiðils, er ljóst að hægt er að ná vöxtum hér á landi verulega niður með meiri festu í stjórn gengis- og peningamála og breyttu fyrirkomulagi almennra húsnæðislána. Það er okkar hlutverk að berjast fyrir slíkum lausnum – lausnum sem lækka vexti okkar félaga í raun og veru!

Ágætu þingfulltrúar.

Við höfum á undanförunum árum náð að gjörbylta allri hugsun og nálgun varðandi virkar vinnumarkaðsaðgerðir og þjónustu við atvinnuleitendur. Okkur hefur tekist að ná fram stórauðnum framlögum til slíkra aðgerða. Þannig hefur ekkert annað land í Evrópu á tímum aukins atvinnuleysis lengt tímabil atvinnuleysisbóta úr þremur árum í fjögur eins og við náðum fram á meðan versta holskeflan eftir hrúnið gekk yfir. Nýverið settum við í gang tilraunaverkefni um aukna þjónustu við atvinnuleitendur í samstarfi við Samtök atvinnulífsins með stofnun Starfs – vinnumiðlunar og ráðgjafar, þar sem stéttarfélagin verða þungamiðja samskipta og þjónustu við atvinnuleitendur. Við erum þegar farin að finna fyrir jákvæðum viðbrögðum félagsmanna vegna aukinnar þjónustu og athygli sem þeir finna fyrir.

Ég vil einnig nefna stofnun og uppbyggingu Virk starfsendurhæfingarsjóðs og þeirrar þjónustu sem hann veitir. Á sama tíma og þjóðfélagið fór í gegnum tímabil erfiðrar aðlögunar ríkisfjármála og niðurskurð á flestum sviðum tókst okkur með kjarasamningi við atvinnurekendur að leggja grunn að nýju og heilsteyptu kerfi starfsendurhæfingar. Einnig í þessu kerfi eru stéttarfélagin þungamiðjan í því að

aðstoða og auðvelda félagsmönnum okkar að ná aukinni starfsgetu eftir áföll. Framan af máttum við sitja undir mikilli gagnrýni og ásökunum um einkavæðingu en með samstöðu og staðfestu héldum við ótrauð áfram og létum ekki slá okkur út af laginu. Af því tilefni vil ég árétta að við erum og höfum einlæglega verið á móti því að markaðsvæða velferðarþjónustuna.

Ég vil einnig minna á að stéttarfélögin eru samfélagslegt afl sem starfar á forsendum fólksins okkar en ekki fjármagnsins og þjónusta þeirra á því ekkert skylt við einkavæðingu velferðarþjónustunnar í landinu. Arangurinn hefur heldur ekki látið á sér standa og við erum þegar farin að sjá afrakstur þessarar uppbyggingar þar sem ýmist er komið í veg fyrir að félagsmenn okkar falli af vinnumarkaði eða þeim komið að nýju til starfa.

Í dag ríkir að mínu mati meiri sátt um þetta kerfi en gerði í upphafi. Staða þess hefur verið lögfest og aðrar þjóðir farnar að fylgjast með þessari uppbyggingu af miklum áhuga, sérstaklega hlutverki aðila vinnumarkaðarins.

Það er líka ljóst að á tímum þrenginga á vinnumarkaði reynir meira á réttindi og réttarstöðu launafólks. Því höfum við bæði hér á landi og í samstarfi við félag okkar á Norðurlöndunum og í Evrópu lagt mikla áherslu á að berjast gegn hvers kyns félagslegum undirboðum og svartri atvinnustarfsemi. Krafan okkar er; Einn réttur – ekkert svindl! Í tengslum við kjarasamninga okkar í júní 2009 og aftur í maí 2011 tókst okkur að þoka áfram ýmsum réttindamálum, bæði í gegnum kjarasamningana sjálfa en einnig með lagabreytingum þar sem við hefur átt. Við höfum þróað íslenska vinnumarkaðsmódelið með samblandi kjarasamningsbundinna réttinda með stuðningi lagasetningar á þann hátt að okkur hefur að sumu leyti tekist betur en víðast hvar í Evrópu að standa vörð um réttindi útsendra starfsmanna og starfsmanna starfsmannaleiga. Með nýlegu lagafrumvarpi velferðarráðherra verða þeim tryggð sömu kjör og gilda í þeim fyrirtækjum sem þeir í reynd starfa fyrir.

Við höfum síðan haldið ótrauð áfram að glíma við það mikla óréttlæti sem felst í kynbundnum launamun og lýst óánægju okkar með hversu hægt gengur að ná fram baráttumálum okkar um aukin kynbundin launajöfnuð. Við höfðum frumkvæði að því í kjarasamningunum í febrúar 2008 með samkomulagi við atvinnurekendur að stefnt skyldi að gerð sérstaks jafnlaunastaðals þar sem lagðar yrðu fram vottaðar leiðir um það með hvaða hætti fyrirtæki og stofnanir gætu grundvallað launaákvæðanir sínar á meiri jafnrétti. Á ársfundi okkar þann 24. október – á baráttudegi kvenna – sama ár undirritaði Grétar Þorsteinsson fyrrverandi forseti samkomulag við Samtök atvinnulífsins og félagsmálaráðherra um gerð slíks staðals. Nú hefur þessi staðall séð dagsins ljós, en hann var kynntur í júní s.l. og er nú til umsagnar. Ljóst er að hér höfum við tekið mikilvægt frumkvæði og það eru miklar væntingar bundnar við innleiðingu þessa staðals. Við munum í samstarfi við atvinnurekendur vinna að sérstöku kynningarefni til þess að tryggja víðtæka notkun hans og freista þess að ná meiri árangri í glímunni við kynbundið launamisrétti.

En ágætu þingfulltrúar.

Þó vel hafi tekist á ýmsum sviðum er ljóst að margt hefur farið úrskeiðis m.v. þær forsendur og væntingar sem við lögðum til grundvallar, einkum á sviði efnahags- og atvinnumála. Langþráð markmið okkar um stöðugleika, lága verðbólgu og lága vexti hafa ekki náðst. Þvert á móti er veik staða krónunnar aftur orðinn örlagavaldur um afkomu okkar og öryggi. Í nýlegri skýrslu Seðlabanka Íslands eru valkostir okkar um fyrirkomulag gengis- og peningamála reifaðir. Ljóst er að af þeim kostum sem til umræðu hafa verið koma í rauninni aðeins tveir til greina; þátttaka í breiðari myntsamstarfi við aðrar þjóðir, og er samstarfið við Evrópuþjóðir en upptaka evru þar nærtækast eða áframhaldandi sjálfstæð peningastefna með eigin mynt. Hinni

síðari fylgir að líklegt er að við verðum að takmarka verulega frelsi til fjármagnsflutninga og halda vöxtum nokkuð hærrí en í helstu nágrannaríkjunum.

Okkar krafa til gengis- og peningastefnunnar er, að hún leggi grunn að stöðugleika, lágri verðbólgu og lágum vöxtum. Niðurstaða Seðlabankans er sú að því verði vart náð með litlum fljótandi gjaldmiðli. Vandinn er að það er of snemmt að segja til um hvor þessara leiða við eigum að fara eða getum farið því við vitum einfaldlega ekki hvaða kostum við stöndum frammi fyrir. Því er að mínu viti mikilvægt að ljúka viðræðunum um aðild okkar að ESB og freista þess að ná sem bestum samningi fyrir þjóðina. Þegar slíkur samningur liggur fyrir getum við lagt mat á kosti þess og galla út frá hagsmunum launafólks en á endanum er það þjóðin sem mun eiga síðasta orðið í bindandi þjóðaratkvæðagreiðslu.

Ég hef haldið því fram að á tímum óvissu og samdráttar er það ekki skynsamlegt að takmarka valkostina, en að sama skapi er alveg ljóst að þjóðin þarf að finna lausn á vanda okkar gengis- og peningamála á allra næstu mánuðum. Lausn sem er hvoru tveggja í senn raunhæf og til þess fallin að auðvelda okkur að ná markmiðum okkar um aukna atvinnu og velferð en geti jafnframt verið mikilvægt veganesti í framtíðarskipan þessara mála.

Núna stöndum við frammi fyrir því að reyna mun á gengis- og veðlagsforsendur kjarasamninga en slíkt hefur ekki gerst síðan 2001 og þar áður 1992. Ég hef verulegar áhyggjur af því að ýmsir embættis- og stjórnáamenn halda því fram að halda verði gengi íslensku krónunnar veiku næstu árin til að auka afganginn af viðskiptunum við útlönd. Ég hef sagt það áður að ég hef enga trú á því að þessi stefna geti verið grunnur að einhverri sátt í þessu samfélagi, því með henni verður kaupmætti okkar haldið niðri til að gera eigendum aflandskróna, sem hér sitja í höftum, kleift að fara heim með aurana sína. Þá fyrst værum við farin að greiða skuldir óreiðumanna, ef kaupmætti þjóðarinnar verður haldið niðri með þessum hætti.

Hér verður því að finna einhvern annan grundvöll – einhverja aðra lausn – sem hægt verður að sameinast um á breiðum grundvelli. Veik staða krónunnar og sveiflur í genginu hefur leitt til mikillar verðbólgu sem ógnar forsendum kjarasamninga. Munum að þegar ekki er samstaða um gengisfestu og lága verðbólgu, og fyrirtæki og opinberir aðilar freistast til þess að leysa úr sínum vanda með því að velta hækkunum yfir á launafólk er alveg ljóst að það er okkar hlutverk að spyrna á móti og krefjast réttmætra leiðréttinga – jafnvel svo að til átaka á vinnumarkaði kunni að koma!

Höfum það hugfast að fljótandi gengi krónunnar hefur frá því að hún var tekin upp árið 2001 verið orsök hagsveiflna en ekki jöfnun þeirra og mótvægi. Þrátt fyrir gjaldeyrishöftin hefur fljótandi króna í höftum sveiflast svo mikið að verðbólgan og umfram allt verðbólguvæntingarnar eru nú á bilinu 5-6% til næstu 5 eða 10 ára.

Ég er þeirrar skoðunar að við þessar aðstæður eigum við að freista þess að taka aftur upp fastgengisstefnu líkt og við gerðum við gerð þjóðarsáttarsamninganna. Sú fastgengisstefna gerði okkur mögulegt að ná tökum á áralöngu tímabili óstöðugleika og ójafnvægis í efnahags- og atvinnulífi okkar. Frá þessari stefnu urðum við hins vegar að hverfa um aldamótin þegar óábyrg hagstjórn lagði grunn að spákaupmennsku með krónuna. Við verðum að horfast í augu við þá staðreynd, að það verður ekki hægt að afnema gjaldeyrishöftin í bráð því áhættan sem slíkum tilraunum fylgir gagnvart íslensku launafólki er svo alvarleg að ég trúi því ekki upp á neinn stjórnámaflokk að reyna slíkt við ríkjandi aðstæður.

Tillögur Seðlabankans að þjóðhagsvarúðartækjum muni auðvelda okkur núna að

halda genginu föstu og það er mín sannfæring að slík gengisfesta mun gera okkur betur kleift að koma á stöðugleika í okkar efnahags- og atvinnulífi með lægri verðbólgu og lægri vöxtum.

Ég tel að það sé mikill stuðningur við það innan okkar raða að við höfum frumkvæði að því að finna leiðir sem leitt geti til þess að íslenskt launafólk búi við stöðugleika, stöðugleika þar sem við getum verið viss um að það sem við semjum um skili sér þegar upp er staðið. Að sama skapi er ljóst að við förum ekki ein eftir því einstigi því atvinnurekendur og stjórnvöld verða að feta það með okkur. Gleymum því ekki, að ef ekki tekst að vinna bug á verðbólgunni munu vextir áfram verða í hæstu hæðum. Það ýtir undir ójöfnuð og misskiptingu og mun koma í veg fyrir að ungt fólk og fólk með lágar eða miðlungstekjur geti fengið öruggt húsaskjól fyrir sig og sína fjölskyldu og mun einnig hindra eðlilegan vöxt í atvinnulífinu.

Góðir þingfulltrúar.

Þrátt fyrir að margt hafi áunnist og mörgu hafi verið hrundið í gang af því sem stjórnvöld lofuðu liggur ljóst fyrir að ríkisstjórn og Alþingi hafa ekki og ætla ekki að standa við öll sín fyrirheit sem félagsmönnum okkar voru gefin við gerð kjarasamninga. Þar á ég m.a. við hækkun bóta til framfærslu þeirra sem sannarlega bera hvað minnst úr bitum í þessu landi en einkum og sér í lagi á ég við framtaks- og aðgerðaleyfi í atvinnumálum. Þetta hefur hamlað því að við næðum mikilvægum markmiðum okkar um aukna atvinnu og tekjur félagsmanna okkar og hamlað gegn því að leggja mætti grunn að auknum gjaldeyristekjum til að geta tekist á við skuldavanda þjóðarinnar. Þetta hefur valdið mikilli reiði í garð ríkisstjórnarinnar – reiði sem vafalaust mun hafa mikil áhrif við endurskoðun kjarasamninga og í komandi Alþingiskosningum í vor.

Það er með öllu óþolandi að í stað þess að sameinast um þessi mikilvægu verkefni verðum við vitni að sefjun meðal stjórnámálanna þegar kemur að umræðu og afstöðu til atvinnuástandsins. Reynt er kerfisbundið að gera lítið úr vandanum, einblína á tölur um fjölda þeirra sem eiga bótarétt fremur en raunverulegan fjölda þeirra sem eru að leita að vinnu eða þeirra sem hafa þurft að flytja frá fjölskyldum sínum til annarra landa til að sjá þeim farborða. Það er staðreynd að við misstum næstum 20 þúsund störf í hruninu og það hefur lítið gengið að vinna það tap til baka. Á meðan þúsundir félaga okkar eru án atvinnu og á meðan einstaka aðildarfélag okkar eru að berjast við þá stöðu að allt að fimmtungur félagsmanna er án atvinnu eins og í mínu gamla félagi Verkalýðs- og sjómannafélagi Keflavíkur og nágrennis, megum við hvergi hnika frá kröfu okkar um öfluga atvinnusköpun og fulla atvinnu.

En af hverju leggjum við svona mikla áherslu á standa saman baráttunni við atvinnuleysið góðir félagar? Svarið liggur í því að atvinnuleysi er óásættanlegt fyrir persónulega, félagslega og fjölskyldulega stöðu félaga okkar og fátt er mikilvægara en að við stöndum með þeim í þessari baráttu með því m.a. að berjast fyrir aukinni atvinnu og sanngjörnum bótarétti. Síðan er einnig ljóst að þegar atvinnuleysið eykst, þegar atvinnuleysisbætur eru skertar og þegar ráðningarformið verður ótraust þá aukast völd atvinnurekenda. Það er því okkar sameiginlega hlutverk að vinna gegn atvinnuleysinu, þannig treystum við stöðu launafólks og þannig eflum við verkalýðshreyfinguna til þess að vera eðlilegt mótvægi við atvinnurekendur og ríkisvald.

Eitt mikilvægasta úrlausnarefni sem við stöndum frammi fyrir, bæði sem samtök og sem þjóð, er að efla og treysta íslenskt atvinnulíf. Við verðum að auka skilning á því að öflug og framsækin atvinnustarfsemi er mikilvæg forsenda þess að hægt sé að skapa atvinnu fyrir alla og góð störf. Það er aðeins með þróttmiklum og framsæknum fyrirtækjum sem fá að starfa á traustum grunni sem við getum lagt traustan grunn

undir velferðarsamfélag með öflugum menntakerfi og góðri heilbrigðis- og velferðarþjónustu og afkomuöryggi fyrir alla. Við eigum því að hafa frumkvæði að því að þannig grunnur verði til og sameina ólík öfl í þessu samfélagi um slíka sýn.

Það hefur verið skoðun Alþýðusambandsins að við eigum að nýta þá miklu framtíðarmöguleika sem þessi þjóð hefur til að byggja upp öflugt atvinnulíf á sjálfbærum grunni – á grænni ímynd. Við höfum lengi lagt áherslu á að nýta beri hreinar orkulindir okkar í glímunni við þá miklu vá sem heimurinn stendur frammi fyrir í loftslagsmálum. Við höfum lengi bent á möguleika okkar í fullvinnslu umhverfissvænna og hreinna matvæla frá okkar dýrmæta sjávarútvegi og landbúnaði. Vannýtt tækifæri í heilsársferðarþjónustu þar sem saga okkar og náttúra fléttast saman blasa við. En til þess að nýta þessi tækifæri verðum við að tryggja okkur betri aðgang að mörkuðum fyrir fullunnar afurðir og við verðum að fjárfesta í innviðum okkar samfélags. Með því að grípa þessi tækifæri getum við mætt þörfum samtímans um aukna atvinnu og tekjur án þess að draga úr möguleikum komandi kynslóða.

Til þess að svo megi verða þurfum við öflugt menntakerfi sem styður við þessa stefnu og sem tryggir jafnframt öllum góða grunnmenntun og tækifæri til að viðhalda henni til þess að geta tekist á við ný og breytt verkefni. Þetta kallar á auknar áherslur á skapandi greinar og nýsköpun, eflingu verk- og tæknináms á fjölmörgum sviðum og á öllum stigum. Jafnframt er nauðsynlegt að jafna stöðu verk- og tæknináms gagnvart bóknámi þannig að slíkt nám sé raunhæfur og eftirsóknarverður kostur, jafnt fyrir ungmenni og þá sem komnir eru út á vinnumarkaðinn.

Öflugt og framsækið atvinnulíf þarf einstaklinga með menntun og færni til að takast á við þau verk sem þarf að vinna. Á sama tíma er meira en þriðjungur vinnumarkaðarins án viðurkenndrar framhaldsmenntunar. Með samningum okkar við atvinnurekendur og með samskiptum við stjórnvöld hefur okkur tekist að auka verulega framlög til fullorðinsfræðslu og starfsmenntamála. Fræðslusjóðirnir okkar hafa verið festir í sessi með kjarasamningum og hlutverk þeirra og svigrúm aukið. Samstaða hefur náðst um þá kröfu okkar og markmið að ekki verði meira en 10% af launafólki á vinnumarkaði án viðurkenndrar framhaldsmenntunar.

Ég hef lengi haldið því fram að þetta sé bæði brýnasta og stærsta menntaátak sem þjóðin hefur staðið frammi fyrir. Nú eru liðin fjögur ár síðan við settum þessi markmið og okkur miðar allt of hægt því það er ljóst að það þarf að bjóða tugþúsundum félaga okkar menntunarúrræði við hæfi. Slíkt kallar á mikla fjármuni og það er okkar að hafa frumkvæði að því hvernig þetta verði gert og tryggja jafnframt örugga aðkomu fræðslustofnana okkar. Við verðum að gera því fólki sem hætti námi af einhverjum ástæðum kleift að sækja sér menntun – og höfum það í huga að þetta er að langstærstum hluta okkar félagsmenn og því er verkefnið okkar. Þetta er ekki bara mikilvægt út frá þröngum hagsmunum atvinnulífsins heldur er þetta jafnframt mikilvægt framlag til aukins lýðræðis, jafnréttis og jafnaðar í samfélaginu – að allir geti tekið þátt í okkar þjóðlífi!

Góðir þingfulltrúar.

Á þessu þingi leggjum við fram endurskoðaða stefnu okkar í lífeyrismálum, en að þeirri endurskoðun hefur verið unnið um nokkurra ára skeið m.a. með fjölmennu málþingi á Selfossi og víðtæku samráði við aðildarsamtök okkar. Jafnframt liggur nú fyrir ítarleg skýrsla þeirrar óháðu rannsóknarnefndar um stöðu lífeyrissjóðanna í kjölfar efnahagshrunsins sem ríkissáttasemjari skipaði. Ársfundur Alþýðusambands Íslands hafði frumkvæði að þessari úttekt og samþykkt stjórn Landssambands lífeyrissjóða að hrinda þessu í framkvæmd. Megin niðurstöður nefndarinnar voru, að þrátt fyrir mikið áfall stæði lífeyriskerfið á traustum stöðum, en setti jafnframt fram tillögur um úrbætur.

Ég er þeirra skoðunar að afar mikilvægt sé fyrir okkur að draga lærdóm af þeirri reynslu sem efnahagshrunið 2008 færði okkur. Ábyrgð okkar liggur í því að viðhalda því sem vel hefur verið gert og gera nauðsynlegar endurbætur og umbætur á þeim sviðum þar sem þess er þörf. Markmiðið hlýtur að vera að hér eftir sem hingað til að tryggja sem best lífeyrisréttindi fyrir launafólk þessa lands í nútíð og framtíð. Í þeirri viðleitni okkar alveg eins og í öðrum baráttumálum fyrir bættum kjörum er það grundvallarhugsjón okkar að sameinað afl tryggi félögum okkar ætíð betri árangur.

Alþýðusambandið hefur um langa hríð lagt áherslu á að lífeyrisréttindi almenns launafólks verði jöfnuð á við réttindi opinberra starfsmanna. Að þessu verkefni hafa öll heildarsamtök launafólks á vinnumarkaði nú unnið í samstarfi við gagnaðila okkar og er það mitt mat að við höfum sameiginlega náð lengra með þessar áherslur en nokkurn tímann áður. Verulegur árangur náðist í kjarasamningunum okkar í maí á síðasta ári, þar sem okkur tókst að fá atvinnurekendur til að fallast á að jöfnun lífeyrisréttinda verði upp á við, m.a. með samkomulagi um hækkun framlaga atvinnurekenda í áföngum frá 2014-2021 í 11,5%. Hingað til hafa atvinnurekendur lagt áherslu á að þessi jöfnun eigi að miðast við þau réttindi sem gilda fyrir almennt launafólk en ekki opinbera starfsmenn.

Samkomulag þetta er háð þeim fyrirvara af hálfu Samtaka atvinnulífsins, að samkomulag náist milli samtaka opinberra starfsmanna og stjórnvalda um sjálfbærni opinbera lífeyriskerfisins, en slíkt samkomulag liggur ekki fyrir. Á núverandi stundu ríkir því nokkur óvissa um það hvort okkur tekst þetta. Ég hef haldið því fram að það sé mikilvægt innlegg í þær erfiðu viðræður að samstaða sé um mikilvægi þess að standa vörð um áunninn réttindi í lífeyriskerfi opinberra starfsmanna. Af hálfu Alþýðusambandsins er lögð áhersla á mikilvægi þess að öll verkalýðshreyfingin standi saman um kröfuna um jöfnun lífeyrisréttinda og að hreyfingin beiti sér sameiginlega fyrir breytingum á almannatryggingum sem verulega komi til móts við þá einstaklinga, sem byggt hafa upp réttindi í lífeyrissjóðum.

Kæru félagar.

Ég geri mér fulla grein fyrir því að margar af þeim ákvörðunum og útfærslum sem ákveðnar hafa verið á síðustu árum á Alþingi og í stjórnarsýslunni hafa verið umdeildar en að sama skapi er ég þess einnig fullviss að ef við hefðum ekki beitt okkur hefði niðurstaðan orðið önnur og félagsmönnum okkar erfiðari. Ég tel því að verkalýðshreyfingin hafi í öllum aðalatriðum staðist þolraunir síðustu ára og unnið launafólki mikið gagn. Það er reyndar svo að það er víða eftir því tekið hversu vel okkur hefur tekist að verja bæði stöðu launafólks og þess velferðarkerfis sem við höfum með samstöðu okkar átt svo ríkan þátt í að búa til. Nú þegar við sjáum fyrir endann á erfiðri aðlögun ríkisfjármála er það krafa okkar að hafin verði vinna við endurreisn velferðarkerfisins til þess horfs sem það var í fyrir hrun og helst gera enn betur. Um það ætlum við að fjalla á þessu þingi og setja fram skýra sýn á forgangsverkefnin.

Ég tel mikilvægt að umræðurnar á þinginu einkennist af framtíðasýn og lausnum þegar við ræðum okkar mál. Við erum hér saman komin til að gera það sem við getum til að hreyfa við hlutunum, að móta framtíðina eftir okkar hugmyndum og hagsmunum, til að ná því sem við öll höfum trú á – sjálfbæru atvinnulífi og fullri atvinnu, samfélagi þar sem jafnrétti og jöfnuður ríkir og samfélagi þar sem virðing er borin fyrir öllum og allir hafa tækifæri til þess að njóta sín. Til þess þurfum við sterka verkalýðshreyfingu!

Verkalýðshreyfingu sem er bein í baki og stendur saman sem ein heild. Höfum það hugfast að það er í samstöðunni sem afl okkar verður að veruleika og það er með samstöðunni sem við getum breytt þessu samfélagi til heilla fyrir vinnandi fólk.

Með þessum orðum segi ég 40. þing Alþýðusambands Íslands sett og óska okkur öllum velfarnaðar í störfum þess."

Signý Jóhannesdóttir bauð velferðarráðherra, **Guðbjart Hannesson**, velkominn til þingsins. Hann flutti eftirfarandi ræðu:

Ávarp velferðarráðherra

„Forsetar - ágætu þingfulltrúar og góðir gestir.

Ég þakka það tækifæri að fá að vera með ykkur við setningu 40. þings Alþýðusambands Íslands og að fá tækifæri til að segja hér nokkur orð.

Ég er alinn upp við það að barátta verkafólks og raunar alls launafólks, fyrir réttindum sínum og kjörum hefur skipt og mun ávallt skipta miklu máli. Áratugabarátta launþegahreyfingarinnar hefur skipt sköpum fyrir hag almennings í landinu.

Alþýðusambandið hefur allt frá stofnun þess 1916 verið sterkt afl í íslensku samfélagi. Það var stofnað í þeim tilgangi að auðvelda baráttu verkamanna fyrir bættum kjörum – og óhætt er að segja að upp frá því hafi félagsfólk ASÍ ekki aðeins haft mikil áhrif á eigin kjör og réttindi, heldur á samfélagið í heild.

Miklar samfélagsbreytingar hafa orðið á langri starfsævi ASÍ og margir sigrar hafa náðst í baráttu sambandsins fyrir bættum kjörum almennings. En það hafa líka átt sér stað miklar sviptingar og átök í gegnum tíðina, þar sem tekist hefur verið á um hugmyndafræði og pólitískar stefnur sem varða grundvallaráherslur í skipan samfélagsins og hvernig búið er að almenningi og einstaklingum. Þeir sem eldri eru muna áhrif heimskreppunnar miklu hér á landi, stórfelldan flutning fólks úr sveitunum samfara mjög örri þéttbýlismyndun – og margvísleg áhrif síðari heimsstyrjaldarinnar á íslenskt samfélag. Íslenskt samfélag hefur einnig þurft að glíma við ýmsar minni kreppur en alvarlegar þó. – Og loks er skemmst að minnast þess taumlausa neyslufyllerís sem átti sér stað undir merkjum frjálshyggjunnar, þegar til stóð að gera Ísland að alþjóðlegri fjármálamiðstöð, þegar þenslan var taumlaus og vöxtur hagkerfisins var gríðarlegur en reyndist þegar allt kom til alls byggður á sandi.

Ég hef áður á þessum vettvangi vakið athygli á að norræna velferðarkerfið hefur sýnt sig að fleyta Norðurlöndunum betur í gegnum kreppur liðinna ára, en öðrum löndum. Ísland er þar engin undantekning eins og ítrekað hefur verið sýnt fram á í alls kyns samanburði milli landa, viðhorfskönnunum og mælingum.

Norræna velferðarkerfið byggir á nokkrum stoðum, sem vert er að muna. Grundvallarhugmyndin er jöfnuður og réttlæti, gott menntakerfi, öflug heilbrigðisþjónusta og öryggi borgaranna, velferðarkerfi sem tryggir öllum þegnum sínum viðunandi lífsviðurværi. Forsenda þess að það sé hægt er að fólk greiði til samneyslunnar, greiði sína skatta og skyldur. Þannig eru skattar á Norðurlöndum háir og það skattfé er nýtt til þess að færa verðmæti til í samfélaginu, jafna kjörin og tryggja afkomu allra. Norræna velferðarkerfið byggir á frjálsu hagkerfi með skýru regluverki, hagkerfi sem lýtur þeim lögum og reglum sem hafa hagsmuni neytenda, hagsmuni almennings, að leiðarljósi.

Enn ein forsenda norræna velferðarkerfisins er traust og gott samstarf milli stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins og traust samfélagsins á stofnanir samfélagsins og stjórnvöld.

Gott velferðarkerfi er forsenda öflugs atvinnulífs, atvinnulífs sem um leið er lífgjafi velferðarinnar. Yfirskrift þingsins hér er einkar viðeigandi – atvinna og velferð í öndvegi.

En vinnum við í anda norrænnar velferðar? Vilja allir norrænt velferðarkerfi? Leggja allir sig fram um að endurvinna traust í þessu samfélagi? Er orðræðan til að leita lausna, afla og miðla upplýsingum og leita nýrra leiða? Eða freistast menn til að reyna að bjarga sínu eigin skinni í örvæntingarfullri tilraun til að bæta ímynd sína eða sinna hagsmunasamtaka með alls kyns yfirlýsingum og fullyrðingum sem grafa undan trausti í samfélaginu?

Ég er ráðherra í ríkisstjórn sem í orðum sumra einkennist af „úrræðaleysi og aðgerðaleysi“, „svíkur öll gefin loforð“ og „hunsar vilja verkalýðshreyfingarinnar og atvinnurekenda“.

Ég ætla ekki að taka þátt í umræðu af þessum toga, að reyna að koma sök á einhverja aðra en þá ríkisstjórn sem ber ábyrgð á stjórn landsins, þó ég verði að biðja alla um að rifja upp í huganum við hvernig búi ríkisstjórnin tók vorið 2009.

Ég tel að styrkleiki ríkisstjórnarinnar hafi verið að leita leiða, leita lausna, með hagsmuni almennings að leiðarljósi. Markmiðin voru skýr, að ná tókum á ríkisrekstrinum, ná þar jöfnuði. Markmiðið var að búa þannig í haginn að við gætum endurreist nýtt og betra samfélag, breytt vöxtum í velferð, þar sem almannahagsmunir yrðu teknir fram yfir sérhagsmuni, þar sem ört vaxandi ójöfnuður er stöðvaður og jafnrétti og jöfnuður í samfélaginu aukinn, nokkuð sem á að vera og er sameiginlegt hagsmunamál stjórnvalda og verkalýðshreyfingarinnar og almennt með góðu samstarfi við stéttarfélag. Margt hefur ekki gengið eftir og auðvelt að segja eftir á, „við hefðum átt að gera þetta eða hitt öðruvísi“. Annað hefur tekist vel og í heildina er ég mjög stoltur af árangrinum sem íslenskt samfélag hefur náð á núverandi kjörtímabili á fjölmörgum sviðum.

En ef ég á að vera hreinskilinn, þá er sá árangur sem náðst hefur hvorki mér né ríkisstjórninni einni að þakka. Þjóðin í heild á hér stærstan þátt með sínu æðruleysi og þátttöku í endurreisn íslensks samfélags, en það eiga líka aðilar vinnumarkaðarins, bæði almennir og opinberir starfsmenn, sem hafa lagt mjög margt gott til málanna og tekið þátt í ótal lausnum, hugmyndasmíð og framkvæmdum, og lagt á sig ómælda vinnu svo halda mætti uppi góðri þjónustu.

Ég tel mikilvægt að draga þetta fram, sem og allt það jákvæða sem náðst hefur fram, hvernig hlutirnir eru nú fjórum árum eftir hrun miklu betri en nokkur einasti þingmaður, verkamaður, verkalýðsfélag eða atvinnurekandi, hvað þá ráðherra (Guð blessi Ísland), spáði haustið 2008 eftir hrun.

Góðir fundarmenn.

Eins og fram hefur komið velti ég því stöðugt fyrir mér hvernig við Íslendingar höfum það sem þjóð, hvernig líður fólki almennt og metur aðstæður sínar og ekki síður hvað viljum við og hvert stefnum við? Mér finnst oft þegar ég fylgist með fréttum og opinberri umræðu að hér hljóti allt að vera á heljarþröm og lífskjör almennings afleit og versnandi. Þannig er umræðan – því miður – og hún er oft víðsfjarri því að vera málefnaleg.

Skiljanlega braust út mikil reiði í samfélaginu við hrunið og traust fólks á stjórnvöldum beið hnekkji. Lífskjör versnuðu, eignamissir, atvinnumissir, stórhækkaðar skuldir, minni kaupmáttur, glatað sparifé, allt eru þetta dæmi um raunveruleika sem fjölmargir þurftu að horfast í augu við eftir hrun. Þetta eru þær staðreyndir sem stjórnvöld hafa unnið með síðan, með það að markmiði að koma

okkur aftur á réttan kjöl og ekki síst að jafna kjör og aðstæður fólks í landinu. Á hinum fölsku velmehtarárum hafði nefnilega steingleymst að huga að þeim efnaminni og ójöfnuð og misskipting var ört vaxandi vandamál. Fátækt var bannorð, aðeins vandi þess sem við hana mátti búa.

Munum að á árunum 1995–2007 jókst ójöfnuður á Íslandi stöðugt og eins og fram hefur komið í nýlegri skýrslu Þjóðmálastofnunar Háskóla Íslands eru engin fordæmi fyrir því að tekjujöfnuður hafi aukist jafn ört og mikið annars staðar á Vesturlöndum allt frá lokum síðari heimsstyrjaldarinnar. – Það var einfaldlega vitlaust gefið.

Ákveðin öfl í samfélaginu vilja ekki horfast í augu við þessar staðreyndir, vilja ekki viðurkenna þær ógöngur sem íslenskt samfélag var komið í löngu fyrir hrun og fyrir þeirra tilstilli. Þau vilja alls ekki kannast við hve uppbyggingarstarfið eftir hrun hefur gengið vel og afneita staðreyndum sem sýna að við erum á rétttri leið. Þessi sömu öfl reyna markvisst að ala á reiði og óánægju í samfélaginu, afvegaleiða málefnalega umræðu og halda því blákalt fram að hvítt sé svart ef svo ber undir. Verkalýðshreyfingin má ekki vera í þessum kór.

Góðir gestir.

Ég ætla nú að fara yfir nokkrar staðreyndir um þau verkefni sem stjórnvöld hafa unnið að á síðustu árum og mikilvægar breytingar og úrbætur sem hafa skipt sköpum fyrir almennung í landinu, ekki síst þá sem áður báru skarðan hlut frá borði, meðan fáir og útvaldir mökuðu krókinn.

Áður en lengra er haldið vil ég undirstrika að sá árangur sem náðst hefur helgast að verulegu leyti af því mikla samstarfi sem verið hefur milli stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins. Þótt vissulega hafi komið upp ýmis ágreiningsefni á langri leið hefur tekist að leysa úr þeim flestum. Verkalýðshreyfingunni vil ég þakka alveg sérstaklega fyrir góða og árangursríka samvinnu.

Velferðarkerfið varið og jöfnuður aukinn

Stjórnvöld hafa lagt áherslu á að hlífa lægri tekjuhópum, jafna kjör fólks, sporna við atvinnuleysi og verja velferðarkerfið. Aðgerðir sem helst hafa varið kjör tekjulægri hópa hafa einkum falist í hækkun lágmarksframfærsluþryggingar almannatrygginga og hækkun vaxtabóta og atvinnuleysisbóta, jafnframt því sem skattbyrði fólks í millitekju- og lágtekjuhópum var lækkuð en hækkuð hjá fólki í hærri tekjuhópum.

Vaxtabætur hafa verið stórauðnar. Árið 2010 greiddi ríkið að jafnaði um 31% af vaxtakostnaði húsnæðislána með vaxtabótum. Hjá lægstu tekjuhópnum var niðurgreiðsla vaxtabóta mun meiri, eða allt að 45%. Um áramótin 2011–2012 var búið að afskrifa hátt í 15% af heildarskuldum heimilanna og hátt í 5% til viðbótar voru komin í afskriftaferli. Alvarlegur greiðsluvandi heimilanna hefur minnkað um nærri fjórðung eftir að hann náði hámarki árið 2009 vegna úrræða og verulegrar hækkunar vaxtabóta sem beindust einkum að hinum tekjulægstu.

Persónuafsláttur hefur verið verðtryggður og neðri mörk hans hækkuð umfram verðlag. Þessi breyting var gerð í tengslum við kjarasamninga á almennum vinnumarkaði í maí í fyrra.

Frá kjarasamningum í fyrra hefur kaupmáttur launa vaxið um 6% og kaupmáttur lágmarkslauna enn meira, eða um 11%.

Ráðstöfunartekjur fara vaxandi. Ráðstöfunartekjur heimilanna jukust um 9,6% milli áranna 2010 og 2011 og kaupmáttur ráðstöfunartekna um 5,1% samkvæmt nýjum tölum Hagstofu Íslands. Það hefur skipt geysilega miklu máli hve vel hefur tekist að halda atvinnuleysi í skefjum, það varð geysimikið fyrst eftir hrun á íslenskan

mælikvarða en hefur dregið verulega úr því með margþættum aðgerðum stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins. Fyrir það er ég þakklátur.

Þarna þurfum við þó og eigum að gera betur.

Mikil áhersla hefur verið lögð á að auka fjölbreytni vinnumarkaðsúrræða og skapa raunhæf tækifæri fyrir atvinnuleitendur til náms. Starfstengdum úrræðum fyrir atvinnuleitendur fjölgaði um allt að 1.500 árið 2011. Stofnaður hefur verið þróunarsjóður til að efla starfstengt nám á framhaldsskóla- og háskólastigi og þróa styttri námsbrautir. Umfangsmikil átaksverkefni á borð við Vinnandi veg og Nám er vinnandi vegur hafa gefist afar vel og skapað fjölda atvinnuleitenda tækifæri til að efla sig og mennta til þátttöku á vinnumarkaði til framtíðar.

Þá hafa verið sett á stofn Atvinnutorg til að hlúa að ungum atvinnuleitendum og ungu fólki utan vinnumarkaðar og skóla.

Ég nefni hér einnig tilraunaverkefni um vinnumiðlun samkvæmt samkomulagi velferðarráðuneytisins, Vinnumálastofnunar, Samtaka atvinnulífsins og Alþýðusambands Íslands sem var undirritað snemma á þessu ári og er nú komið á skrið. Markmiðið er að efla vinnumiðlun og stuðla að virkari vinnumarkaðsaðgerðum sem auka líkur atvinnuleitenda á því að fá störf á vinnumarkaði að nýju. Árangur af þessu verkefni verður metinn reglulega.

Framlög ríkis og lífeyrissjóða til starfsendurhæfingar hafa verið lögbundin og raunar má segja að tímamót hafi orðið þegar Alþingi samþykkti í vor lög um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða. Lögin endurspeгла ákveðna vitundarvakningu sem orðið hefur í þessum málaflokki og eru afdráttarlaus viðurkenning á mikilvægi starfsendurhæfingar. Eitt það mikilvægasta í lögnum er að þar er tryggður réttur allra til starfsendurhæfingar, óháð atvinnuþátttöku.

Góðir gestir.

Ég hef aðeins tæpt á nokkrum atriðum sem miklu hafa skipt við endurreisnina og átt þátt í þeim viðsnúningi sem orðið hefur til hins betra á síðustu misserum. Árangurinn lýsir sér meðal annars í nýrri hagspá Alþýðusambands Íslands til ársins 2015 þar sem því er spáð að hagvöxtur muni aukast, fjárfestingar og kaupmáttur sömuleiðis og atvinnuleysi minnka, hagur heimilanna vænkast og fjárhagsstaða hins opinbera batna. Í spánni er réttilega bent á að efnahagsbatinn sé brothættur og auðvitað eru stjórnvöld meðvituð um áhrif þess hér á landi ef efnahagsvandinn í heiminum þróast á verri veg.

Ég tek heils hugar undir með Alþýðusambandi Íslands að við verðum að draga úr gengissveiflum og styrkja gengi krónunnar til að koma í veg fyrir háa verðbólgu sem skerðir hag heimilanna og sömuleiðis að til lengri tíma litið verðum við að taka upp annan og traustari gjaldmiðil. Það er hins vegar mjög ánægjulegt að í spá ASÍ er gert ráð fyrir að dragi úr verðbólgu á næstu árum.

Verkefnin framundan eru ærin og margt í deiglu sem verið hefur í undirbúningi og stendur nú til að hrinda í framkvæmd. Eins og þið vitið flest hefur verið unnið að stefnumörkun í húsnæðismálum landsmanna með áherslu á að tryggja fjölbreyttari kosti í húsnæðismálum og efla jafnframt leigumarkaðinn. Meðal annars hefur Íbúðalánasjóði verið fengin heimild til að stofna og reka leigufélög. Einnig verða húsaleigubætur lagaðar að nýju húsnæðisbótakerfi á næsta ári og er um einn milljarður króna er ætlaður í þetta verkefni í fjárlagafrumvarpinu.

Íbúðalánasjóði hefur sömuleiðis verið heimilað að bjóða óverðtryggð húsnæðislán og eykst þannig fjölbreytnin á lánamarkaði.

Verulegar breytingar verða gerðar á almannatryggingakerfinu til einföldunar og aukins réttlætis. Þar er ekki síst lögð áhersla á að draga úr víxlverkunum og að lækka skerðingarhlutföll lífeyrisgreiðslna, meðal annars vegna lífeyristekna. Frumvarp um endurskoðað almannatryggingakerfi verður lagt fram á Alþingi á næstu vikum.

Bent hefur verið á að betur þurfi að gera til að styðja við barnafjölskyldur (einhleyppinga) og hafa stjórnvöld tekið þær ábendingar alvarlega. Í fjárlagafrumvarpinu sem nú liggur fyrir Alþingi er gert ráð fyrir að bæta um 2,5 milljörðum króna inn í barnabótakerfið og nemur aukningin um 30%.

Lög um jöfnun lyfjakostnaðar hafa verið samþykkt og koma til framkvæmda á næsta ári. Með sama hætti þarf að skoða allan sjúkrakostnað.

Framlög til Fæðingarorlofssjóðs verða aukin um 800 milljónir króna en markmiðið er að færa réttindi fólks í kerfinu til sama horfs og það var fyrir hrun og verður það gert í áföngum. Þá er stefnt að því að lengja orlofið í áföngum í tólf mánuði á næstu árum. Frumvarp um þetta verður lagt fram á þessu þingi.

Réttur til atvinnuleysisbóta og fjórða árið

Mikið hefur verið rætt um stöðu þeirra sem munu tæma rétt sinn innan atvinnutryggingakerfisins til greiðslu atvinnuleysisbóta, sérstaklega þar sem ekki er gert ráð fyrir að framlengja bráðabirgðaákvæði laga um rétt til bóta í fjögur ár. Þetta ákvæði var sett inn vegna sérstakra og tímabundinna aðstæðna. Skiljanlega jók þetta útgjöld Atvinnuleysistryggingasjóðs en á móti var horft til þess að atvinnuleitendur þyrftu síður á fjárhagsaðstoð hjá félagsþjónustu sveitarfélaganna að halda.

Að óbreyttu mun töluverður fjöldi atvinnuleitenda tæma bótarétt sinn um næstu áramót og á næsta ári. Atvinnuleysi minnkar ekki við það eitt að fólk tæmi rétt til greiðslu atvinnuleysisbóta, það ætti öllum að vera ljóst. Meginviðfangsefni stjórnvalda er eftir sem áður að mæta stöðu þess hóps sem að hluta til hefur verið án atvinnu svo árum skiptir. Það er brýna verkefnið og reynslan hefur kennt okkur að mestur árangur næst á þessu sviði með samhentum átaki og í náinni samvinnu ríkis, sveitarfélaga og aðila vinnumarkaðarins.

Átaksverkefnið Vinnandi vegur hlýtur að verða okkur fyrirmynd en skilyrðið fyrir því að það takist er að sveitarfélögin taki á sig ríka ábyrgð í þeim efnum og komi af fullum hug að verkefninu. Þá þarf að nýta önnur úrræði eins og starfsendurhæfingu og atvinnu með stuðningi á markvissan hátt í þeim tilfellum sem það á við. Með því tryggjum við að einstaklingarnir haldi tengslum við samfélagið en týnist ekki áfram á atvinnuleysisbótum eða fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna. Til lengri tíma litið ætti ávinningurinn af slíku átaki að vera öllum ljós. Að sama skapi ætti flestum að vera ljóst að óbreytt ástand er ekki valkostur. Lausnin er ekki að hafa fólk ári lengur aðgerðalaust heima, heldur að skapa fólki aðstæður og tækifæri til að vera virkir þátttakendur í samfélaginu.

Þess vegna kalla ég eftir aukinni samstöðu meðal þeirra sem koma að málefnum atvinnuleitenda, ekki síst þeirra sveitarfélaga þar sem atvinnuleysið er umfangsmest og brýnast er að allir þeir sem koma að þessum málum vinni saman.

Atvinnuleysistryggingar og hráefnisskortur

Í frumvarpi til fjárlaga koma fram áform um að hætta styrkgreiðslum úr Atvinnuleysistryggingasjóði til fiskvinnslunnar vegna hráefnisskortis. Þær reglur sem um slíkt gilda eru barn síns tíma og tóku mið af allt annarri stöðu innan sjávarútvegs og fiskvinnslu en nú er uppi í þeirri öflugu grein. Aðgengi að hráefni hefur orðið allt

annað og betra með tilkomu fiskmarkaða og atvinnugreinin sem áður þurfti á stuðningi stjórnvalda að halda er nú öflug, sterk og skilar góðum hagnaði.

Því skýtur það skökku við að verja árlega hundruðum milljóna af almannafé til að greiða niður launakostnað í fiskvinnslufyrirtækjum, sem sum hver stunda bæði útgerð og vinnslu og skila milljarðahagnaði til eigenda sinna. Þessu verður að breyta. Í því ferli er hins vegar mikilvægt að virða ramma gildandi kjarasamninga og gæta að réttarstöðu fiskvinnslufólks. Eðlilegt er að lög, reglur og kjarasamningar innan fiskvinnslunnar lúti sömu lögmálum og almennt gerist á íslenskum vinnumarkaði.

Viðræður milli stjórnvalda, Starfsgreinasambandsins og Samtaka fiskvinnslustöðva eru í gangi og vonast ég eftir niðurstöðu í þeim fyrir afgreiðslu fjárlaga.

Launajafnrétti kynja

Ég hef talað lengi og ekki minnst orði á launajafnrétti kynja og þá brýnu þörf fyrir að ná tökum á því óþolandi misrétti sem felst í því að konum skuli greidd lægri laun en körlum af þeirri ástæðu einni að þær eru konur. Unnið er að sérstakri aðgerðaáætlun sem kunngerð verður á næstunni en lykilatriði er að skapa forsendur fyrir öflugu samstarfi samtaka aðila vinnumarkaðarins um launajafnrétti kynjanna.

Ég bind vonir við lagasetningu til að auka hlut kvenna í stjórnnum fyrirtækja (og lífeyrissjóða) en í september 2013 taka gildi lög sem kveða á um að hlutfall hvors kyns megi aldrei lægra en 40% í stjórnnum stærri fyrirtækja. Alls falla 285 fyrirtæki undir löggjöfina en af þeim uppfylla 45% ákvæði laganna nú þegar og hefur staðan batnað töluvert í aðdraganda gildistöku laganna.

Gerð jafnlaunastaðals hefur staðið yfir í nokkur ár í samstarfi við aðila vinnumarkaðarins. Gerð hans er á lokastigi og er hann til umsagnar hjá Staðlaráði Íslands. Jafnlaunastaðallinn á að vera hagnýtt tæki fyrir atvinnurekendur sem nýtist þeim við endurskoðun launastefnu þannig að þeir sjálfir og starfsmenn þeirra geti treyst því að réttur kvenna og karla til launajafnréttis sé virtur.

Góðir þinggestir.

Það er mikil vinna framundan hjá ykkur á 40. þingi Alþýðusambands Íslands. Þetta er ykkar vettvangur til að stilla saman strengi, skerpa stefnuna, móta kröfur ykkar og brýna vopnin. Ég biðst ekki undan málefnalegri og skarpri gagnrýni, en höfum heildarhagsmunina, almannahagsmunina, að leiðarljósi, veltum fyrir okkur hvernig við viljum sjá Ísland og stöðu launafólks á næstu árum og áratugum. Sameinumst um að byggja upp öflugt norrænt velferðarkerfi á Íslandi.

Ég óska ykkur góðs þings og vonast jafnframt eftir áframhaldandi góðu samstarfi við ykkur í þeim verkefnum sem framundan eru."

Signý Jóhannesdóttir þakkaði ráðherra fyrir ræðuna. Því næst bauð hún erlenda gesti þingsins velkomna.

Lizette Risgaard, varaforseti danska Alþýðusambandsins, flutti eftirfarandi ræðu fyrir hönd erlendu gestanna. Ræða var þýdd af dönsku yfir á íslensku.

Ávarp varaforseta danska alþýðusambandsins

„Ágætu þingfulltrúar,

það er mér sannur heiður að ávarpa þing Alþýðusambandsins og færa kveðju frá erlendum gestum. Allir vinir ASÍ vilja senda þinginu okkar bestu baráttukveðjur.

Öll vitum við, að Ísland hefur gengið í gegnum erfiða tíma og djúpa efnahagskreppu á afstöðnu kjörtímabili. Allir hafa fundið fyrir afleiðingum kreppunnar í vinnu og

daglegu lífi. Íslendingar hafa þó verið heppnari en íbúar suður Evrópu. Í ykkar tilfalli viðurkenndi Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn að það væri enginn lausn fólgin í því að skerða lífskjör hinna verst settu, það sem hagfræðingar kalla að viðhalda efnahagslegum stöðugleika. Ég tel að það sé von okkar allra, að fljótt takist að yfirstíga afleiðingar kreppunnar svo snúa megi aftur að sköpun hagvaxtar og aukningar lífskjara á Íslandi.

Því miður finna Íslendingar áfram fyrir kreppunni, sem nú geisar á meginlandi Evrópu. Þaðan fáum við dapra mynd af hnignandi efnahagi, og atvinnuleysi sem eykst milli mánaða. Þetta á sérstaklega við um atvinnuleysi ungmenna sem ætti að vera okkur mikið áhyggjuefni – og það er svo sannarlega. Ef unga fólk þið nær hvorki að sækja sér menntun eða né atvinnu eru miklar líkur að þau muni aldrei fóta sig almennilega á vinnumarkaði.

Ég vona að formennska Svía í Norrænu ráðherranefndinni árið 2013, verði til þess að barist verði gegn atvinnuleysi á Norðurlöndum og í Evrópu. Væntanleg þríliða ráðstefna um atvinnumál ætti að geta lagt grundvöll að sameiginlegu átaki Norðurlandanna í þeim efnunum.

Norðurlöndin hafa ávallt sýnt að aðgerðir til að auka hagvöxt, efla lífskjör og velmegun. Aðhald og niðurskurður munu hinsvegar koma illa við félagsmenn okkar. Þetta verður þeim í framkvæmdastjórninni í Brussel brátt ljóst. Það hefur þó orðið nokkur hugarfarsbreyting innan Evrópusambandsins í kjölfar forsetakosninga í Frakklandi og kosninganna í Northrhein-Westfallen í Þýskalandi. Nú er hins vegar þörf á enn stærri viðbrögðum og verðum við öll að þrýsta á að aðgerðir sem auka hagvöxt hafi forgang.

Snúum okkur aftur að Íslandi, aftur að ykkur. Brátt þurfa Íslendingar að ákveða framtíðarsýn sína í Evrópumálum. Við fylgjumst með ákvörðun ykkar af miklum ákafa, en þetta er spurning sem einungis íslenska þjóðin getur svarað, án ytri afskipta.

ASÍ nýtur í dag virðingar sem samstarfsaðili innan Norrænnar og Evrópskrar verkalýðshreyfingar. Ég vil orða það á sama hátt og Barak Obama gerði, við bæði danska forsætisráðherrann og Jens Stoltenberg þegar hann sagði, „you hit above your weight“.

Ég og kollegum mínum hlakkar til frekara góðs samstarfs við ASÍ, bæði innan NFS, ETUC og annarra fjölþjóðlegra hreyfinga. Við metum mikils samstarfið og vinskap ykkar. Ég vona að þingið leggi góðan grunn að áframhaldandi starfi á næstu misserum. Með þessum orðum vil ég enn og aftur óska ykkur góðs og árangursríks þings."

Signý Jóhannesdóttir þakkaði varaforseta danska Alþýðusambandsins fyrir og bauð **Elínu Björgu Jónsdóttur** formann BSRB velkomna.

Elín Björg Jónsdóttir flutti eftirfarandi ræðu.

Ávarp formanns BSRB

„Ráðherra, forseti ASÍ, góðir áheyrendur.

Undanfarin ár, hafa verið íslensku þjóðinni afar erfið – tímar hafa einkennst af óvissu, óöryggi og samdrætti á öllum sviðum. Mjög hefur því reynt á launafólk og heimilin. Hlutverk samtaka launafólks hefur sjaldan verið jafn mikilvægt og það er í dag. Þær miklu þrengingar, sem samfélagið hefur staðið frammi fyrir, krefst ríkrar hagsmunagæslu.

Sú hagsmunagæsla, endurspeglast í sameiginlegri baráttu okkar á undanförunum árum, samhent höfum við staðið vörð, um þá sem lægstu launin hafa, staðið vörð um þá sem minnst mega sín og varið störfin eftir bestu getu. Þó ástandið hafi vissulega verið slæmt – og sé enn langt frá því að vera viðunandi – tel ég að launafólk og verkalýðshreyfingin hafi með sameiginlegu átaki, náð að milda áhrif efnahagslægðarinnar. Áhersla var skiljanlega lögð á að hlífa velferðarkerfinu eftir fremsta megni - á þeim miklu niðurskurðartímum sem í hönd fóru. Og án samstöðu verkalýðshreyfingarinnar, hefði okkur aldrei verið fært, að ná þeim árangri sem þó náðist í að verja velferðarkerfi landsins.

Vitanlega hefðum við viljað sjá velferðarkerfið enn sterkara og öflugra á þessum erfiðu tímum - en það er eitt af verkefnum morgundagsins – að styrkja heilbrigðis-, mennta- og tryggingakerfi landsins á ný – og sjá til þess að velferðarkerfið verði sannarlega það öryggisnet sem það á að vera. Framundan eru spennandi tímar, uppbygging samfélagsins, og tækifæri sem við verðum að nýta vel.

Velferðarsamfélag sem byggir á jöfnuði, réttlæti og jafnrétti er það samfélag sem við viljum byggja. En til að svo geti orðið verður atvinnulífið að fara í gang og það af fullum krafti. Ekki verður lengur haldið áfram á braut uppsagna, niðurskurðar, samdráttar og atvinnuleysis enda er mikilvægasta velferðarmálið að allir hafi atvinnu.

Þá þarf að tryggja heimilum landsins betri afkomu, með öryggi í húsnæðismálum og aukinn kaupmátt. Allt helst þetta í hendur – því með herra atvinnustigi aukast tekjurnar sem leiða af sér betra velferðakerfi, landsmönnum öllum til góða. Og í þessum verkefnum mun reyna á samstöðu verkalýðshreyfingarinnar. Abyrgð okkar er því mikil. Það er okkur öllum mikilvægt að jafnvægi sé á milli opinbera og almenna vinnumarkaðarins og samhent vinnum við að markmiðum okkar, með hagsmunir heildarinnar í huga. BSRB og ASÍ hafa aukið samstarf sitt á undanförunum árum. Með því meðal annars að setja á fót sameiginlegt metnaðarfullt forystufræðslunám fyrir stjórnir og starfsmenn aðildarfélaga.

Þar sem eitt af markmiðum er að efla þekkingu og fagmennsku starfsmanna og stjórnna aðildarfélaganna. Trúnaðarmannaskólinn hefur fyrir löngu sannað gildi sitt og hafa fjölmargir trúnaðarmenn útskrifast þar með 10 einingar á framhaldsskólastigi. Einnig hefur tekist að efla tengsl félagsmanna við stéttarfélög sín og efla tengslin á milli opinbera og almenna vinnumarkaðarins. Og er það vel. Samstaða er mikilvæg til að ná árangri, það eru gömul sannindi og ný. Samstöðu þarf til að veita stjórnvöldum aðhald, bæta kjör félagsmanna og auka ráðstöfunartekjur heimilanna. Og það eru fleiri stór verkefni framundan, sem vinna þarf að með samstilltu átaki. Útrýma kynbundnum launamun, útrýma hverskonar misrétti í okkar samfélagi og sjá til þess að allar vinnufúsar hendur hafi atvinnu við hæfi. Jöfnuður á að vera það sem við höfum að leiðarljósi í öllu því sem við tökum okkur fyrir hendur og aðeins þannig tekst okkur að byggja upp réttlátt samfélag.

Takmark okkar er, og verður alltaf, að berjast fyrir bættum hag launafólks og réttindum þeirra. Með samheldni og samstöðu verður verkalýðshreyfingin að byggja til framtíðar.

Ágætu félagar. Fyrir hönd BSRB vil ég þakka fyrir samstarfið á liðnum árum og óska ykkur velfarnaðar í störfum ykkar.

Takk fyrir mig."

Signý Jóhannesdóttir þakkaði formanni BSRB fyrir ræðuna. Því næst bauð hún formanni kjörbréfanefndar að gera grein fyrir álitni nefndarinnar.

Kjörbréfanefnd

Guðmundur Þ. Jónsson formaður kjörbréfanefndar gerði grein fyrir álitni nefndarinnar.

„Ágætu félagar.

Í samræmi við ákvæði 32. gr. laga Alþýðusambandsins skipaði forseti ASÍ eftirtalda í kjörbréfanefnd vegna þings sambandsins, 17. – 19. október 2012: Guðmund Þ Jónsson, frá Eflingu, Ingibjörgu Ósk Birgisdóttur, frá VR og Ísleif Tómasson, frá RSÍ.

Kjörbréfanefnd kom saman til fundar mánudaginn 15. október til að fjalla um innkomin kjörbréf og verklag vegna sambandsþings ASÍ.

Í samræmi við 2. mgr. 30. grein laga ASÍ var landssamböndum og landsfélögum með beina aðild úthlutað alls 290 fulltrúum. Þá samþykkti miðstjórn ASÍ að úthluta tveimur aðildarfélögum sem ekki náðu inn fulltrúa á grundvelli 2. mgr. 30. gr. laganna einum fulltrúa hvoru skv. 4. mgr. 30. gr.

Samkvæmt ákvörðun miðstjórnar og úthlutun landssambanda innan ASÍ höfðu 54 aðildarfélög og deildir rétt til að senda 292 fulltrúa til þingsins. Einnig eiga stjórnarmenn í ASÍ-UNG, 9 talsins, rétt til setu á þinginu með full réttindi á grundvelli 5. mgr. 29. gr. laga ASÍ.

15. október höfðu 53 aðildarfélög og deildir sent inn kjörbréf vegna 292 fulltrúa á ársfundinn. Þá hefur ASÍ-UNG sent inn kjörbréf vegna 9 stjórnarmanna.

Kjörbréfanefnd hefur ákveðið að viðhafa eftirfarandi verklag á þinginu:

Í fundargögnum liggur frammi listi með nöfnum þeirra þingfulltrúa sem kjörbréfum hefur verið skilað fyrir, raðað eftir aðildarfélögum eða landssamböndum. Þar sem fulltrúar eru kjörnir af aðildarfélögum á grundvelli aðildar að landssambandi kann sama félag að vera með fulltrúa hjá fleiri en einu landssambandi.

Þá liggur einnig frammi listi yfir þær breytingar sem gerðar hafa verið frá upphaflegum kjörbréfum, þar sem varamenn hafa komið inn í stað aðalmanna.

Kjörbréfanefnd leggur til að kjörbréf í samræmi við framlagða lista verði öll samþykkt.

Ef það eru ábendingar sem þið viljið gera við samþykkt kjörbréf samkvæmt framangreindum lista er þess óskað að þið komið þeim á framfæri við starfsmann kjörbréfanefndar. Starfsmaður nefndarinnar er Halldór Grönvold og verður hann hér fram í anddyri til að taka við ábendingum.

Þá ber að geta þess að frá því kjörbréfanefnd kom saman 15. október hafa borist nokkrar óskir um breytingar, þar sem varamenn eru að koma inn fyrir aðalmenn vegna forfalla, og er verið að vinna úr þeim.

Gerð verður grein fyrir breytingu á kjörbréfum sem komið hafa fram við upphaf fundar á föstudag.“

Afgreiðsla kjörbréfa

Signý Jóhannesdóttir bar upp tillögu kjörbréfanefndar og var hún samþykkt samhljóða.

Kjör starfsmanna þingsins

Signý Jóhannesdóttir bar fram tillögu um Ásgerði Pálsdóttur stéttarfélaginu Samstöðu sem þingforseta og var tillagan samþykkt samhljóða.

Ásgerður Pálsdóttir tók við stjórn þingsins og bar fram tillögu um Stefaníu Magnúsdóttur frá VR og Kristínu Þóru Benediktsdóttur RSÍ sem varaþingforseta þingsins. Tillagan var samþykkt samhljóða.

Þingforseti bar fram tillögu um Halldóru S. Sveinsdóttur frá Bárunni stéttarfélagi og Svein Ingason FIT sem skrifara þingsins. Tillagan var samþykkt samhljóða.

Þingforseti gerði grein fyrir lista með framlögðum göngum

Þingforseti minnti á kvöldskemmtun á Hótel Íslandi á fimmtudagskvöldið.

Framsögur

Fluttar voru tvær framsögur um lífeyrismál

Árni Gunnarsson, fyrrverandi alþingismaður og formaður starfshóps um endurskoðun almennatryggingalaga.

Í upphafi gerði Árni grein fyrir þróun á þeirri vinnu sem hófst árið 2007 við að endurskoða lög um almennatryggingar, þar sem um langt árabil hafi verið rædd nauðsyn þess að endurskoða lögin, einfalda, gera gagnsæri og réttlátari og koma í veg fyrir víxlverkanir. Nefnd skilaði tillögum sem urðu tilefni nokkurra breytinga á lögum árið 2008. Til að ljúka þessari endurskoðun var skipaður vinnuhópur í apríl 2011 með fulltrúum stjórnmalaflokkanna og fulltrúa Landssambands eldri borgara, Öryrkjabandalagsins og þroskahjálpar. Í byrjun þessa árs var ákveðið að fá til starfa með nefndarmönnum fulltrúa atvinnulífsins, þ.e. ASÍ, SA, BSRB og samtök opinberra starfsmanna.

Hann lagði áherslu á að endurskoðunin byggi á þeim grunni sem nú er í núverandi tryggingakerfi þ.e. tveggja stoða kerfi, þar sem einstaklingar á vinnumarkaði greiði og safni réttindum í lífeyrissjóðakerfinu, en almennatryggingar veiti viðbótar lágmarkstryggingarvernd þeim sem þurfa á að halda. Sérstök áhersla skal þó vera á að almennatryggingar veiti áfram lágmarkstryggingavernd vegna elli og örorku.

Árni sagði að aðkoma fulltrúa atvinnulífsins í starfshópinum hafi verið mikilvæg fyrir vinnuna þar sem þeir væru með mikla og góða þekkingu og reynslu í málaflokkunum og greitt götuna til góðrar niðurstöðu. Einnig sagði hann að ríkur vilji allra, að árangur næðist, hafi verið grunnur í farsælu samstarfi og frumvarp verði lagt fram á Alþingi innan skamms um grundvallarbreytingar á bótakerfinu vegna ellilífeyris.

Markmið breytinganna, sagði hann, er að þær tillögur sem settar eru fram séu einfaldar og gagnsæjar. Tillaga starfshópsins gerir ráð fyrir því að í fyrsta áfanga verði bótaflokkarnir ellilífeyrir, tekjutrygging og heimilisuppbót sameinaðar í einn; ellilífeyrir. Einnig er gert ráð fyrir að skerðing framfærsluuppbótar vegna tekna lækki úr 100% í 80%. Skerðingarhlutfallið verði síðan lækkað í áföngum uns 45% markinu verði náð og þá standi aðeins einn bótaflokkur eftir; ellilífeyrir.

Árni sagði að lækkan skerðinga væri líklega mikilvægasti þáttur tillögunnar. Á sama tíma og rétt er um að lífeyrissjóðirnir taki smátt og smátt við stærra hlutverki í greiðslu eftirlauna, þá geti það vart verið skynsamlegt, að það ástand ríki að einstaklingur sjái ekki hag sinn í því að greiða í lífeyrissjóð. Því er lagt til að dregið verði úr fyrrnefndum skerðingum og þær aflagðar á 4 árum. Þessi breyting ætti að verða til þess að fleiri sjái hag sinn í því að greiða í lífeyrissjóð. Ennfremur sagði hann að líkur væri hér að lífeyrisþegar munu kjósa í auknum mæli að hefja töku lífeyris úr lífeyrissjóðum, þar sem það muni hafa beinan ávinning í för með sér, jafnframt ætti að draga úr útgjöldum almennatrygginga og því orðið allra hagur.

Hann sagði einnig frá því að nú sé til skoðunar að skilyrða umsókn um lífeyri úr almennatryggingum við það að samhliða sé sótt um lífeyri frá lögbundnum lífeyrissjóði. Þannig sé komið í veg fyrir að einstaklingur geti notið meiri réttar úr almennatryggingum eingöngu með því að fresta töku lífeyris úr lífeyrissjóði. Enda hafi það verið markmið með

lögfestingu lífeyrissjóðakerfisins að það taki við sem meginstoð vinnandi fólks við lífeyrisaldur.

Kostnaður ríkissjóðs við lögleiðingu frumvarpsins, sem byggir á þessari tillögu, er umtalsverður, sagði Árni en á móti kemur að í farvatninu er fullnustu samningar og loforð sem falla að þessum breytingum og nýtast að hluta til að lækka útgjöld ríkissjóðs.

Hanni benti á að þegar rætt væri um aukinn þátt lífeyrissjóðanna í greiðslu eftirlauna á næstu árum og áratugum væri rétt að hafa í huga hið stóra verkefni, sem er, hvernig bregðast skuli við stöðugt hækkandi meðalaldri íbúa í vestrænum samfélögum. Í Evrópu mun meðalaldur karla hækka um 7 ár fram til ársins 2050 og hjá konum verður hækkunin 6 ár. Á sama tíma mun meðalaldur karla hér á landi hækka um 6 ár og kvenna um 4,3 ár. Árni sagði að staða okkar gagnvart mikilli fjölgun eldri borgara væri um margt góð og þar vegi þyngst tiltölulega traust lífeyrissjóðakerfi og mikil atvinnuþátttaka eldri borgar.

En til að takast á við þessar breytingar á lengingu meðalævinnar, sagði hann að nokkrar leiðir væru nefndar. Að seinka lífeyristöku með því að lengja starfsaldur og stuðla að sveigjanlegum starfslokum, eða að reyna að draga úr fjölgun öryrkja með áherslu á starfsendurhæfingu og starfsgetumats. Einnig er talað um að aðlaga lífeyrisréttindi að breyttum lífslíkum og hagvexti viðkomandi þjóðar og þá jafnvel með rýrnun lífeyrisréttinda. Að lokum nefndi hann að rætt væri um hækkun iðgjalda til lífeyris eða skattahækkanir.

Hann sagði að verkefni starfshópsins hafi ekki eingöngu verið um að fjalla um ellilaun. Þrír undirhópar væru að störfum sem fjölluðu um bætur til foreldra fatlaðra og langveikra barna, barnatryggingar og starfsgetumat.

Mikilvægt er að hans mati að horfa nokkra áratugi fram í tímann þegar fjallað er um þróun íslenska tryggingakerfisins. Það þarf að reikna fjárbörf kerfisins fram í tímann, hvaðan fjármagnið eigi að koma og hvaða áhrif ört stækkandi hópur eldri borgara hefur á kerfið. Einnig er mikilvægt að tryggja trausta og góða samræðu á milli ríkisvaldsins, aðila vinnumarkaðarins og lífeyrissjóðanna. Einnig nefndi hann starfsgetumat, fjölskyldubætur, barnatryggingar, einkum til að koma í veg fyrir fátækt barnafjölskyldna.

Að lokum sagðist Árni geta fullyrt að vinna starfshópsins muni þegar upp er staðið skila meiri jákvæðum breytingum og endurnýjun almannatryggingakerfisins en dæmi eru um og þakkar hann því einlægjum vilja allra fulltrúa og starfsmanna starfshópsins til að komast að skynsamlegri niðurstöðu.

Gunnar Björnsson, skrifstofustjóri starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins og formaður nefndar um samræmingu lífeyrisréttinda.

Gunnar sagði frá því að nefnd aðila vinnumarkaðarins hafi verið sett á stofn í framhaldi undirritunar stöðugleikasáttmálans árið 2009 og að hún væri búin að funda mjög oft og halda tvær ráðstefnur um málefnið. Hann sagði að því væri ekki að leynd að þó samstaða væri í nefndinni sem fjallaði um framtíðarfyrirkomulag lífeyrissjóðanna um markmið vinnunnar væru hugmyndir að leiðum mismunandi. Því næst fór hann yfir helstu forsendur framtíðarlífeyrissjóðakerfisins sem eru lífeyrissjóðirnir ásamt almannatryggingum og séreignasparnaði. Mikilvægi lífeyrissjóðakerfisins eykst með breyttri aldursamsetningu þjóðarinnar, eins og fram kom í máli Árna og því mikilvægt að huga að samspilinu við almannatryggingakerfið sagði Gunnar.

Það eru nokkur atriði sem aðilar eru sammála um að gengið sé út frá þegar fjallað er um framtíðarlífeyrissjóðakerfið, og er þar helst að nefna að skylduaðildin byggir á kjarasamningum, það sé sama iðgjaldaprósenta fyrir alla og sams konar réttindaávinnsla, þ.e. að hún er aldurstengd. Samtryggingarforsendur eru mikilvægar, lágmarkstryggingavernd og sömu bótaflokkar.

Hann fjallaði um sjálfbærni kerfisins, mikilvægi þess að hver kynslóð standi undir eigin réttindum og ávöxtun þeirra. Þá sagði hann að hugtakið *sjálfbærni* væri kvikt hugtak og því nauðsynlegt að staldra við og huga að því hvernig það er skilgreint. Alþjóðabankinn skilgreinir hugtakið, með tilliti til lífeyrissjóða, að sjálfbært kerfi sé fjárhagslega vel statt og það sé unnt að viðhalda því um fyrirsjáanlega framtíð miðað við skynsamlegar forsendur. Gunnar lagði áherslur á að þegar væri talað um skynsamlegar forsendur, þá væri óhjákvæmilega alltaf einhver óvissa þegar fjárfest væri fram í tímann, fram í óvissa framtíð. Því þarf að byggja inni kerfið sveigjanleika, sagði Gunnar, ennþá ætti eftir að taka nánar þá umræðu í nefndinni hvar sá sveigjanleiki ætti að vera og hve mikill.

Hann sagði ennþá mörg álitamál og vangaveltur í gangi hjá nefndinni s.s. inngreiðslutímabilið, ávöxtunarviðmið, lífslíkur, lífeyristökualdur og ekki síst stærð og samsetning sjóðanna. Því væri mikilvægt að byggja ákvarðanir á rannsóknum. Rannsóknir eru mikilvægar sagði hann, hvaða fræðilegu forsendur og hvaða staðreyndir eru til staðar, það er grunnur sjálfbærinnar sagði hann að lokum.

Framsaga um nýsköpun

Þorsteinn Ingi Sigfússon prófessor og forstjóri Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands

Í upphafi máls sagði Þorsteinn frá Nýsköpunarmiðstöð Íslands - NMÍ tilurð hennar og markmiðum. Grunnhlutverk NMÍ er að styrkja samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs og auka lífsgæði í landinu m.a. með því að miðla þekkingu og veita stuðningsþjónustu fyrir frumkvöðla og sprota- og nýsköpunarfyrirtæki, ásamt því að stunda tæknirannsóknir, þróun, greiningar, prófanir, mælingar og vottanir.

Hann fjallaði um tækifæri í umhverfisvá nútímans út frá þeirri forsendu að umhverfisvá nútímans væri tengd auknu kolefnisfótspori mannsins. Hann sýndi með myndrænum hætti hvað fótsporið þýðir, hvert það leiðir og hvað er til ráða.

Flugvél flýgur frá New York til Íslands yfir Grænland, á þessu ferðalagi brennur flugvélin eldsneyti sem er samansett úr keðjum af kolvetnum og útskýrði hann hvernig þetta kolvetni breytist, og hefur áhrif á andrúmsloftið og samspil sólarljós og Grænlandsjökuls sem verður til þess að auka bráðnun jökulsins. Að lokum benti hann á að í þessu tilbúna dæmi þá væri ekki aðeins fólk í flugvélinni frá New York heldur einnig ávextir og grænmeti sem færu beint í búð á Íslandi.

Að meðaltali er flugvélin að sleppa út um 20 kg CO₂ fyrir hvert kíló af ávöxtum. Þetta er kallað kolefnisfótspor í flutningum. Hæst er það í flugi, töluvert lægra í skipaflutningum og hækkar eftir því sem flutt er lengri leiðir.

Þá svaraði Þorsteinn spurningunni „Hvernig getum við minnkað kolefnisfótsporið?“ t.d. með að nota rafmagnsbíla, vetni- og metanbíla, búa til gervieldsneyti úr CO₂. Með því að hremma CO₂ með gróðri eða öðrum jarðfræðilegum aðferðum og ekki síst að efla innlenda ræktun ávaxta og grænmetis.

Þá fjallaði hann um fiskveiðar og kolefnisfótspor fiskveiða sem er mismikið. Hann benti á að þegar togari togar troll verður mikið núningsviðnám í sjónum og skipsvélin brennir miklu eldsneyti. Fótsporið er oft nálægt tonni af CO₂ á hvert tonn af lönduðum fiski. Verið er að vinna að nýsköpun þar sem veitt er með ljósneti í stað trolls. Ljósnetið er léttara og hefur ekki sama núningsviðnám og trollið og þ.a.l. minna kolefnisfótspor.

Þorsteinn sagði að sjálfbærni ógnaði ekki störfum, þvert á móti getur hún oft skapað ný störf og oftast á heimavelli. Sjálfbær störf eru mörg í sýn okkar á framtíðina, sagði hann, til verða ný störf s.s. við eldsneytisgerð, ræktun, fiskveiðar- og fullvinnslu. Einnig eru mörg tækifæri fyrir tæknifólk sem vinnur að umbreytingunni yfir í grænni framleiðslutækni.

Að lokum sagði hann að græna hagkerfið kallaði á SiðVist en í heimi SiðVistar upplýsa fyrirtækin um mengun og mengunarvarnir og aðferðir til þess að bæta úr þeim. Kolefnisfótsporið er þekkt hugtak í græna hagkerfinu og samtalið milli starfsmanna og viðskiptaaðila er opið og gegnsætt. Heimur SiðVistar byggir einnig á sambýli við aðra t.d. stóriðjuna, þar sem úrgangsefni í einu kerfi eru hráefni í öðru ferli og í framtíðinni verður ekki til það fyrirtæki sem ekki verður á einhvern hátt grænt.

Framsaga um húsnæðismál

Katrín Ólafsdóttir lektor við viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík

Katrín fjallaði um áskoranir í húsnæðismálum og sagði að í íslensku samfélagi væri frekar hvati til að eiga húsnæði en að leigja. Niðurgreiðslur vaxtarbóta að hálfu hins opinbera væru meiri en húsaleigubætur. Það eru ákveðnir hópar sem eiga erfitt með að fjármagna eigið húsnæði sagði hún bæði ungt fólk, fatlaðir og þeir efnaminni. Hún taldi að það væri ákveðið ójafnvægi á markaðinum, mikið af húsnæði í byggingu, e.t.v. hálfklárað og íbúðalánasjóður ætti í dag u.þ.b. tvö þúsund íbúðir. Á hinn bóginn vantaði litlar íbúðir og þá ekki síst leiguíbúðir.

Katrín telur að stærsta hagsmunamál þeirra sem huga að fasteignafjárfestingu sé að það þurfi meiri og nákvæmari gagnasöfnun. Fasteignakaup eru líklega stærsta fjárfesting sem einstaklingurinn fer í á lífsleiðinni og hún telur að það vanti gögn og upplýsingar fyrir þá sem huga að slíkri fjárfestingu.

Hún spyr hvort hægt sé að lækka húsnæðiskostnaðinn? en segist ekki hafa svar við þeirri spurningu. Það eru strangar byggingareglugerðir hér á landi og líklega hafa þær áhrif á byggingarkostnaðinn. Það þurfi að koma samkeppni frá leigumarkaðinum segir Katrín, en hann sé svo lítill að hann hefur ekki áhrif á fasteignamarkaðinn almennt. Til að hægt sé að bjóða upp á hagkvæma langtímaleigu og það öryggi sem því fylgir þurfi stór leigufélagi og stærð markaðarins hér á landi sé ekki nægjanlegur til að standa undir stóru leigufélagi. Einnig er krafa um að leiguhúsnæði þarf að vera miðsvæðis og húsnæði miðsvæðis er yfirleitt dýrara en í úthverfum.

Hún segir að vaxtarbætur og húsnæðisbætur séu á valdi hins opinbera og þar sé tekist á um leiðir, hvernig á að útfæra breytingar, viljinn sé fyrir hendi en útfærslan ekki. Stærðarhagkvæmnin skiptir máli í því tilliti, við búum við lítinn gjaldmiðil í litlu landi þar sem vextir eru hærri en í þeim löndum sem við miðum okkur við.

Búið er að tala illa um verðtrygginguna undanfarið, hún hefur sína kosti þar sem hægt sé að dreifa hækkunum og verðlagi yfir langt tímabil en á sama tím er eðlilegt að bjóða einnig upp á óverðtryggð lán. Enn og aftur ítrekar Katrín mikilvægi þess að upplýsingar liggi fyrir og það sé nauðsynlegt að lántaki skilji kosti og galla hvors um sig og því sé sjálfstæð ráðgjafarþjónusta nauðsynleg.

Að lokum sagði Katrín að húsnæði væri dýrt og ákveði hluti fólks hefði ráð á því að kaupa og greiða húsnæði á sinni lífstíð, en það væri líka annar hópur, hópur sem þarf aðstoð, en í hvaða formi? Hún skildi þingfulltrúa eftir með þessa spurningu.

Klukkan 12:45 var gert hádegishlé.

Klukkan 13:30 var þingi framhaldið.

Þingforseti kynnti þrjá örfyrirlestra sem haldnir verða fimmtudaginn 18. nóvember kl. 13:00 – 13:30.

Katrín Baldursdóttir lauk mastersverkefni í atvinnulífsfræðum í vor sem fjallar um áhrif hnattvæðingar á þróun verkalýðshreyfingar á Íslandi og annarsstaðar. Hún gerði rannsókn

hér á Íslandi og talaði við 10 verklyðsleiðtoga um viðfangsefnið. Slík rannsókn hefur ekki verið gerð áður hér á landi, en Katrín hlaut styrk úr Minningarsjóði Eðvarðs Sigurðssonar.

Jökull Sigurðsson, framkvæmdastjóri Skólavefsins kynnir nýjan náms- og fræðsluvef sem ber heitið **Námstorg.is** - Þetta er samvinnuvefur Skólavefsins og Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks, LÍV og VR, til minningar um Ingibjörgu R. Guðmundsdóttur fyrrverandi formann LÍV og varaforseta ASÍ. Vefurinn er hugsaður fyrir alla þá sem vilja bæta við sig námi og þekkingu, hvort heldur í þeim tilgangi að styrkja stöðu sína á vinnumarkaði eða auka lífsgæði almennt.

Þórhildur Þorleifsdóttir, leikstjóri og **Þorvaldur Gylfason** prófessor ræða um þau ákvæði stjórnarskrárinnar sem fjalla um félagafrelsisákvæðið og ákvæðin er varða grundvallar mannréttindi, velferðarþjónustu, menntun og atvinnu.

Lagabreytingar /1. umræða

Sigurður Bessason fulltrúi SGS í skipulags – og starfsháttanefnd ASÍ, hafði framsögu á frumvarpi miðstjórnar til breytinga á lögum og reglugerðum ASÍ, ásamt kynningu á innsendum tillögum um lagabreytingar.

Sigurður gerði fyrst í stuttu máli grein fyrir aðdragandanum að frumvarpinu og helstu breytingum sem í því fælust. Í fyrsta lagi væri gerð tillaga um að orðið „landssambönd“ kæmi inn í 2. mgr. 5. gr. en það hafi greinilega fallið niður við frágang laga ASÍ. Í öðru lagi væri lagt til að aðildarfélögum yrði heimilt að ákvarða lengd kjörtímabils stjórnar og trúnaðarráðs í allt að fjögur ár í stað tveggja. Bætti Sigurður við að tillaga þessi væri komin fram að beiðni VM. Í þriðja lagi væri gerð tillaga um að miðstjórn í stað sambandsþings samþykkti reglugerð fyrir skrifstofu ASÍ. Í fjórða lagi væri lagt til að ungliðahreyfing ASÍ sbr. 5. kafli laganna, skyldi nefnast í lögum ASÍ, ASÍ-UNG í stað ASÍ-UL. Í fimmta lagi væri gerð tillaga um orðið formenn félli út úr 2. mgr. 39. gr., enda væri ljóst að það væru ekki eingöngu formenn sem sætu þessa fundi. Í sjötta lagi væru lagðar til breytingar á reglugerð fyrir starfsemi skrifstofu ASÍ, á þá leið að þar sem áður stóð ársfundur skyldi nú standa sambandsþing, auk þess sem skipuriti yrði breytt á þá leið að útgáfumál og auglýsingar heyrðu nú undir nýstofnaða deild upplýsinga- og kynningarmála.

Því næst gerði Sigurður grein fyrir nokkuð umfangsmiklum breytingartillögum á reglugerð um Listasafn ASÍ. Í fyrsta lagi væri gerð tillaga um að það sem áður hafi staðið í 2. gr. reglugerðarinnar um eignarhald og yfirstjórn safnsins, skyldi nú færast yfir í 1. gr. Í öðru lagi væri lagt til að í reglugerðinni yrði mælt fyrir um að safnið starfaði skv. gildandi safnalögum og siðareglum ICOM (Alþjóðaráðs safna, International Council of Museums). Í þriðja lagi væri lagt til að í 4. gr. reglugerðarinnar kæmi ný málsgrein þar sem yrði mælt fyrir um að allur ágóði af starfi safnsins rynni til þess sjálfs. Í fjórða lagi væri gerð tillaga um að orðið ársfundur félli út úr 4. mgr. 4. gr. Í fimmta og síðasta lagi væru svo lagðar til ýmsar smávægilegar breytingar á reglugerðinni um brottfall á notkun orðsins ársfundur úr reglugerðinni auk þess sem lagt væri til að í reglugerðina kæmi ákvæði sem mælti fyrir um að ef safnið yrði lagt niður skyldi safnkosturinn renna til sambærilegrar stofnunar.

Að þessu loknu gerði Sigurður grein fyrir tillögu ASÍ-UNG og umsögn miðstjórnar um breytingar á 29. gr. laga ASÍ. Væri lagt til að tillaga ASÍ-UNG yrði samþykkt af þinginu með smávægilegum breytingum þó um að aukafulltrúar á þingi ASÍ-UNG yrðu kostaðir þangað af aðildarfélögunum sjálfum auk þess sem þeir hefðu aðeins málfrelsis- og tillögurétt. Sigurður gerði því næst grein fyrir umsögn miðstjórnar um tillögu stjórnar og trúnaðarráðs VLFA um beinar kosningar forseta félagsmanna allra aðildarfélaga og bauð svo að lokum Vilhjálmi Birgissyni, Verkalýðsfélagi Akraness að gera grein fyrir tillögunni.

Vilhjálmur Birgisson, Verkalýðsfélagi Akraness, gerði grein fyrir tillögu stjórnar og trúnaðarráðs VLFA um breytingu á 33. gr. laga ASÍ á þá leið að forseti ASÍ skyldi frá og með árinu 2014 vera kosinn í beinni kosningu allra félagsmanna aðildarféлага ASÍ í stað 2-300 þingfulltrúa. Vilhjálmur rakti þau sjónarmið sem að baki stæðu tillögunni. Sagði hann að umræðan í þjóðfélaginu væri á þá leið að sífelld auknar kröfur væru gerðar til aukins lýðræðis og það að kjósa forseta ASÍ beinni kosningu væri svar við því ákalli. Vitnaði Vilhjálmur tillögunni til stuðnings í skoðanakönnun frá Capacent þar sem 88% þeirra sem tóku afstöðu svöruðu því játandi að þeir vildu að forseti ASÍ væri kjörinn með beinni kosningu félagsmanna aðildarféлага. Deildi Vilhjálmur jafnframt á þá lagabreytingartillögu að félögum væri heimilt að kjósa forystu sína til allt að fjögurra ára í senn. Taldi hann þetta vera ólýðræðislegt skref og sagði að forysta verkalýðsféлага ætti ekki að þurfa að óttast það að endurnýja umboð sitt á tveggja ára fresti.

Þingforseti gaf orðið laust.

Sævar Örn Kristjánsson, VM, sagði að í ljósi gagnrýni Vilhjálms á tillögu VM um lengingu kjörtímabils forystu aðildarféлага, taldi hann sig knúinn til þess að gera grein fyrir forsendum hennar. Hann sagði að við samruna tveggja féлага í VM á sínum tíma hafi komið í ljós vilji til þess að lengja kjörtímabil til að menn fengju meiri tíma og frið til að sanna sig í embætti. Þetta væri eðlilegt í ljósi umfangs starfseminnar og hann taldi að félögin sjálf ættu að hafa þetta ákvörðunarvald innan ákveðinna marka þó, og fjögurra ára kjörtímabil væri ekki óeðlilegt lengd. Að lokum sagði hann að ekki væri verið að draga úr lýðræði með að leyfa aðildarfélögum innan ASÍ að velja sjálf hvort þau kysu forystu til tveggja eða fjögurra ára.

Finnbjörn Hermannsson, Byggið, sagðist fagna allri umræðu sem snéri að lýðræði í aðildarfélögunum. Hann teldi þó heppilegast að nálgast þessi lýðræðismál heildstætt, alveg niður í grunneiningarnar. Eðlilegt væri að velta fyrir sér hvaða fyrirkomulag væri heppilegast til að þjóna lýðræðinu og nefndi álitamálið um beina kosningu eða listakosningu sem dæmi um umræðu sem þyrfti að taka. Hann hvatti jafnframt til þess að tækifærið yrði notað, og gerði að tillögu sinni að skipuð yrði millipinganefnd sem færi í heildarúttekt á lýðræði í verkalýðshreyfingunni og lífeyrissjóðum. Sagðist Finnbjörn jafnframt telja að leiða þyrfti hugann að því hversu lengi forystumenn ættu að fá að sitja, þ.e. hvort eðlilegt væri að hafa hámarkstíma í forystu.

Sverrir Albertsson, AFLi Starfsgreinafélagi, vakti athygli á því að fulltrúalýðræði eins og það sem væri við lýði í ASÍ, væri ekkert nýtt af nálinni. Taldi hann að ef taka ætti upp á því að kjósa forseta ASÍ í beinni kosningu félagsmanna allra aðildarféлага þyrfti að fara alla leið og kjósa beint til þings, stjórnar verkalýðsféлага o.s.frv. til að tryggja samræmi. Að endingu vildi Sverrir vekja athygli þingfulltrúa á því að beinar kosningar væru oft í klóm fjölmiðla og peningaveldis. Sagðist Sverrir telja með vísan í fyrrgreint að bein kosning á forseta ASÍ gætu leitt af sér mjög óábyrga kosningabaráttu sem væri engum til framdráttar. Þetta væri eitthvað sem þyrfti að hugleiða og vildi hann hvetja þingfulltrúa til að leiða hugann að því t.d. hvernig lífeyrissjóðir landsins hefðu farið ef peningaöflin hefðu komist til valda þar árið fyrir hrun í krafti beins lýðræðis.

Ólafur Pétursson, Verkalýðsfélaginu Hlíf, sagðist telja það ljóst að einhverju þyrfti að breyta í verkalýðshreyfingunni. Sagði hann að enginn áhugi væri í félögum lengur og ef að tillaga Vilhjálms gæti hugsanlega breytt því, þá taldi hann sjálfsagt að skoða það. Varðandi lagabreytingartillögu er varðar ASÍ-UNG sagði Ólafur að hann væri á móti því að hreyfingin yrði sundruð. Hann sagði að ef stofna ætti ungliðahreyfingu innan ASÍ ætti líka að stofna öldungahreyfingu sem gæti þá heitið ASÍ-ÖLD.

Vilhjálmur Birgisson, Verkalýðsfélagi Akraness, gerði grein fyrir fyrirkomulagi kosninga hjá VLFA. Hann sagði að ASÍ hafi tekið yfir rekstur félagsins á sínum tíma, þ.e. árið 2003, enda hafi það verið óstarfhæft vegna átaka. Það hafi svo verið skipulags- og

starfsháttanefnd ASÍ sem hafi komið á fyrirkomulaginu um listakosningu en áður hafi verið notast við beinar kosningar. ASÍ hafi eins og áður sagði farið með stjórn félagsins um tíma og þá hafi þetta verið ákveðið til að fá hreinar línur í félaginu um hver væri vilji fólksins.

Ragnar Þór Ingólfsson, VR, fjallaði um breytingartillöguna um heimildina á lengingu á kjörtímabili stjórnar aðildarféлага. Sagðist telja tvö ár ágætan hámarkstíma, og nefndi sem dæmi að hann hefði líklegast ekki gefið kost á sér á sínum tíma til trúnaðarstarfa fyrir VR, ef kjörtímabilið hefði verið lengra en tvö ár. Sagðist Ragnar styðja tillögu VLFA um beina kosningu forseta ASÍ og hvatti aðra til að gera hið sama, enda liti hann sem félagi í verkalýðshreyfingunni svo á að forseti ASÍ talaði fyrir sína hönd og því væri mikilvægt að hann hefði það sterkt umboð sem fengist með beinni kosningu. Að endingu vildi Ragnar bregðast við ummælum Sverris Albertssonar um hvaða afleiðingar beinar kosningar hefðu haft á stöðu lífeyrissjóðanna, þá sagði hann að það væri ekkert sem styddi þá fullyrðingu Sverris, þeir hafi hvort eð er verið tæmdir innan frá og ekki hafi verið hægt að fara verr með þá peninga en gert var fyrir hrun.

Gylfi Arnbjörnsson, VR vildi vekja sérstaka athygli á lagabreytingum varðandi ASÍ-UNG. Hvatti hann alla þingfulltrúa til að styðja þær lagabreytingartillögur. Sagði hann að vel heppnað nýafstaðið þing ASÍ-UNG hafi ályktað um þessar breytingar og væru þingfulltrúar hvattir til að sýna ungliðunum stuðning í verki. Gylfi sagðist fagna tillögu Ólafs um stofnun ASÍ-ÖLD, enda hafi hann lengi verið talsmaður þess að aðildarfélög leiddu hugann sérstaklega að málefnum félagsmanna sem væri horfnir eða að fara að hverfa af vinnumarkaði. Vék Gylfi því næst að umræðunni um lagabreytingartillöguna er varðar lengingu á kjörtímabili stjórnar aðildarféлага og vildi hann áréttta það að einungis væri þarna verið að búa til heimild. Ekki væri verið að skikka aðildarfélög til að lengja kjörtímabil stjórnar sinnar heldur væri einungis verið að skapa aðilafélögum eðlilegt svigrúm til að ráða þessum málum sjálf. Gylfi sagði að sín skoðun væri að félögin sjálf ættu að ráða hvernig þau höguðu sínu lýðræði og skilgreiningu á því en sjálfsagt væri að skoða þau mál nánar og velta við öllum steinum til að tryggja framgang lýðræðis. Að endingu fjallaði Gylfi um tillögu VLFA um að kjósa forseta ASÍ í allsherjarkosningu félagsmanna og sagðist telja þann galla á henni að ef hún næði fram að ganga hefði forseti annað umboð en miðstjórn ASÍ og það gæti skapað ýmis vandkvæði. Langstærsti hluti þess umboðs sem verkalýðshreyfingin hefði væri kjarasamningsgerð og það umboð væri hjá félögunum sjálfum en ekki forystu ASÍ. Sagði Gylfi að þessi umræða hafi verið tekin fyrir tveimur árum, en honum þætti þó alveg sjálfsagt að taka hana aftur.

Aðalsteinn Baldursson, Framsýn, sagðist geta tekið undir það sem fram hafi komið hjá fyrri ræðumönnum um að taka ætti þessi mál til heildarendurskoðunar. Aðalsteinn sagði að forystunni bæri að hlusta á fólkið í landinu og fylgja eftir skoðunum þeirra. Hann sagði að innri málefni ASÍ væru of mikið feimnismál og því þyrfti að breyta og bætti því við að innri málefni og lýðræði félaga væri þeirra einkamál og það sem þau ákveddu ætti að vera þeirra mál. Sagði Aðalsteinn að á þinginu hefði staða og framtíð ASÍ þurft að vera sérstakur umræðuliður. Hann sagði að hreyfingin í heild þyrfti að taka sig á til að hífa upp almenningsálitið sem eins og fram hafi komið skrapaði botninn. Bót á því myndi aðeins nást með samstilltu átaki og heitum um að bregðast við vilja fólksins í landinu. Sagði Aðalsteinn að lokum að hann hlustaði á vilja fólksins, hann væri stuðningsmaður beins lýðræðis og því myndi hann styðja tillögu VLFA um breytingu á 33. gr. laga ASÍ.

Þingforseti gaf Sigurði Bessasyni, framsögumanni lagabreytingartillagnanna orðið á ný til að bregðast við fram komnum athugasemdum.

Sigurður Bessason, Eflingu-stéttarfélagi, sagðist ekki geta stutt tillögu VLFA. Helstu rökin fyrir skoðun sinni sagði hann vera þau að lögum samkvæmt færu stéttarfélagin sjálf með kjarasamnings- og verkfallsréttinn. Þau hafi svo sjálf valið sér samráðs- og samstarfsvettvang til að huga að sameiginlegum málum. Sagði Sigurður að þetta

endurspegladist jafnframt skýrlega í lögum ASÍ, þ.e. að ASÍ væri fyrst og fremst samráðsvettvangur 51 aðildarféлага en ekki eiginlegt stéttarfélag. Sigurður nefndi að strax við stofnun ASÍ árið 1916 hafi verið ákveðið að ASÍ yrði byggt upp á fulltrúalýðræðinu sem samráðsvettvangur, og að sagan sýndi að það skipulag hafi gefist vel. Hann sagði jafnframt að ef forseti ASÍ yrði kosinn beinni kosningu væri hans umboð ekki samráðsvettvangurinn skv. lögum ASÍ og hann þyrfti því ekki að taka tillit til þeirra með tilheyrandi árekstrum og vandkvæðum. Af þessu leiddi að samhliða umræðunni um hvernig kjósa ætti forseta ASÍ, væri óhjákvæmilegt að taka samhliða umræðuna um hvaða verkefni og hagsmunamál aðildarfélaganna ættu að vera á borði ASÍ. Að endingu sagði Sigurður að hann teldi að sagan sýndi sig að þetta fyrirkomulag sem hafi verið við lýði í allan þennan tíma hafi gefið af sér nákvæmlega þá leiðtoga sem samráðsvettvangurinn þurfti hverju sinni.

Vilhjálmur Birgisson, Verkalýðsfélagi Akraness, sagði að meginástæðan fyrir því að nauðsynlegt væri að ráðast í breytingar, væri einmitt sú þróun sem hafi átt sér stað innan ASÍ, þ.e. að ASÍ hafi í raun leitt kjarasamningsviðræðurnar með hinni svokölluðu samræmdu launastefnu. Hann sagði að ASÍ hafi m.a.s. skilað inn viðræðuáætlun til ríkissáttasemjara og vakti það furðu sína enda vissi hann ekki til þess að ASÍ hafi nokkurn tímann verið aðili að kjarasamningi. Að endingu sagðist Vilhjálmur vera þess fullviss að ef fólk í landinu yrði spurt um hver hafi leitt síðustu kjarasamningsviðræður, þá myndi það svara að það hafi verið ASÍ og forseti ASÍ.

Þingforseti vísaði fyrirbyggjandi þingskjölum um lagabreytingar til nefndarstarfs um lagabreytingar.

Lífeyrismál / 1. umræða

Gylfi Arnbjörnsson formaður lífeyris- og veikindaréttarnefndar ASÍ grein fyrir viðfangsefnum nefndarvinnu um lífeyrismál og þeim gögnum sem væru þar að baki.

Vilhjálmur Birgisson, Verkalýðsfélagi Akraness kynnti framkomna tillögu stjórnar og trúnaðarráðs VLFA þess efnis að umsamin 3,5% hækkun á lífeyrissjóðsiðgjöldum skyldi fara í séreignarsjóði frekar en sameignarsjóði. Rakti hann ítarlega forsendurnar sem lægju að baki tillögunni og fram koma í greinargerð með henni. Vilhjálmur sagði að hann teldi það blekkingarleik að segja að 3,5% hækkunin væri jöfnun á lífeyrisréttindum, staða opinberu sjóðanna væri það slæm að sú byrði myndi hvort eð er lenda á skattgreiðendum nema gripið væri til einhverra þeirra þriggja úrræða sem Fjármálaeftirlitið hafi lagt til í skýrslu sinni. Sagði hann að ekki væri raunverulega hægt að jafna lífeyrisréttindi öðruvísi en með því að almennir launþegar fengju einnig ríkisábyrgð á sinn lífeyri. Vilhjálmur fjallaði því næst ítarlega um slæma afkomu lífeyrissjóðskerfisins í heild sinni enda hafi það tapað 500 milljörðum í hruninu og talsvert vantaði af fjármagni í kerfið til að lagfæra tryggingarfræðilega stöðu þess. Vilhjálmur sagði að það þyrfti að tryggja að þessi hækkun rynni óskipt til launafólks í landinu í stað þess að það færi í þá „botnlausu hit“ sem samtryggingarkerfið væri. Eins og þetta liti út núna væri í raun verið að „lofa fyrst og skerða svo“, enda kæmi fram í undirbúnings gögnum að samhliða hækkuninni þyrfti hugsanlega á komandi árum að hækka lífeyrisaldur.

Þingforseti gaf orðið laust.

Ragnar Þór Ingólfsson, VR varpaði fram nokkrum spurningum í ljósi fjárfestingaþarfar lífeyrissjóðanna. Það er hvort í ljósi gjaldeyrishafta og slíks, væri skynsamlegt að hækka inngreiðslur enda væri það nánast ávísun á hinar ýmsu bólur. Hann vildi spyrja um raunverulegan ávinning af því að hækka og kvaðst setja spurningar við alla sjóðssöfnunina í ljósi þess að ekkert hafi verið sýnt fram á gildi þessa fyrirkomulags. Jafnframt vildi Ragnar spyrja hvort að þessi hækkun hefði áhrif á svigrúm til launahækkana og eins hvort að þetta

væri skynsamlegt þar sem síðasta iðgjaldahækkun upp á 20% hafi ekki skilað krónu til sjóðfélaga í réttindaaukningu. Rakti Ragnar ýmsar tölur og taldi að kerfið þyrfti á gagngerðri endurskoðun að halda áður en farið yrði að ræða um frekari sjóðssöfnun. Auka þyrfti gagnsæi og aflétta ríkjandi leyndarhyggju sem leiddi af sér viðvarandi spillingu. Sagði Ragnar að lokum að enginn lærdómur hafi verið tekinn af hruninu, hann teldi að kerfið muni hrynja og jöfnun lífeyrisréttinda væri í besta falli óskhyggja en líklegast í raun bara þráhyggja.

Guðbrandur Einarsson, Verslunarmannafélagi Suðurnesja, sagðist ekki vera sammála því sem fram hafi komið fyrr í umræðunni að forystumenn stéttarfélaga hafi afsalað sér kjarasamningsumboðinu. Í tilfelli verslunarmanna var samningsumboðinu framvísað til LÍV í fullu samráði við félagsmenn og þar ásamt öðrum félögum innan LÍV hafi verið unnið að kjarasamningagerð. Varðandi hækkun iðgjalda í lífeyrissjóð sagði Guðbrandur að sínir félagsmenn hafi samþykkt að aukaprósenturnar færu í samtryggingarsjóði því að ef allt framlag færi í séreignarsjóði væri verið að sjá á eftir samtryggingunni sem verkalýðshreyfingin ætti að standa vörð um.

Gylfi Arnbjörnsson, VR, sagði að allir ættu að þekkja gildandi kerfi við gerð kjarasamninga. Félagin ákveði sjálf með hvaða hætti þau vilja ganga til kjarasamninga og þau hafi falið ASÍ samningsumboð í ákveðnum málaflokkum, þ.á.m. lífeyrismálum og skv. vinnulöggjöfinni hafi ASÍ því borið að skila inn viðræðuáætlun til ríkissáttasemjara. Gylfi sagðist ekki halda því fram að umsamið viðbótarframlag í lífeyrissjóði jafnaði lífeyrisréttindi en það væri a.m.k. í þá áttina, enda væri ekki hægt að jafna réttindin nema bæta í sjóðina. Þessi barátta hafi staðið yfir yfir 50 ár og sagðist hann ekki reikna með því að henni lyki á einum degi, en baráttunni í þá áttina yrði haldið áfram þar til markmiðinu væri náð. Sagðist Gylfi fagna því að tölurnar um slæma stöðu opinberu sjóðina væru orðnar opinberar og hvatti alla til að halda þeim á lofti eins og Vilhjálmur hafi gert í ræðustól. Að lokum sagðist Gylfi vilja taka undir með Ragnari Þór Ingólfssyni um að auka þyrfti gagnsæi fjárfestinga og ítrekaði það jafnframt að ekki væri verið að slá tillögu VLFA út af borðinu heldur hafi miðstjórn lagt til að hún færi í nefndarstarfið sem umræðuskjal og þar með yrði þeim sjónarmiðum haldið á lofti ef vilji væri til í niðurstöðum hópavinnunnar.

Vilhjálmur Birgisson, Verkalýðsfélagi Akraness sagði að hann væri ekki einn um þá skoðun á meðal formanna aðildarfélaga að ASÍ hafi gengið of langt með samningsumboðið. Fjölmarginir væru sér sammála að heppilegra væri að viðbótarframlagið færi í séreignarsjóð fremur en í samtryggingarsjóð. Rakti Vilhjálmur því næst áður nefnd sjónarmið sín um slæma stöðu lífeyrissjóðanna og að fyrri aukningar á framlögum hafi ekki skilað neinni réttindaaukningu. Sagðist hann efa það að félagsmenn hefðu samþykkt þetta á sínum tíma ef þetta yrði raunin. Það sama væri í gangi núna bætti Vilhjálmur við, það ætti að lofa félagsmönnum því að viðbótarframlagið myndi þýða það að allir myndu fá sem nemur 76% af launum sínum þegar þeir kæmust á aldur, en bætti við að það væri ekki fótur fyrir þessu. Vilhjálmur sagði að lokum að hann teldi engan ávinning af því að greiða í lífeyriskerfið enda sýndu tölur frá FME það að meðaltals ellilífeyrisgreiðslur til karla væru um kr. 60 þúsund pr. mánuð og kr. 31 þúsund pr. mánuð hjá konum enda væri skerðingarhlutfallið króna á móti krónu.

Þingforseti vísaði fyrirliggjandi þingskjölum um lífeyrismál til nefndarstarfs um lífeyrismál.

Atvinnumál / 1. umræða

Signý Jóhannesdóttir formaður atvinnumálanefndar ASÍ gerði grein fyrir viðfangsefnum nefndarvinnu um atvinnumál og þeim gögnum sem væru þar að baki.

Þingforseti gaf orðið laus.

Engin hvað sér hljóðs og vísaði þingforseti fyrirleggjandi þingskjölum um atvinnumál til nefndarstarfs.

Húsnæðismál / 1. umræða

Sigurrós Kristinsdóttir formaður velferðarnefndar ASÍ gerði grein fyrir helstu umræðuskjali sem lagt var fram til umfjöllunar fyrir nefnd um húsnæðismál.

Vilhjálmur Birgisson, Verkalýðsfélagi Akraness, gerði grein fyrir innsendri tillögu VLFA um afnám verðtryggingar á neytendalán. Vilhjálmur taldi þetta eitt brýnasta hagsmunamál alþýðu landsins og rakti því til stuðnings ýmsar tölulegar upplýsingar um þau áhrif sem verðtryggingin hafi haft á skuldastöðu heimilanna í landinu. Sagði hann að skuldir heimilanna hafi hækkað um 60 milljarða á síðasta ári. Enda hafi komið fram að hátt í 50% íslenskra heimila væru tæknilega gjaldþrota. Upplýsti Vilhjálmur um skoðanakönnun sem framkvæmd var fyrir tilstilli Hagsmunasamtaka heimilanna þar sem fram kom að yfir 80% landsmanna voru fylgjandi afnámi verðtryggingar. Gagnrýndi Vilhjálmur mjög ríkjandi stjórnvöld fyrir að hafa ekki beitt sér fyrir því að verðtrygging á húsnæðislán yrði afnumin. Að endingu sagði Vilhjálmur að til viðbótar við framlagða tillögu um afnám verðtryggingar á neytendalán þyrfti þing ASÍ að krefjast þess að lög yrðu sett sem kvæðu á um hámarksvexti neytendalána til að bregðast við mögulegum vanda sem fylgi breytilegum vöxtum á húsnæðislán.

Guðni Gunnarsson, formaður ASÍ-UNG, kynnti innsenda tillögu sem var samþykkt á nýliðnu þingi ASÍ-UNG um húsnæðismál. Rakti Guðni tvær dæmisögur af ungu fólki sem í dag stæði frammi fyrir vaxandi óöryggi í húsnæðismálum. Bæði hefði aðgangur að lánsfé versnað til muna eftir hrun og jafnframt hefði stighækkandi leiga og vanþróaður leigumarkaður slæm áhrif á húsnæðisöryggi ungs fólks. Sagði Guðni að ungt fólk í dag væri í raun háð mikilli aðstoð frá foreldrum sínum þar sem að það væri svo dýrt að leigja af því að það er svo erfitt að kaupa, og að sama skapi væri svo erfitt að kaupa af því að það er svo dýrt að leigja. Þetta væri vítahringur sem þyrfti að brjóta á bak aftur og hvatti Guðni þingfulltrúa til að hugsa um unga fólk í nefndarstarfinu um húsnæðismál.

Þingforseti gaf orðið laust.

Vilhjálmur Birgisson, Verkalýðsfélagi Akraness, hvatti þingfulltrúa til að eiga enn frekari umræður um verðtryggingu neytendalána, fólk þyrfti ekki annað en að líta á greiðsluseðil húsnæðisláns síns til að sjá að lánið hafi hækkað um tæp 42% frá því árið 2008.

Þingforseti vísaði fyrirleggjandi þingskjölum um húsnæðismál til afgreiðslu í nefnd um húsnæðismál.

Stefanía Magnúsdóttir formaður kjörnefndar ASÍ minnti á kosningar þar sem kosið verður til allra trúnaðarstarfa hjá ASÍ á föstudaginn. Framboð þurfa að berast til formanns kjörnefndar á sérstökum eyðublöðum.

Önnur mál - Evrópu- og kjaramál / 1. umræða

Gylfi Arnbjörnsson, VR kynnti tillögu miðstjórnar um drög að ályktun um Ísland og ESB, þar sem fjallað er um aðildarumræður Íslands við Evrópusambandið.

Þingforseti gaf orðið laust.

Stefán Einar Stefánsson, VR sagði að skiptar skoðanir væru innan raða hreyfingarinnar um aðildarviðræður Íslands við ESB þar sem þetta væri mikið hagsmunamál og hann hefði

helst viljað að komið hefði til sérstakrar umræðu á þinginu um málið. Stefán Einar taldi forseta ASÍ hafa gengið of langt í umfjöllun um ESB og mögulega inngöngu þar inn. Kannanir sem gerðar eru til málsins með reglulegu millibili sýna að skoðanir eru skiptar sagði hann og að forysta ASÍ eigi að tóna niður umræðuna og láta hana frekar yfir á svið stjórnmalanna. Að lokum sagði hann að það ætti að gefa þjóðinni svigrúm til að vinna að þessu máli án þess að ASÍ stýrði umræðunni með afgerandi hætti.

Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir, AFLi Starfsgreinafélagi, kynnti drög miðstjórnar að ályktun um kjaramál.

Þingforseti gaf orðið laust.

Vilhjálmur Birgisson, Verkalýðsfélagi Akraness ræddi um samræmda launastefnu og taldi mikilvægt að þingið fjallaði um þá stefnu en hann sagðist hafa verið mótfallin samræmdri launastefnu þegar hún var ákveðin. Vilhjálmur sagði að staða atvinnugreina væru misjafnar og ekki hægt að setja allar atvinnugreinar undir sama hatt. Hann gagnrýni samrænda launastefnuna harðlega og taldi að með henni hafi forysta ASÍ tekið samningsumboðið af félögum sínum. Hann sagði að VLFA hafi ákveðið að draga sig til baka í samningsviðræðum þar sem ekki átti að taka tillit til stöðu útflutningsfyrirtækja í þessum samningum, s.s. stóriðju og fiskvinnslufyrirtækja. Því næst rakti Vilhjálmur söguna að baki kjarasamnings VLFA og Elkem. Hann sagði að samræmda launastefnan hafi orðið til þess að ekki hafi verið hægt að sækja meiri hækkunir til sjávarútvegsfyrirtækja fyrir fiskvinnslufólkið. Telur að það hafi verið sóknarfæri að sækja meira fyrir þann hóp, en vegna samræmdu launastefnunnar þá var ekki hægt að gera neitt. Vilhjálmur sagði einnig að meðan að almennt verkafólk hafi verið bundið innan klafa samræmdu launastefnunnar þá hafi forsvarsmenn fyrirtækja hækkað sín eigin laun um tugi þúsunda. Vilhjálmur lagði áherslu á að ekki mætti taka samningsumboðið af stéttarfélagunum og sagði að það mætti ekki gerast aftur að fámennur hópur taki svona afdrifaríka ákvörðun. Að lokum hvatti hann til þess að verkalýðshreyfingin lærði af reynslunni og láti þetta ekki endurtaka sig, það væri eðlilegra að spyrja félagsmennina beint um hvað þeir vildu gera.

Guðbrandur Einarsson, Verslunarmannafélagi Suðurnesja, sagði að samræmda launastefnan fæli í sér að menn teldu að betri árangur næðist saman en sundruð. Betra væri að tala einum rómi en mörgum. Hann sagði að með samræmdu launastefnunni hafi verulegum árangri verið náð í hækkun lægstu launa. Guðbrandur minntist þess að þegar gengi krónunnar var mjög sterkt og sjávarútvegsfyrirtæki hafi verið í veikri stöðu, þá hafi ekki verið tekin afstaða um það að skilja einhverja eftir sem áttu ekki innistæður fyrir launahækkunum. Samræmda launastefnan byggði á að fylgjast að og standa saman sagði Guðbrandur að lokum.

Sigurður Bessason, Eflingu-stéttarfélagi sagðist ekki getað tekið undir þau orð að samræmd launastefna væri slæm. Hann sagði að það hafi komið tímabil þar sem sóknarfærin hafi verið misjöfn eftir t.d. landshlutum og minntist þenslu á höfuðborgarsvæðinu í tengslum við Kárahnjúkavirkjun. Aldrei hafi það hvarflað að nokkrum manni, sagði hann að skilja einstaka hópa eftir eða horfa á einstaka landshluta. Hlutverk verkalýðshreyfingarinnar væri að tryggja að allir launamenn fái sambærilegar launahækkunir á hverjum samningstíma. Eftir efnahagshrunið, þá voru allir að borga tjónið hvaða starfi sem þeir gegndu, ekki eingöngu þeir sem unnu í útflutningsgreinum sagði Sigurður. Einnig hefur hreyfingin gert þá kröfu að tryggja jafna aðkomu að því sem er til skiptana, eða er kannski sá tími kominn að sumir fái meira en aðrir spurði hann. Hann hrósaði iðnaðarmönnum og verslunarmönnum í fyrri samningum, þar hefðu þessar starfsstéttir getað sótt meiri launahækkunir en aðrar en ekki gert heldur búið til rými sem nýst hafi öllum. Að lokum sagði Sigurður að það væri einkenni góðrar verkalýðshreyfingar að gera hlutina saman en ekki hafa sérhyggju að leiðarljósi.

Finnbogi Sveinbjörnsson, Verkalýðsfélagi Vestfirðinga, sagði að menn ættu ekki að deilda. Mikilvægast væri að horfa á heildarmyndina, að hreyfingin hafi náð að gera góða samninga með samræmdu launastefnunni, þó svo að þessi samræmda stefna hafi gert sumum óleik, sérstaklega fyrir þá sem semja um sérkjarasamninga. Markmið kjarasamninga er að vinna heiðarlega með hagsmuni félagsmanna að leiðarljósi.

Vilhjálmur Birgisson, Verkalýðsfélagi Akraness, sagði að í samningum 2004 og 2008 hafi iðnaðarmenn fengið meiri hækkun en verkafólk og taldi það ekki í samræmi við samræmda launastefnu. Einnig deildi hann á launahækkanir í stjórnnum lífeyrissjóða sem hafi verið umfram það sem tíðkast hafi á markaði.

Jóhann Már Sigurbjörnsson, VR, taldi ávinning kjarasamninga umdeildan, þar sem hann teldi ekki að kaupmáttur hafi aukist. Mikið væri um hækkanir, sérstaklega hjá sveitarfélögum og hinu opinbera. Einnig vildi hann benda á að tölur í nýrri skýrslu Hagstofu Íslands væri villandi þar sem meðaltal útreikninga gæfu ekki skýra mynd af stöðu mála.

Þingforseti vísaði fyrirbyggjandi þingskjölum um Evrópu- og kjaramál til nefndarstarfs um um Evrópu- og kjaramál.

Kynning á nefndarstörfum.

Klukkan 16:30 var gengið til starfa í nefndum. Unnið var í hópum í „þjóðfundarformi“ um atvinnumál, húsnæðismál og lífeyrismál.

Klukkan 18:30 var gert hlé á þingstörfum.

FIMMTUDAGUR 18. OKTÓBER

Þingfundir var framhaldið fimmtudaginn 18. október kl. 09:00 – fyrst með framhaldi á nefndarstarfi í málstofum og klukkan 13:00 – 13:30 voru örfyrirlestrar eins og kynnt daginn áður. Klukkan 13:30 hófst sameiginleg dagskrá í aðalfundarsal.

Þingforseti benti á að ASÍ væri komið á fésbókina og hvatti þingfulltrúa að skoða síðuna.

Þingforseti bað þingfulltrúa, að gefnu tilefni, að halda sig við þau málefni sem væru á dagskrá hverju sinni og að virða ræðutíma.

Ritun sögu ASÍ

Sumarliði Ísleifsson, sagnfræðingur kynnti ritun sögu ASÍ

Hann fjallaði um mikilvægi söguritunnar og lagði út frá spurningunni „Hvers vegna skiptir máli að taka saman svona verk?“ Alþýðusambandið hefur í hart nær eina öld tekið þátt í átökum og umræðu um hvert íslenskt samfélag á að stefna. Saga ASÍ fjallar um þessa umræðu og átök, um það hvers vegna það samfélag sem við lifum í lítur út eins og það gerir, sagði hann.

Sagan sem ég hef verið að skrifa, sagði Sumarliði fjallaði um réttinn til að mynda samtök, rétt til að hafa áhrif á vinnutíma, hvað sé greitt í laun, um tryggingar af ýmsu tagi, vegna slysa og veikinda, elli og örorku. Hún fjallar líka um möguleikana á því að búa í mannsæmandi húsnæði, að eiga kost á menntun, að lifa af þó að fólk hafi ekki vinnu, að fá stundum frí og geta notið þess að vera með fjölskyldu, að búa við mannsæmandi aðstæður á vinnustað, og síðast en ekki síst að vera stolt eða stoltur af því sem maður er.

Eitt af því merkilegasta við þessa sögu, sagði hann er að saga hreyfingarinnar er samofin baráttunni fyrir velferð fólks. Að finna út hver þáttur ASÍ var í að byggja upp norrænt velferðarsamfélag á Íslandi, verkalýðshreyfingin var þar einn stærsti gerandinn og þar með mótandi fyrir það samfélag sem við lifum í. Ýmislegt var það sem kom á óvart og nefndi hann meðal annars að þrátt fyrir dreifða byggð, örsmáa vinnustaði og sundrunu innan hreyfingarinnar, spruttu upp félög og jafnvel úti í sveitir, hreyfingin náði afar góðum árangri við að sannfæra fólk um að það ætti að ganga í samtök. Og sú er raunar reyndin enn. Óvíða er hærra hlutfall fólks í stéttarfélögum en hér á landi.

Nokkur önnur atriði voru það sem hann nefni sem komið höfðu á óvart við vinnslu sögu ASÍ og er helst að nefna hversu afdrifaríkur aðskilnaður flokks og sambands varð árið 1940, en við þá breytingu varð eins og sýn hreyfingarinnar förlaðist á vissan hátt. Ákveðið misvægi í umræðu um sögu hreyfingarinnar, fannst honum áhugavert, þar sem smáskærur á fjórða áratugnum fengu meira vægi og athygli heldur en stórviðburðir eins og samþykkt vinnulöggjafarinnar árið 1938. Einnig nefni hann íhaldssemi hreyfingarinnar í skipulagsmálum og ekki síst hversu lífseig þau viðhorf voru innan hreyfingarinnar að konur væru ekki fullgildir þátttakendur í samfélaginu og hversu erfitt konur áttu lengi uppdráttar innan hreyfingarinnar. Ekki síst kom það honum á óvart hversu öflugt menntakerfi verkalýðshreyfingin hefur rekið um langan tíma.

Hann sagði að umræðu hafi skort um verkalýðshreyfinguna og hvert framlag hennar til samfélagsins hafi verið, því ekki hafi verið mikið um rannsóknir á því efni undanfarin ár. Sögusafn verkalýðshreyfingarinnar er varðveitt í Þjóðskjalasafni og þar bíða miklir fjársjóðir til frekari athugana, einnig í skjalasöfnun víða um land og ekki síst í kollinum á fólki.

Sumarliði sagði að lokum að „...það hafi verið forréttindi að fá að vinna við þetta verk, að fjalla um öflugustu félagshreyfingu þjóðarinnar, um þátt hennar í að breyta samfélaginu, um sigra hennar, ósgra, um samheldni og sundurlyndi, en umfram allt um þátt hennar í að gera Ísland að betra samfélagi fyrir alþýðu manna.“

Skýrsla forseta ASÍ

Gylfi Arnbjörnsson fylgdi skýrslu forseta úr hlaði.

Gylfi kynnti tvær skýrslur fyrir árin 2011 og 2012. Fram kom í máli Gylfa að áhersla hefur verið lögð á að færa til bókar allt starf ASÍ, ekki einvörðungu fyrir þingfulltrúa heldur til að gera aðgengilegt starf og ákvarðanir sem teknar eru innan verkalýðshreyfingarinnar. Það sé ekki síður mikilvægt fyrir komandi kynslóðir að hafa aðgengi að skýrslu forseta Alþýðusambandsins og skýrslum frá þingum Alþýðusambandsins en í þeim liggja mikil verðmæti fyrir sagnaritar.

Í lok ársfundar 2010 var samþykkt kjaramálaályktun þar sem meðal annars að aðildarsamtök ASÍ voru hvött til að sameinast um kjarasamningaviðræður sem þá voru að hefjast. Í framhaldi vísuðu flest aðildarfélögin sínum málum til sinna landssambanda og félög með beina aðild höfðu samstarf um ákveðna þætti kjarasamninga. Ákveðið var að fara sameiginlega fram gegn atvinnurekendum og stjórnvöldum. Það var gert með að fela samninganefnd ASÍ ákveðna þætti kjarasamningsins. Kjarasamningaviðræður sem hófust í desember 2010 voru erfiðar sagði Gylfi, og á tímabili var staðan tvísýn, en að hans mati var niðurstaðan góð. Niðurstaða var kjarasamningur sem ríflega 90% þeirra sem þátt tóku í kosningum samþykktu. Í þessum samningi náðist samkomulag og bókanir við stjórnvöld og atvinnurekenda sem þarf að fylgja eftir. Þessum verkefnum er gert skil í skýrslunum. Einnig gerði Gylfi grein fyrir því að áhersla hefur verið á virkni þeirra félagsmanna sem eru án atvinnu og að tryggja aukin fjárlög og aukin skilning á að efla úrræði og treysta stöðu þeirra. Tilraunaverkefnið Starf – vinnumiðlun og ráðgjöf ehf hóf starfsemi í haust og er markmið þess að annast þjónustu við atvinnuleitendur í tengslum við vinnumarkaðsaðgerðir. Hann sagði einnig frá því að áhersla hefur verið á að skoða vexti hér á landi og þá sérstaklega vexti á húsnæðislán. ASÍ stóð fyrir tveimur fundum um málið þar sem bæði innlendir og erlendir sérfræðingar fjölluðu um mismunandi vaxtakerfi. Hann sagði að nauðsynlegt væri að finna leiðir sem duga fólki. Gylfi nefndi jafnlaunastaðalinn og sagði hann að bundnar væru væntingar við innleiðingu hans og vinna þannig gegn launamun kynjanna. Hann sagði að síðasta tímabil hafi einnig einkennst af deilum við stjórnvöld að fá það fram sem um var samið í kjarasamningum, eins og að koma í veg fyrir að lagður yrði skattur á lífeyrissjóðina. Við endurskoðun kjarasamninga í janúar ákvað samninganefndin að halda kjarasamningum áfram þó svo að ekki hafi verið staðið við allt sem um var samið. Til þess að leggja áherslu á kröfur verkalýðshreyfingarinnar var öllum þingmönnum send afrit af öllum ályktunum og samþykktum samninganefnda og stjórna landssambanda og félaga innan ASÍ með yfirskriftinni PACTA SUNT SERVANDA – Samningar skulu standa.

Reikningar ASÍ og stofnana

Ólafur Darri Andrason gerði grein fyrir ársreikningi ASÍ og stofnana.

Ólafur Darri gerði grein fyrir formlegri afgreiðslu miðstjórnar og endurskoðenda á reikningum ASÍ og stofnana fyrir árin 2010 og 2011. Þær breytingar urðu í ársreikningi 2011 að Fræðslumiðstöð atvinnulífsins var ekki lengur hluti samstæðunnar þar sem eignarhlutur ASÍ fór undir 50%.

Fram kom hjá Ólafi Darra að útkoma ársins 2010 var hagstæð um 90 milljónir kr. og útkoma ársins 2011 var hagstæð um 13 milljónir kr. Í máli Ólafs Darra kom fram að á árinu 2010 hefðu eignir aukist um rúmar 84 milljónir, skuldir minnkað um tæpar 9 milljónir kr., og eigið fé aukist um tæpar 93 milljónir kr. Á árinu 2011 hefðu eignir minnkað um tæpar 2 milljónir kr., skuldir aukist um rúmlega hálfa milljón kr., og eigið fé minnkað um rúmar 2

milljónir kr. Um reikningana að öðru leyti vísaði Ólafur Darri til skýrslna forseta fyrir árin 2010 og 2011 þar sem þeir eru birtir.

Þingforseti gaf orðið laust.

Enginn tók til máls.

Þingforseti bar upp til atkvæða reikninga ASÍ og voru þeir samþykktir samhljóða.

Lagabreytingar /2. umræða og afgreiðsla

Sigurður Bessason, fulltrúi SGS í Skipulags- og starfsháttanefnd ASÍ, kynnti niðurstöðu nefndarinnar um framkomnar tillögur miðstjórnar og innsendar tillögur frá VLFA og ASÍ-UNG. Niðurstaða nefndarinnar var á þá leið að hún lagði til að frumvarp miðstjórnar um breytingu á lögum ASÍ og reglugerðum um skrifstofu ASÍ og Listasafn ASÍ yrðu samþykktar óbreyttar. Laganefnd legði jafnframt til að innsend tillaga ASÍ-UNG yrði samþykkt með fyrirbyggjandi breytingartillögum miðstjórnar ASÍ. Hvað varðar tillögu stjórnar og trúnaðarráðs VLFA um breytingu á 33. gr. laga ASÍ sagði Sigurður að gagnstæð sjónarmið varðandi efni tillögunnar hafi verið rædd ítarlega og kynnti hann þau sjónarmið en þau hafi flest komið fram í fyrri umræðu um lagabreytingar. Svo hafi þó farið að Laganefnd hafi samþykkt gegn einu mótatkvæði nefndarmanns um að leggja þyrfti í nánari vinnu hvað varðar hlutverk og umboð forseta ASÍ, auk skoðunar á öðrum nauðsynlegum afleiddum laga og stefnubreytingum sem væru óhjákvæmilegar í ljósi nýs fyrirkomulags á vali forseta ASÍ. Að svo stöddu gæti laganefnd því ekki lagt annað til en að tillagan yrði felld. Því næst rakti Sigurður niðurstöður laganefndar lið fyrir lið með því að lesa upp hverja og eina lagabreytingu sem nefndin lagði til að yrði samþykkt auk þeirra sjónarmiða sem lágu að baki tillögunni.

Þingforseti lagði tillögur laganefndar til breytinga á lögum ASÍ í atkvæðagreiðslu. Kynntar breytingar á 1. mgr. 5. gr., 2. mgr. 19. gr., heiti 5. kafla, 29. gr., og 2. mgr. 39. gr. voru samþykktar samhljóða af þingfulltrúum.

Breyting á 1. mgr. 16. gr. laganna var samþykkt með 9 mótatkvæðum.

Þingforseti tilkynnti að tillaga stjórnar og trúnaðarráðs VLFA um breytingu á 33. gr. laga ASÍ um allsherjarkosningu forseta ASÍ, hafi verið lögð fram á ný með löglegum hætti og gaf því Vilhjálmi Birgissyni, VLFA, orðið til að kynna tillöguna á ný:

Vilhjálmur Birgisson, Verkalýðsfélagi Akraness, kynnti tillöguna og rakti áður framkomin sjónarmið um að auka þyrfti lýðræði innan ASÍ. Sagðist hann hafa átti viðræður við fulltrúa laganefndar um hvort hægt væri að gera einhverja málamiðlunartillögu eða finna tillögunni annan feril, eins og t.d. að vísa henni í vinnuhóp, í stað þess að leggja hana til atkvæðagreiðslu í ljósi álits laganefndar á henni. Hann teldi nauðsynlegt að leggja málið fyrir þingið núna, sagðist ekki vera sammála því að umboð forseta þyrfti eitthvað að endurskilgreina í tengslum við tillögu VLFA. Vilhjálmur vitnaði í áður nefnda könnun um afstöðu félagsmanna aðildarféлага ASÍ til beins kjörs forseta og sagði að þingfulltrúum bæri skylda til að hlusta á vilja grasrótarinnar.

Stefán Einar Stefánsson, VR, sagðist ekki geta stutt tillögu VLFA og teldi skynsamlegra að ræða og ígrunda málið betur. Stefán sagðist jafnframt vilja í þessu sambandi fjalla aðeins um rökstuðning laganefndar fyrir álitinu sínu á tillögunni. Sagðist hann telja að nefndin væri að blanda saman ólíkum málum er hún segði að ekki væri samræmi á milli þess að vilja að forseti ASÍ væri kosinn beinni kosningu annars vegar og að hann fari ekki út fyrir það umboð sem aðildarfélagin veittu honum hins vegar. Bætti Stefán við að hann fagnaði þó að laganefnd hafi viðurkennt þann vanda sem hann hafi fjallað um á vettvangi nefndarvinnu

um Evrópumál þar sem hann hafi varpað þeirri gagnrýni fram að málflutningur forsetans væri ekki í samræmi við umboð hans frá aðildarfélögum í því máli.

Finnbjörn A. Hermannsson, Byggið, ítrekaði áður framkomin sjónarmið um að heppilegra væri að taka málið upp heildstætt og skipa millipinganefnd sem fjallaði nánar um málið og kæmi með tillögur að lýðræðisbótum í hreyfingunni. Væri forsetinn kosinn beinni kosningu en ekki miðstjórn þá væri hann einfaldlega rétt hærrí en aðrir fulltrúar í miðstjórn af því að hann væri með fleiri félagsmenn á bak við sig. Sagði Finnbjörn jafnframt að hann teldi það vera öfuga röð að ætla fyrst að kjósa forsetann og svo að skilgreina umboð hans og verkssvið, því væri mikilvægt að vanda undirbúningsvinnuna.

Hjalti Tómasson, Bárunni stéttarfélagi, sagði að það þyrfti að íhuga vel hvað þyrfti að gera til að verkalýðshreyfingin öðlist traust félagsmanna sinna á ný. Sagðist hann telja tillögu VLFA góða, en hann gæti þó ekki stutt hana eins og hún er núna. Hjalti bætti við að þó hann vildi ekki samþykkja tillöguna eins og hún er núna þá bæri hreyfingunni skylda til þess að ræða hana eins ítarlega eins og allar aðrar tillögur um lýðræði vegna þess að það þyrfti að auka stuðning við verkalýðshreyfinguna, og ef hún hefði ekki stuðning sinna félagsmanna þyrfti hún hreinlega að íhuga sinn tilverurétt. Tilhneigingin í hreyfingunni væri að hans mati því miður stundum á þá leið að slá breytingartillögur út af borðinu án frekari umræðu.

Jóhann Sigurðsson, Félagi málmíðnaðarmanna Akureyri, sagði að enginn þyrfti að óttast lýðræði, frekar þyrfti að óttast þá sem stjórna því. Jóhann sagðist að mörgu leyti vera sammála framkominni tillögu VLFA, en taldi það skynsamlega tillögu að fara í allsherjar skoðun á lýðræðisbótum í millipinganefnd til frekari umfjöllunar.

Vilhjálmur Birgisson, Verkalýðsfélagi Akraness, óskaði eftir því að fá skýringar á því sem fram hafi komið um að endurskilgreina þurfi umboð forseta ASÍ ef hann sækir umboð sitt beint til félagsmanna aðildarfélaga. Sagði hann að þetta væri kjarni málsins í dag, þ.e. að menn hefðu ekki hugmynd um það hvert væri hlutverk forseta ASÍ. Kannski væri það orðið víðtækara en almennt geti talist eðlilegt. Hann sagði að forseti ASÍ væri að sjálfsögðu forseti þeirra 110.000 félagsmanna sem væru í aðildarfélögum. Sagði hann almennir félagsmenn liti á forsetann sem sinn talsmann og ætti það að fá að kjósa hann sjálf.

Kristján Þórður Snæbjarnarson, Rafiðnaðarsambandi Íslands, sagði að fyrirkomulag við forsetakjör tæki mið af núverandi skipulagi hreyfingarinnar. Ef ætti að breyta þessu þyrfti að skoða alla hreyfinguna í heild sinni. Samkvæmt núverandi skipulagi sæktu þingfulltrúar umboð sitt til félagsmanna aðildarfélaga og ættu að endurspegla vilja þeirra. Ef breyta ætti þessu þyrfti að gera það í réttari röð, þ.e. að skilgreina fyrst vandlega umboð og vald forseta og svo hvernig ætti að kjósa hann. Hann sagðist ekki telja ráðlegt að forseti hefði víðtækara umboð en miðstjórn ASÍ. Sagðist Kristján því styðja niðurstöðu laganefndar um að ekki væri ráðlegt að samþykkja breytingartillögu VLFA að svo stöddu.

Kristjana Jónsdóttir, VR, sagðist vilja áréttta það að félagsmenn aðildarfélaga væru ekki félagsmenn í ASÍ, félagsmenn ASÍ væru eingöngu aðildarfélögin sem slík. Sagði hún að svo virtist sem einhver misskilningur gæti verið um þetta hjá hinum almenna félagsmanni stéttarfélaganna. Gæti hún því ekki stutt tillögu VLFA.

Eyrún Ingadóttir, VR, vakti máls á því að ASÍ væru regnhlífarsamtök aðildarfélaga sem væru samtals með 110.000 félagsmenn og því teldi hún tillögu VLFA ekki góða. Hún sagðist telja að tillagan gengi hreinlega ekki upp þá gæti bein kosning snúist um lýðhylli og hver væri besti bloggari landsins eða þess háttar. Eyrún sagði vildu menn tempra vald forseta ASÍ væri nær að setja reglur um hve lengi forseti gæti setið.

Ásta Rut Jónsdóttir, VR, benti á að ASÍ byggðist á fulltrúalýðræði. Hún sagðist þó telja að gott væri að taka almenna lýðræðisumræðu en þá þyrfti líka að fara niður á við og skoða aðildarfélögin sjálf. Ásta sagði að beinar kosningar væri ekki gallalaust fyrirkomulag enda

fylgdu smalanir og jafnvel fjöldasmalanir slíku fyrirkomulagi. Jafnframt væri hætt á því að fólk kæmist til valda í krafti fjár síns.

Sigurður Bessason, Eflingu-stéttarfélagi, sagði að það væri sitt mat að þegar kemur að lagasetningu væri hæfileg íhaldssemi af hinu góða. Lög þyrftu að geta staðið lengi og núverandi fyrirkomulag við val á forseti hafi gert það og gefist vel. Það gæsti jafnan um einstaklinga í forystu ASÍ af því ASÍ tekur á erfiðu málunum. Sigurður sagði að laganefnd hafi íhugað tillögu VLFA vel og lengi og horft til allra framkominna sjónarmiða. Hins vegar væri gott að taka þessa umræðu í heild sinni og fara með hana áfram, jafnvel í útbreiddu þjóðfundarformi, og þetta þing væri ágætis upphafspunktur á þeirri umræðu. Sigurður sagðist vilja taka undir þau orð að miðstjórn ASÍ og aðildarfélögin hafa haft skilgreind hlutverk og auðvitað væri það svo að forseti ASÍ væri kosinn fyrir alla þá sem eru innan ASÍ.

Vilhjálmur Birgisson, Verkalýðsfélagi Akraness fagnaði þeirri góðu og málefnalegu umræðu sem hafi átt sér stað um lýðræðismál. Fjallaði Vilhjálmur því næst aftur um sambærilega tillögu sem fram hafi komið árið 1996 og sagði að hún hafi þá fengið tæplega 70% fylgi. Hann sagðist hins vegar telja að tillaga VLFA yrði nú felld af þeirri ástæðu einni að hún kæmi frá VLFA.

Þingforseti lagði því næst tillögu stjórnar og trúnaðarráðs VLFA til atkvæðagreiðslu. Ósk hafi komið fram um að kosningin yrði leynileg. Lagði þingforseti til að á meðan talning færi fram væri farið í umfjöllun um tillögur miðstjórnar að breytingum á reglugerðum ASÍ varðandi skrifstofu ASÍ annars vegar og varðandi Listasafn ASÍ hins vegar. Gerði þingforseti að tillögu sinni að breytingarnar yrðu ræddar allar í heild sinni.

Enginn kvaddi sér hljóðs vegna tillögu að breytingu á reglugerð um skrifstofu ASÍ.

Þingforseti bar breytingartillögurnar upp til atkvæða. Þær voru samþykktar án mótatkvæða.

Sigurður Bessason, Eflingu-stéttarfélagi kvaddi sér hljóðs vegna tillögu að breytingu á reglugerð um Listasafn ASÍ. Sagðist Sigurður vilja áréttta það að ekki stæði til að setja Listasafn ASÍ til einhverra aðila sem þingfulltrúar treystu ekki. Fyrst og fremst væri um formbreytingar að ræða.

Þingforseti bar breytingartillögur á reglugerð um Listasafn ASÍ upp til atkvæða. Þær voru samþykktar án mótatkvæða.

Þingforseti kynnti því næst niðurstöður úr kosningu um breytingartillögu stjórnar og trúnaðarráðs VLFA á 33. gr. laga ASÍ. Féllu atkvæði á þá leið að 210, eða 80,77%, voru andvígir og 50, eða 19,23%, voru fylgjandi. Var tillagan því felld.

Samkvæmt framansögðu voru því eftirfarandi breytingar á lögum og reglugerðum ASÍ samþykktar á þinginu.

„A

Breytingar á lögum ASÍ

1. 2. mgr. 5. gr. hljóði svo:

„Í lögum þessum merkir hugtakið aðildarsamtök, landssambönd, öll félög einstakra sambanda og félög með beina aðild. Hugtakið aðildarfélög merkir öll félög einstakra sambanda og félög með beina aðild.“

2. 1. mgr. 16. gr. hljóði svo:

„Heimilt skal aðildarfélagi að ákveða kjörtímabil stjórnar sinnar og trúnaðarmannaráðs allt að fjögur ár, en aðalfund skal halda árlega og þar flutt

skýrsla stjórnar og lagðir fram og afgreiddir reikningar félagsins áritaðir af löggiltum endurskoðanda.

3. 2. mgr. 19. gr. hljóði svo:

„Um starfsemi skrifstofunnar gildir reglugerð sem samþykkt er af miðstjórn.“

4. Heiti V. kafla breytist og hljóði svo:

„Þing og starfsemi ASÍ-UNG“

5. 29.gr. breytist og hljóði svo:

"ASÍ-UNG er samráðsvettvangur ungs launafólks í aðildarfélögum ASÍ.

Í tengslum við reglulegt þing ASÍ kemur saman þing ASÍ-UNG.

Rétt til setu á þingi ASÍ-UNG með full réttindi, á einn fulltrúi hvers aðildarfélags ASÍ á aldrinum 16-35 ára. Aðildarfélögum er heimilt að senda á eigin kostnað einn aukafulltrúa á þingið. Aukafulltrúi er með tillögu- og málfrelsisrétt en ekki atkvæðisrétt.

Þingið kýs sér formann og átta manns í stjórn sem, samræmir störf ungs launafólks í aðildarfélögum ASÍ og stýrir öðrum störfum ASÍ-UNG á milli þinga. Kjörgengir til formanns og í stjórn eru fullgildir félagar aðildarfélaga ASÍ sem náð hafa 18 ára aldri.

Stjórn ASÍ-UNG á rétt til setu á sambandsþingi ASÍ með fullum réttindum.

Formaður ASÍ-UNG á seturétt á formannafundum ASÍ með fullum réttindum.

ASÍ ber kostnað af þingum ASÍ-UNG með sama hætti og það ber kostnað af sambandsþingum ASÍ."

6. 2. mgr. 39. gr. hljóði svo:

„Til þess að tillaga teljist samþykkt á formannafundi þarf hún að hljóta einfaldan meirihluta atkvæða skv. 1.mgr. og atkvæði meirihluta þeirra sem fundinn sækja.“

B

Breytingar á reglugerð fyrir starfsemi skrifstofu ASÍ

1. 1. gr. hljóði svo:

Skrifstofa Alþýðusambands Íslands skal undirbúa og hrinda í framkvæmd ákvörðunum sambandsþinga ASÍ og kjörinnar forystu sambandsins, miðstjórnar og forseta.


2. 2.mgr. 2.gr. hljóði svo:

Miðstjórn skipar starfsnefndir sem vinna með skrifstofunni að undirbúningi og framkvæmd stefnu Alþýðusambands Íslands á milli sambandsþinga. Miðstjórn skipar fulltrúa úr sínum hópi til starfa með nefndunum í samræmi við nánari reglur sem miðstjórn setur.

3. 5. gr. hljóði svo:

Ramminn fyrir skipulag starfsemi skrifstofu ASÍ skal vera með þeim hætti sem sýnt er á eftirfarandi skipuriti.

Skipurit skrifstofu ASÍ



C

Breytingar á reglugerð fyrir Listasafn ASÍ

1. 1. gr. hljóði svo:

Safnið heitir Listasafn Alþýðusambands Íslands (Listasafn ASÍ). Safnið er eign Alþýðusambands Íslands og fer miðstjórn ASÍ með yfirstjórn þess.

2. 2. gr. hljóði svo:

Safnið er stofnað samkvæmt ósk og að frumkvæði Ragnars Jónssonar forstjóra til minningar um Erlend Guðmundsson í Unuhúsi.

3. Við 3. gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Safnið starfar samkvæmt gildandi safnalögum og fylgir siðareglum ICOM, Alþjóðaráðs safna, International Council of Museums.

4. Við 4. gr. bætist ný málsgrein sem verði 2.mgr. svohljóðandi:

Allur arður af starfsemi rennur til safnsins sjálfs.

5. 3.mgr. 4. gr. breytist og hljóði svo:

Þeir skulu ásamt fjárhagsáætlun næsta árs lagðir fyrir miðstjórn ASÍ. Ársreikningarnir skulu lagðir fyrir sambandsþing ASÍ til fullnaðarafgreiðslu.

6. Við reglugerðina bætist nýtt ákvæði sem verði 8. gr. og hljóði svo:

Komi til þess að safnið verði lagt niður skal safnkosturinn renna til sambærilegrar stofnunar.

7. Núgildandi 8. gr. verði 9. gr. og hljóði svo:

Breytingar á reglugerð þessari verða aðeins gerðar af þingi Alþýðusambands Íslands og taka þær gildi þegar við samþykkt."

Klukkan 15:30 var gengið til starfa í nefndum fram til klukkan 17:00 en þá var gert hlé á þingstörfum fram til kl. 09:00 föstudaginn 19. október.

FÖSTUDAGUR 19. OKTÓBER

Þingfundi var framhaldið föstudaginn 19. október kl. 09:00 fyrst með nefndarstarfi og klukkan 10:10 hófst sameiginleg dagskrá í aðalfundarsal.

Þingforseti minnti þingfulltrúa á að hafa nafnspjöld sín meðferðis því án þeirra væri þeim ekki heimilt að kjósa.

Evrópu- og kjaramál / 2. umræða og afgreiðsla

Hjördís Þóra Sigurbórsdóttir, AFLi-starfsgreinafélagi, kynnti ályktanir kjaranefndar, þar sem meðal annars var rætt um mælingu kaupmáttar, félagslegt undirboð, svarta atvinnustarfsemi, skilgreining á störfum sem sjálfboðaliðastarf, kennitölufلاك og fleira. Sagði hún að umræðan hafi verið málefnaleg og lífleg. Kjaranefndin kom sér saman um að hafa ályktunina í styttra lagi og leggur því fram tvær ályktanir, þar sem önnur fjallar sérstaklega um svarta atvinnustarfsemi og félagsleg undirboð.

Þingforseti gaf orðið laust.

Finnbogi Sveinbjörnsson, Verkalýðsfélagi Vestfjarða, fagnar sérstakri ályktun um að vinna gegn svartri atvinnustarfsemi og félagslegu undirboði. Varðandi ályktun um kjaramál telur hann að mikilvægt sé að heyra vilja félagsmanna áður en reitt er til høggs.

Þingforseti bar ályktunina um kjaramál upp til atkvæða.

Eftirfarandi ályktun um kjaramál var samþykkt án mótatkvæða.

„40. þing Alþýðusambands Íslands lýsir yfir miklum áhyggjum með þróun kjara- og atvinnumála og þá óvissu sem framundan er.

Markmið gildandi kjarasamninga er að leggja grunn að auknum kaupmætti, stöðugleika, jöfnun lífskjara og fjölgun starfa. Þrátt fyrir að hækkun lægstu launataxta hafi lagt grunn að auknum kaupmætti þeirra er ljóst að almennar launahækkningar hafa ekki haldið í við verðbólgu. Veik staða krónunnar og mikil verðbólga veldur því að nú stefnir í að forsendur kjarasamninganna bresti. Þar er ekki síst að sakast við fyrirtækin sem velta kostnaði sífellt út í verðlagið. Þá hækka ríki og sveitarfélög álögur sem hafa bein áhrif á verðlag. Fyrir launafólk eru afleiðingarnar hærra verð á nauðsynjum, vöru og þjónustu, hærri vextir og auknar skuldir heimilanna í landinu.

Alþýðusambandið hefur ítrekað bent á að stjórnvöld hafa ekki og hyggjast ekki standa við skuldbindingar sínar um hækkun atvinnuleysisbóta og bóta almannatrygginga. Þá er ekki síður alvarlegt að sú endurreisn atvinnulífs og fjölgun starfa sem lofað var hefur engan veginn gengið eftir. Þar hefur úrræða- og aðgerðarleysi stjórnvalda ráðið miklu.

Þingið krefst þess að stjórnvöld og atvinnurekendur geri það sem í þeirra valdi stendur til að ná niður verðbólgunni og að ríkisstjórnin standi við fyrirheit sín í atvinnu- og félagsmálum. Staðan er grafalvarleg því bresti forsendur verða kjarasamningar í uppnámi og þá getur komið til átaka á vinnumarkaði í byrjun næsta árs.

Þingið hvetur samninganefnd ASÍ og aðildarsamtökin til að eiga samstarf og samvinnu við endurskoðun kjarasamninganna í janúar 2013 því nú mun reyna á samstöðu launafólks um að ná markmiðum kjarasamninga um stöðugleika, fjölgun starfa, vaxandi kaupmátt, jöfnun kjara og að útrýma kynbundnum launamun.“

Þingforseti bar ályktunina um svarta atvinnustarfsemi og félagsleg undirboð upp til atkvæða.

Eftirfarandi ályktun um svarta atvinnustarfsemi og félagsleg undirboð var samþykkt án mótatkvæða.

„40. þing ASÍ lýsir miklum áhyggjum yfir aukinni svartri atvinnustarfsemi og kennitöluflakki, m.a. í ferðaþjónustu, garðyrkjurækt, ýmiskonar persónulegri þjónustu og byggingariðnaði. Fyrirtæki og einstaklingar sem taka þátt í slíku valda alvarlegum og víðtækum skaða fyrir samfélagið, atvinnulífið og réttindi launafólks. Þingið lýsir jafnframt yfir þungum áhyggjum sínum yfir misnotkun á mikilvægum réttindum launafólks í atvinnuleysisbótakerfinu í þessu sambandi.

40. þing ASÍ telur afar mikilvægt að verkalýðshreyfingin, samtök atvinnurekenda og stjórnvöld sameinist um að beita öllum tiltækum ráðum til að koma í veg fyrir svarta atvinnustarfsemi og kennitöluflakk, m.a. þar sem þeir sem standa að slíkri refsiverðri starfsemi verð dregnir til ábyrgðar og beittir þungum viðurlögum.

40. þing ASÍ telur mikilvægt að unnið verði gegn þeirri þróun sem átt hefur sér stað á undanförunum árum að fyrirtæki í samkeppnisrekstri komi sér undan þeim kjarasamningum, réttindum og skyldum sem gilda á íslenskum vinnumarkaði með því að skrá fiskiskip og farskip undir hentifánunum erlendis eða flytja hér inn vinnuafli undir yfirskyni sjálfboðavinnu og áhugamennsku. Þingið telur mikilvægt að Alþýðusambandið hafi frumkvæði að samstarfi aðildarfélaganna til að uppræta þessa tegund félagslegra undirboða.“

Finnbjörn A. Hermannsson, Byggið, gerði grein fyrir tillögu nefndar um Evrópumál. Hann sagði umræður hafa verið mjög líflegar. Niðurstaða nefndarinnar var að stytta ályktunina sem lá fyrir og bæta við annars staðar. Hann sagði að ASÍ væri með mjög skilgreind samningsmarkmið sem samþykkt var á ársfundi 2009 og þó svo að það kæmi ekki fram í ályktuninni þá væru samningsmarkmiðin skýr.

Þingforseti gaf orðið laus, engin hvað sér hljóðs.

Þingforseti bar ályktun um Evrópumál upp til atkvæða.

Eftirfarandi ályktun um Evrópumál var samþykkt með 2 mótatkvæðum.

„40. þing Alþýðusambands Íslands telur mikilvægt að ljúka viðræðum Íslands og ESB svo fljótt sem kostur er með það að markmiði að ná eins hagstæðum samningum og unnt er. Það verði síðan íslenska þjóðin sem taki afstöðu til samningsniðurstöðunnar og aðildar að ESB í bindandi þjóðaratkvæðagreiðslu.

ASÍ hefur ekki tekið afstöðu til þess hvort hagsmunum Íslands og íslensks launafólks sé best borgið með aðild að ESB, en hefur skýra sýn á hvaða markmiðum þurfi að ná í aðildarviðræðunum til þess að hægt verði að leggja endanlegt mat á kosti og galla fullrar aðildar.“

Atvinnumál / 2. umræða og afgreiðsla

Guðmundur Gunnarsson, Félagi íslenskra rafvirkja, kynnti ályktun um græna hagkerfið og fjölgun starfa. Hann sagði að framkvæmd vinnunnar hafi verið með þeim hætti að fyrst hafi verið unnið með allar þær hugmyndir sem komu fram í hópavinnunni um græna hagkerfið og fjölgun starfa. Síðan hafi nefndin haldið áfram að vinna með þau drög sem lágu fyrir og ályktunin væri afrakstur þeirrar vinnu.

Þingforseti gaf orðið laust.

Óskar Guðmundsson, VM, sagði að það væri nauðsynlegt að í ályktuninni væri áherslur á nauðsyn þess að virkja núna. Hvað er grænt hagkerfi, spurði hann, það sem er grænt í dag verður líklega ekki grænt eftir 30 ár því væri nauðsynlegt að nýta orkuna í dag.

Þingforseti bar ályktun um græna hagkerfið og fjölgun starfa upp til atkvæða.

Eftirfarandi ályktun um græna hagkerfið og fjölgun starfa var samþykkt án mótatkvæða.

„Áherslur á græn gildi hafa á undanförunum árum orðið áberandi í atvinnustefnu ASÍ. Sjálfbærni íslensks atvinnulífs og nýting náttúrugæða á sjálfbæran hátt til atvinnuuppbyggingar eru stef sem Alþýðusambandið hefur tileinkað sér. Ísland hefur allt til að bera til að geta orðið grænt samfélag. Auk þekktra kosta má nefna spennandi samspil á nýtingu varma sem afgangsstærðar við raforkuframleiðslu með jarðhita. Þessi varmi mun í framtíðinni leggja grundvöll að víðtækum lífrænum efnaiðnaði hér á landi. Einnig liggur fyrir að hagkvæmt er að framleiða ákveðnar tegundir af grænmeti í miklu magni hér á landi með vistvænni raforku. Ísland getur nýtt samkeppnisforskot sitt í hreinum matvælaíðnaði með sjálfbærni og fullnýtingu á sjávarfangi það sama á við um íslenskan landbúnað.

Áherslur ASÍ

- ASÍ vill betri nýtingu umfram orku (glatvarma) sem ekki nýtist í dag bæði hjá orkuverum og stóriðju, t.d. til aukinnar framleiðslu á lífrænt ræktuðu grænmeti eða til grænna sprotafyrirtækja.
- ASÍ vill líta til fjölbreyttari virkjanakosta en vatnsafis og jarðvarma til að byggja upp öflugt og samkeppnishæft atvinnulíf, má þar nefna virkjun vindorku, sjávarfalla, sólarorku og metangass.
- ASÍ vill fullvinnslu, svo sem sjávarafurða og kjötúrgangs, slíkt er bæði atvinnu- og umhverfismál sem getur skapað fjölda starfa og mikil verðmæti.
- ASÍ vill huga að þeim miklu auðlindum sem þjóðin býr að í formi ferskvatns.
- Vaxandi skógrækt í landinu getur líka orðið uppspretta fjölda grænna starfa í framtíðinni.
- Grænn byggingariðnaður (sjálfbærni húsa), vistvæn ökutæki og grænir orkugjafar eru málaflokkar sem ASÍ ætlar að beita sér fyrir á komandi árum.

Verkefni ASÍ

- ASÍ beiti sér fyrir vitundarvakningu um græna hagkerfið (hvað get ég gert) og bendi á hvernig það geti falið í sér aukin lífsgæði fyrir allan almenning á Íslandi.
- ASÍ hvetur til aukinnar fræðslu um græna hagkerfið og skilgreiningu á grænum störfum.
- ASÍ vill tryggja að græn störf verði samkeppnishæf við það sem best gerist á vinnumarkaði.
- ASÍ vill upprunamerkingu (sótspor) vara svo neytandinn geti séð um hversu langan veg varan hefur verið flutt.
- ASÍ hvetur til aukinnar fullvinnslu afurða stóriðjunnar hér á landi með afnámi tolla.
- ASÍ mun beita sér fyrir frekari skattaívilnun á til að auðvelda fólki kaup á vistvænum ökutækjum.

- *ASÍ hvetur til frekari flokkunar og endurvinnslu hér á landi."*

Signý Jóhannesdóttir formaður atvinnumálanefndar ASÍ, gerði grein fyrir ályktun um öflugt atvinnulíf, menntun við hæfi og góð störf. Hún sagði að ritun ályktunarinnar byggði á þeirri miklu og skemmtilegu hópavinnu sem unnin var deginum áðu. Mikið af skemmtilegum hugmyndum hafi komið fram og mikilvægt að halda þeim öllum til haga til frekar úrvinnslu.

Þingforseti gaf orðið laust, engin hvað sér hljóðs.

Þingforseti bar ályktunina um öflugt atvinnulíf, menntun við hæfi og góð störf upp til atkvæða.

Eftirfarandi ályktun um öflugt atvinnulíf, menntun við hæfi og góð störf var samþykkt án mótatkvæða.

„Öflugt og framsækið atvinnulíf þarfnast starfsmanna með menntun og færni til að takast á við þau verk sem þarf að vinna. Á sama hátt gerum við kröfur til þess að atvinnulífið skapi öllum áhugaverð störf við hæfi sem tryggja góða afkomu og aðbúnað.

Atvinnulífið í dag og enn frekar í framtíðinni kallar á að menntakerfið leggi áherslu á skapandi greinar og nýsköpun, eflingu starfs- og tæknináms á fjölmörgum sviðum. Nauðsynlegt er að jafna stöðu þess gagnvart bóknámi þannig að slíkt nám sé raunhæfur og eftirsóknarverður kostur, jafnt fyrir ungmenni og einstaklinga sem komnir eru út á vinnumarkaðinn.

Vinna þarf ítarlega greiningu á mannaflapörf á vinnumarkaði til lengri og skemmri tíma þar sem tekið er mið af stefnumörkun í atvinnumálum. Slík greining verði höfð til hliðsjónar við ákvarðanir um framboð á menntun, bæði í skólakerfinu og í endur- og eftirmenntun fyrir fólk á vinnumarkaði, og í náms- og starfsráðgjöf til ungmenna og fullorðinna. Þannig má stuðla að því að atvinnulífið fái hæft starfsfólk og sköpuð verði góð og arðbær störf.

Það er sameiginlegt verkefni stjórnvalda, samtaka launafólks og atvinnurekenda að móta heildstæða atvinnu-, mennta- og vinnumarkaðsstefnu til að ná framangreindum markmiðum.

Áherslur ASÍ:

Auka þarf gildi og skilning á mikilvægi verk- og tæknimenntunar á öllum sviðum.

- *Með því að slík menntun verði a.m.k. metin jafngild bóknámi.*
- *Með öflugri náms- og starfskynningu í efri bekkjum grunnskóla.*
- *Með því að efla tengsl grunnskóla og verkmenntaskóla á framhaldsskólastigi.*
- *Með því að fyrirtækin axli meiri ábyrgð varðandi menntun og starfsþjálfun nema og starfsmanna sinna.*

Menntakerfið verði gert sveigjanlegra:

- *Þar sem sú færni og hæfni sem einstaklingar hafa tileinkað sér er metin og þeim gert mögulegt að byggja ofan á hana með styttra og lengra námi.*
- *Til að mæta þörfum fyrirtækja og einstaklinga fyrir nýja þekkingu og færni á hverjum tíma.*
- *Þar sem formlega menntakerfið og símenntunaraðilar mynda eina heild.*

Fólki á vinnumarkaði verði auðveldað að sækja sér frekari menntun.

- *Einstaklingar með litla formlega menntun fái „nýtt tækifæri til náms“.*
- *Réttur til endur- og eftirmenntunar verði viðurkenndur sem hluti af kjörum starfsmanna.*

- Námslána- og námsstyrkjakerfið verði endurskoðað út frá hagsmunum vinnandi fólks.

Hlutverk ASÍ:

Tryggja hagsmuni launafólks við móttun samþættrar atvinnu-, mennta- og vinnumarkaðsstefnu.

Beita sér fyrir og leiða aukið samstarf atvinnulífs og skóla.

Vera leiðandi í þróun vinnumarkaðsúræða fyrir atvinnuleitendur og þá sem standa höllum fæti á vinnumarkaði."

Þingforseti gerði þinghlé til klukkan 11:00

Þingforseti minnti þingfulltrúa að aðeins þeir sem væru með nafnspjald gætu kosið og óskaði eftir að óviðkomandi vikju úr þingsal.

Kjör forseta ASÍ

Stefanía Magnúsdóttir, formaður kjörnefndar, gerði grein fyrir tillögum kjörnefndar. Kjörnefnd tilnefndi Gylfa Arnbjörnsson VR. Einn annar var tilnefndur, Ragnar Þór Ingólfsson VR.

Þingforseti gaf frambjóðendum tækifæri til að kynna sig og áherslumál sín.

Að kynningu lokinni var gengið til kosninga. Á meðan talning atkvæða fór fram var hefðbundnum þingstörfum haldið áfram.

Þingforseti gerði grein fyrir úrslitum kjörs til forseta ASÍ. Gylfi Arnbjörnsson hlaut 69,8% atkvæða en Ragnar Þór Ingólfsson 30,2%. Gylfi var því rétt kjörinn forseti ASÍ.

Gylfi Arnbjörnsson þakkaðir þingfulltrúum það traust sem þeir sýndu honum að kjósa hann sem forseta ASÍ í þriðja sinn.

Lífeyrismál / 2. umræða og afgreiðsla

Gylfi Arnbjörnsson, VR gerði grein fyrir ályktun um jöfnun lífeyrisréttinda og sanngjarnara almannatryggingakerfis. Hann sagði að fram hafi komið hafsþór að tillögum og hugmyndum sem muni nýtast í áframhaldandi vinnu við þennan málaflökk. Nefndi hann jafnframt að tillaga VLFA um að umsamið viðbótarframlag skyldi fara í séreignarsjóð hafi ekki fengið brautargengi í hópnunum ein og sér en málamyndun sem taki tillit til hennar komi fram í ályktuninni.

Þingforseti gaf orðið laust, enginn kvaddi sér hljóðs.

Þingforseti bar ályktun um jöfnun lífeyrisréttinda og sanngjarnara almannatryggingakerfi upp til atkvæða.

Eftirfarandi ályktun um jöfnun lífeyrisréttinda og sanngjarnara almannatryggingakerfi var samþykkt með einu mótatkvæði.

„Þing ASÍ leggur ríka áherslu á að lokið verði við vinnu við samræmingu lífeyrisréttinda á öllum vinnumarkaðnum með aðkomu aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda. Til þess að svo megi verða þurfa samtök opinberra starfsmanna og stjórnvöld að ná samkomulagi um varanlega lausn á því hvernig halli opinbera lífeyriskerfisins verður fjármagnaður og kerfið gert sjálfbært til framtíðar.

Gangi þetta ekki eftir er ákvæði kjarasamninga um hækkun iðgjalds til lífeyrissjóða á almennum vinnumarkaði til jafns við opinbera starfsmenn í uppnámi og þar með forsendur kjarasamninganna.

Samhliða þessu telur þingið brýnt að vinnu við heildarendurskoðun á almannatryggingakerfinu verði haldið áfram með það að leiðarljósi að einfalda og skýra kerfið verulega og horfa heildstætt á samspil þess og lífeyrissjóðanna. Grundvallaratriði er að standa vörður um viðunandi lágmarksbætur almannatrygginga en jafnframt að dregið verði verulega úr tekjutengingum í almannatryggingakerfinu þannig að launafólk hafi sýnilegan hag af því að greiða í lífeyrissjóð á starfsævinni.

Áherslur og verkefni ASÍ eru:

- Jöfn lífeyrisréttindi á öllum vinnumarkaðnum.
- Allt lífeyriskerfið verði sjálfbært.
- Fækka lífeyrissjóðum til að ná aukinni hagræðingu og styrkja kerfið.
- Skoða hvort auka megi val einstaklinga um skiptingu skyldutryggingariðgjalds milli samtryggingar og séreignar án þess að það hafi neikvæði áhrif samtryggingu sjóðanna.
- Aukinn sveigjanleika að því er starfslok og töku lífeyris varðar.
- Einfalt og skýrt almannatryggingakerfi sem tryggir öllum viðunandi/mannsæmandi framfærslu.
- Dregið verði úr skerðingum í almannatryggingakerfinu þannig að launafólk hafi ávinning af því að greiða í lífeyrissjóð.
- Auka áherslu á starfsgetumat í stað örorkumats.
- Gjaldtöku fyrir heilbrigðisþjónustu til eldri borgara á hjúkrunarheimilum verði hætt.
- Verkalýðshreyfingin standi fyrir aukinni fræðslu til félagsmanna um lífeyriskerfið og réttindin."

Þingforseti sagði að tillaga stjórnar og trúnaðarráðs VLFA um að hið umsamda 3,5% viðbótaframlag atvinnurekenda í lífeyrissjóði skyldi fara í séreignarsjóði frekar en sameignarsjóði, hafi borist aftur endurflutt.

Vilhjálmur Birgisson, Verkalýðsfélagi Akraness fjallaði á ný um tillögu VLFA sem hann sagði að varðaði gríðarlegt hagsmunamál og vildi hann biðja þingfulltrúa að setja sig eins vel inn í málið og kostur er. Rakti Vilhjálmur áður framkomin sjónarmið sem væru að baki tillögunni þar sem umsamið viðbótarframlag í lífeyrissjóði ekki fara nálægt því að jafna lífeyrisréttindi. Sagði Vilhjálmur jafnframt að forseti ASÍ hafi viðurkennt í hópstarfinu að umsamið viðbótarframlag í lífeyrissjóði leiddi ekki til raunverulegrar jöfnunar lífeyrisréttinda á milli opinbera og almenna vinnumarkaðarins.

Elínbjörg Magnúsdóttir, Eflingu-stéttarfélagi, sagðist leggja til að tillaga VLFA yrði felld, þar sem hún hafi verið til umræðu í nefndarstarfinu og tillit tekið til hennar þar. Sagði Elínbjörg að ef tillaga VLFA yrði samþykkt myndi það þýða að 40% af launafólki fengi ekki þessa viðbót þar sem að það þurfi samkvæmt kjarasamningi að gera sérstakan samning við vinnuveitanda og það væru ekki allir með séreignarsparnað. Elínbjörg sagði að lokum að hún hefði trú á samtryggingarkerfi lífeyrissjóðanna eftir að hafa lesið viðtal við ungan mann sem hafði lamast í slysi en samtryggingin hafi gert honum kleift að fara í skóla og hefja nýtt líf.

Ásta Rut Jónasdóttir, VR, sagðist ekki vera sammála framkomnum fullyrðingum um að lífeyrissjóðskerfið væri ónýtt. Úttekt OECD á kerfinu hafi til að mynda komið ágætlega út. Sagði hún að vissulega stæðu opinberu sjóðirnir illa og það væri mikið hagsmunamál ASÍ enda lægi fyrir að það myndi að öllu óbreyttu lenda á skattgreiðendum. Hún sagðist vera ánægð með samtrygginguna og taldi hana nýttast vel. Tekjuskerðing væri þó að hennar mati of mikil í núverandi kerfi í heild sinni og það þyrfti að laga enda myndi kerfið brotna innan frá um leið og fólk sæi að það hefði ekki hag af því að greiða í kerfið.

Óskar Guðmundsson, VM, vakti athygli á því að hækkun lífeyrisaldurs sem oft væri í umræðunni gæti leitt til aukins atvinnuleysis. Jafnframt sagði Óskar að hann teldi að það þyrfti að jafna lífeyrisréttindin niður á við og eins væri nauðsynlegt að fækka almennu sjóðunum niður í 2-3 til hagræðingar, hafa færri en stærri og sterkari sjóði.

Ragnar Þór Ingólfsson, VR, rakti áður framkomin sjónarmið um að ekki væri skynsamlegt að bæta fé í lífeyrissjóðskerfið. Hann væri ekki sannfærður um ágæti núverandi samtryggingarkerfisins þó svo að hann styddi það að skattar og lögbundin gjöld fari í samtryggingarmál almennt. Ragnar nefndi jafnframt að fækkun sjóða lagfærði ekki kerfisgallann heldur lækkaði einungis rekstrarkostnað. Ragnar sagði að að svo söddu styddi hann tillögu VLFA um að auka 3,5% færðu í séreign, eða þar til hann verði sannfærður um sjálfbærni sjóðanna.

Klukkan 12:00 var gert hádegishlé.

Klukkan 13:05 var þingfundi framhaldið.

Kjör varaforseta ASÍ

Stefanía Magnúsdóttir, formaður kjörnefndar gerði grein fyrir tilnefningum til varaforseta ASÍ. Kjörnefnd tilnefndi Signýju Jóhannesdóttur Stéttarfélagi Vesturlands. Einn annar var tilnefndur, Páll Örn Líndal, VR.

Þingforseti gaf frambjóðendum tækifæri til að kynna sig og áherslumál sín.

Að kynningum loknum var gengið til kosninga. Meðan talning atkvæða fór fram var hefðbundnum þingstörfum haldið áfram.

Þingforseti gerði grein fyrir úrslitum kjörs til varaforseta ASÍ. Signý Jóhannesdóttir hlaut 59,5% atkvæða en Páll Örn Líndal 40,5%. Signý var því rétt kjörin varaforseti ASÍ.

Signý Jóhannesdóttir þakkaði fyrir sig.

Páll Örn Líndal þakkaði fyrir sig.

Lífeyrismál / 2. umræða og afgreiðsla – framhald

Vilhjálmur Birgisson, Verkalýðsfélagi Akraness, tók því næst til máls og fór hann yfir áður framkomin sjónarmið um stöðu lífeyrissjóðanna og sagðist vera stoltur af þeirri viðleitni síns félags að reyna koma í gegn þeirri tillögu sem væri hér til umræðu. Rakti hann því áður framkomin sjónarmið um jöfnun lífeyrisréttinda og sagði að það besta sem félögin innan ASÍ geti gert væri að ráðleggja öllum sínum félagsmönnum sem vinna hjá hinu opinbera að ganga í félög sem eru innan raða BSRB. Nefndi Vilhjálmur máli sínu til stuðnings dæmi af félagsmanni sínum sem inni á sjúkrahúsinu á Akranesi sem ynni við hlið annarrar konu sem væri innan BSRB félags og því með mun betri lífeyrisréttindi sem að auki væru ríkistryggð.

Ólafur Pétursson, Verkalýðsfélaginu Hlíf, byrjaði á því að óska Gylfa til hamingju með endurkjörið. Því næst varpaði hann fram spurningunni til hvers við værum að borga í lífeyrissjóð? Hann sagðist hafa byrjað að taka greiðslur úr lífeyrissjóðum þegar hann varð sextugur af því að hann gæti verið dáinn 67 ára og þá fengi hann ekki neitt. Vildi hann styðja tillögu VLFA af því að tekjutengingin hafi leitt til þess að hann fengi ekkert meira en sá sem ekkert hafi greitt í lífeyrissjóð. Ólafur sagði að lokum að hann teldi engan ávinning af því að borga í lífeyrissjóð.

Þingforseti bar því næst upp til atkvæðagreiðslu endurflutta tillögu stjórnar og trúnaðarráðs Verkalýðsfélags Akraness vegna fyrirhugaðrar hækkunar iðgjalda í lífeyrissjóði, þess efnis að fyrirhuguð hækkun iðgjalda í lífeyrissjóði úr 12% í 15,5% á næstu árum renni frekar í séreign launafólks heldur en í samtryggingarsjóðina.

Tillaga trúnaðarráðs Verkalýðsfélags Akraness var felld með 162 mótatkvæðum en 60 þingfulltrúar samþykktu tillöguna.

Kosningar

Stefanía Magnúsdóttir, formaður kjörnefndar, gerði grein fyrir tilnefningum á aðalmönnum til setu í miðstjórn ASÍ til 2014. Engar aðrar tilnefningar komu fram og töldust því eftirfarandi rétt kjörnir:

Stefán Einar Stefánsson, VR, Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, FVSA, Guðbrandur Einarsson, VS, Kristín M. Björnsdóttir, VR, Óskar Kristjánsson, VR, Sverrir Albertsson, Afl starfsgreinafélag, Björn Snæbjörnsson, Eining-Iðja, Sigurður Bessason, Efling stéttarfélag, Sigurrós Kristinsdóttir, Efling stéttarfélag, Kristján Snæbjarnarson, FRV, Finnbjörn A. Hermannsson, Byggið, Sævar Gunnarsson, Sjómannafélag Grindavíkur, Guðmundur Ragnarsson, VM.

Stefanía Magnúsdóttir gerði grein fyrir tilnefningum á varamönnum til setu í miðstjórn ASÍ til 2014. Engar aðrar tilnefningar komu fram og töldust eftirfarandi því rétt kjörnir:

Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, VR, Páll Örn Línadal, VR, Gils Einarsson, VMS, Kolbeinn Gunnarsson, Verkalýðsfélagið Hlíf, Finnbogi Sveinbjörnsson, Verkalýðsfélag Vestfjarða, Halldóra Sveinsdóttir, Báran, Fanney Friðriksdóttir, Efling stéttarfélag, Jens Heiðar Ragnarsson, FÍR, Hilmar Harðarson, FIT, Konráð Alfreðsson, Sjómannafélag Eyjafjarðar, Georg Páll Skúlason, FBM.

Stefanía Magnúsdóttir gerðir grein fyrir tilnefningum á aðalskoðunarmönnum og varaskoðunarmönnum reikninga. Engar aðrar tilnefningar komur fram og töldust eftirfarandi því rétt kjörnir til 2014.

Aðalskoðunarmenn:

Eyrún Ingadóttir, VR og Birna Birgisdóttir, Félag tæknimanna í rafiðnaði.

Varamenn þeirra til sama tíma:

Þórður Ólafsson, Efling-stéttarfélag og Einar Hjartarson, Félag verslunar- og skrifstofufólks Akureyri.

Þingforseti bar upp tillögu landssambanda og félaga með beina aðild um fulltrúa í kjörnefnd til loka þings 2014 var hún samþykkt með lófaklappi.

Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, LÍV, Kristín Björnsdóttir, LÍV, Ísleifur Tómasson, RSÍ, Sigurrós Kristinsdóttir, SGS, Kolbeinn Gunnarsson, SGS, Þorbjörn Guðmundsson, Samiðn, Níels S. Olgeirsson, Bein aðild, Konráð Alfreðsson, SSÍ og Ásgerður Pálsdóttir, SGS.

Klukkan 13:50 kom Þorsteinn Guðmundsson leikari og skemmtikraftur og skemmti þingfulltrúum.

Klukkan 14:10 var hefðbundnum þingstörfum haldið áfram.

Húsnæðismál /2. umræða og afgreiðsla

Sigurros Kristjánsdóttir, Eflingu-stéttarfélagi, kynnti afrakstur hópastarfsins um húsnæðismál sem vann drög að ályktun þings ASÍ. Tiltók Sigurros að nefndin hafi fengið til afgreiðslu tillögu stjórnar og trúnaðarráðs VLFA um afnám verðtryggingar á neytendalánnum, en tillagan hafi ekki fengið nægilegan hljómgrunn til að vera hluti af niðurstöðu nefndarstarfsins.

Vilhjálmur Birgisson, Verkalýðsfélagi Akraness rakti framkomin sjónarmið að baki tillögunni um afnám verðtryggingar og upplýsti að hann hyggðist mæla fyrir málamiðlunartillögu á milli tillögu VLFA og þeirrar tillögu sem hafi komið út úr nefndastarfinu sem yrði þá sameinuð ályktun þingsins. Lýsti Vilhjálmur jafnframt vonbrigðum sínum með að tillaga VLFA hafi verið felld í nefndarstarfinu enda hafi verðtryggingin leitt til þess að 400 milljarðar hafi fallið með fullum þunga á skuldsett heimili síðan 1. Janúar 2008. Málamiðlunartillagan væri á þá leið að fyrsti hluti tillögu VLFA sem fjallaði um að skorað væri á Alþingi Íslendinga að afnema verðtryggingu á neytendalán, kæmi inn í samþykka ályktun úr nefndarstarfinu. Sagðist hann að lokum áskilja sér rétt til að endurflytja upphaflega tillögu VLFA ef málamiðlunartillagan yrði felld.

Sigurros Kristjánsdóttir, Eflingu-stéttarfélagi, sagðist vilja vekja athygli þingfulltrúa á að verðtryggingin hafi verið mikið rædd í nefndarstarfinu og niðurstaðan hafi verið sú að æskilegast væri að fólk hefði raunverulegan valkost um það hvort það tæki verðtryggð eða óverðtryggð lán. Nefndarmenn hafi metið þetta að vel ígrunduðu máli með hliðsjón af sögulegum ástæðum um óstöðug verðbólguáhrif. Lagði Sigurros til að tillaga nefndarinnar fengi að standa óhreyfð þrátt fyrir framkomna málamiðlunartillögu VLFA þar sem niðurstaða hópavinnunnar hafi verið ótvíræða að því leyti að fólk vildi hafa val um sitt lánaform.

Þingforseti gerði stutt hlé á þingstörfum.

Þingfundur hófst á ný kl. 14:50.

Ragnar Þór Ingólfsson, VR, sagðist styðja tillögu VLFA um afnám verðtryggingar. Hann sagði það ótækt að áhættan væri öll lántakandans og að bankar gætu lánað út flóknar afleiður, sem verðtryggð lán væru, og hagnast síðan á verðbótunum. Tiltók Ragnar dæmi frá öðrum löndum um hvaða áhrif verðbólga hefði, þ.e. að vissulega rýrði hún kaupmátt launa en hún rýrði um leið skuldir, en það gerði hún alls ekki á Íslandi sökum verðtryggingarinnar. Sagði hann að sýnt hafi verið fram á það að verðtrygging sé verðbólguhvetjandi og jafnframt letjandi fyrir þá sem eiga að sjá um fjármálastöðugleika. Sagði hann verðtrygginguna vera einn verstí óvinur heimilanna í landinu.

Benedikt Ragnarsson, VR, sagðist telja nauðsynlegt að afnema verðtryggingu á neytendalán og því væri hann hlynntur málamiðlunartillögu, enda hafi hann lofað samstarfsmönnum sínum að stuðla að því að verðtrygging væri lögð til hliðar. Hann sagðist ekki telja að val á milli verðtryggðra og óverðtryggðra lána væri raunhæfur möguleiki því að verðtryggingunni fylgdi alltaf verðbólga. Benedikt sagði að það hafi verið mikið fjallað um afnám verðtryggingar í sínum umræðuhóp og sér þætti því furðulegt að slík krafa rataði ekki inn í ályktun nefndarinnar. Sagði hann að ef ætlunin væri að reyna að hjálpa unga fólkinu væri nauðsynlegt að samþykkja tillögu VLFA. Að endingu sagðist hann telja að

hugarfarsbreyting í okkar litla samfélagi væri nauðsynleg og við ættum að geta fundið leið til að standa saman og komast í gegnum vandann.

Hildur Mósesdóttir, VR, sagðist ekki kannast við þær niðurstöður sem kynntar hafi verið sem afrakstur umræðuhópanna nefndarvinnunnar um húsnæðismál. Fór hún fram á það að allar niðurstöður og miðar yrðu aðgengilegir til að tryggja fullkomið gegnsæi. Hildur sagðist ekki muna eftir einum miða sem snéri að því að festa krónuna, og sagði hún jafnframt að sér þætti orðalagið ekki nægilega skýrt og afgerandi. Sagðist hún telja að ekki hafi verið nægilega vel unnið úr umræðum og niðurstöðum en sagðist geta unað við ályktunina ef málamiðlunartillaga VLFA kæmi þar inn. Gerði hún jafnframt athugasemd við málgreinina um óháða fjármálaráðgjöf og greiðslumat, þ.e. að hættan geti verið að slíkt sé merkingarlaust og lánastofnanir haldi bara áfram að framkvæma sitt eigið greiðslumat sama hvað einhver annar segir. Vildi hún jafnframt gera athugasemd við síðustu málgrein kynntar ályktunar sem væri að hennar mati óþjál.

Kristján Þórður Snæbjarnarson, Félagi rafeindavirkja, kvaðst hafa verið í húsnæðismálanefndinni og að sú umræða sem hafi verið í sínum hópum hafi öll verið á þá leið að fólk vildi hafa val á milli þess að geta tekið verðtryggt eða óverðtryggt húsnæðislán. Kristján sagði að í raun væri sáralítill munur á þessum tvennum fyrirkomulögum um útreikning vaxta, þetta væri spurning um greiðslujöfnun og markmið verðtryggingarinnar hafi í ljósi tíðra sveiflna í íslensku efnahagslífi verið að tryggja það að fólk réði við afborganir. Kristjáns sagðist telja að afnám verðtryggingar væri ekki það sem heimilin þyrftu á meðan búið væri við verðbólguveiflur og óstöðugt verðlag. Afnám verðtryggingar á húsnæðislán myndi þýða fjöldagjaldþrot heimila í næsta verðbólguþroti og sagðist hann því styðja tillöguna eins og hún kæmi frá nefndinni í óbreyttri mynd.

Jóhann Sigurðsson, Félag málmíðnaðarmanna á Akureyrir, sagðist vilja benda á að hann gæti ekki séð að það skaðaði neinn að styðja tillögu VLFA um afnám verðtryggingar á neytendalán. Nefndi hann að menn töluðu hér um verðtryggð lán ættu að vera valmöguleiki á sama tíma og verulegur vafi léki á því hvort að slík lán væru lögmæt og nefndi sem dæmi að verðtryggð lán standist ekki þær kröfur sem eru settar fyrir fjárfesta í afleiðuvíðskiptum enda búi þarna að baki 4000 breytur. Teldi hann því að það ætti að afnema þetta sem neytendalán. Hvatti hann líka miðstjórn til að beita sér fyrir því að málið sem VLFA væri búið að höfða fengi flýtimeðferð fyrir dómstólum enda væru gífurlegir hagsmunir þar undir. Að lokum sagði hann að FMA hafi styrkt Hagsmunasamtök heimilanna í sinni baráttu og vildi hann hvetja önnur stéttarfélög til hins sama.

Hjalti Tómasson, Bárunni stéttarfélagi, sagðist vera þess fullviss að yfirgnæfandi krafa væri hjá almennum félagsmönnum þess efnis að afnema verðtryggingu. Sagðist hann hins vegar vera hræddur um hvað kæmi í staðinn og áttaði sig á að verðtrygging yrði ekki afnumin með einu pennastriki. Kerfið væri gallað og ósanngjarnt og það hefði betur verið lagt upp öðruvísi til að byrja með á sínum tíma. Hjalti sagðist vona að breytingartillagan frá VLFA væri þess eðlis að hann gæti samþykkt hana. Að endingu sagðist Hjalti vilja ítreka það að þegar öllu væri á botninn hvolft þyrfti að leggjast á árarnar að hjálpa fólki út úr skuldavandanum og ef verkalýðshreyfingin gerði það ekki, sagðist hann ekki vita hver ætti þá að gera það.

Vilhjálmur Birgisson, Verkalýðsfélagi Akraness, kynnti tillögu sína um að fyrsti hluti tillögu stjórnar og trúnaðarráðs VLFA um afnám verðtryggingar kæmi inn í ályktun nefndar um húsnæðismál og orðalagið um að „draga úr vægi verðtryggingar“ færi út. Sagðist hann telja nauðsynlegt að skýr skilaboð kæmu frá þinginu um að afnema þyrfti verðtryggingu og því legði hann formlega fram þessa málamiðlunartillögu. Sagði Vilhjálmur að verkalýðshreyfingin væri ein af þeim sem græddu á verðtryggingunni og frá því í ársbyrjun 2008 hafi sjóðir hreyfingarinnar gildnað um 12 milljarða, sem væru þá blóðpeningar sem skuldsett heimili hefðu greitt. Bætti Vilhjálmur að lokum við að hann væri afar þakklátur

þeim félögum sem styrkt hafi málssókn VLFA með fjárframlögum en gagnrýndi að sama skapi forystu ASÍ og landssambönd fyrir að verða ekki við beiðni sinni um styrk að fjárhæð kr. 300.000-.

Ásta Rut Jónasdóttir, VR, sagðist vera á þeirri skoðun að val væri besti kosturinn og að ASÍ ætti að beita sér fyrir þaki á húsnæðislán. Sagði hún að sér þætti ASÍ hafa sofið aðeins á verðinum með það að óverðtryggð lán hafi rutt sér til rúms án kröfu frá ASÍ um þak á vexti. Þar sem engir hámarksvextir væru á óverðtryggðum lánum væri kostnaðurinn við þau lán mjög svipaður og á verðtryggðum lánum. Sagðist hún jafnframt sakna þess að sjá ekkert um þak á vexti í ályktun húsnæðisnefndar. Að endingu vildi hún skora á ASÍ að gera aðgengilegar upplýsingar um kosti í lánamálum, þ.e. hver munurinn á verðtryggðum og óverðtryggðum lánum væri og sagði hún að vefsíða ASÍ væri góður vettvangur fyrir slíkar upplýsingar.

Birgir Már Guðjónsson, VR, fagnaði góðri umræðu en sagði jafnframt að verðtryggingin sem slík væri ekki vandamálið. Vandamálið væri efnahagsleg óstjórn með tíðum sveiflum. Án verðtryggingar yrðu afborganir það miklar að flestir lántakendur stæðu ekki undir þeim. Hann sagðist vilja losna við verðtrygginguna en ekki væri hægt að gera það með einu pennastriki og sagðist hann styðja tillögu um bót á málum, en gæti ekki stutt það að verðtryggingunni yrði kippt úr sambandi á meðan verðbólguveiflur væru svo tíðar. Sagðist Birgir sakna þess að umræðan hafi ekki verið nægilega lausnamiðuð enda væri verðtryggingin húsnæðislána mjög stórt vandamál.

Ólafur Sveinsson MATVÍS, gagnrýndi vinnubrögðin í húsnæðisnefnd þar sem tíminn hafi verið alltof stuttur. Hann sagði að það væri mótsögn í umræðunni um verðtrygginguna, þar sem í skýrslu ASÍ um Efnahagsmál væri að finna háleit markmið um að losna við verðtryggingu en því væri ekki fylgt eftir á þinginu, það þurfi að samræma þennan málf lutning betur og því styddi hann málamiðlunartillögu VLFA. Sagði hann að húsnæðislánin væru að sliga fólk og því skildi hann ekki af hverju ályktunin væri ekki harðorðari í garð verðtryggingarinnar, og gagnrýndi orðalagið að „draga úr vægi verðtryggingar“, og varpaði fram spurningunni um ef hún væri ekki svo slæm, af hverju ætti þá að draga úr vægi hennar. Ólafur gagnrýndi einnig það fyrirkomulag að lántakendur sjálfir ættu að reikna verðbólgu markmið, þar sem fólk hafi almennt ekki sérþekkingu á slíkri þróun efnahagsmála.

Sigurjón Einarsson Byggið, sagði að í sínum hópi hafi komið fram sterkar raddir að horfa til gamla félagslega kerfisins. Hann sagði að umræðan hafi snúist um það að val ætti að vera til staðar um hvort fólk tæki verðtryggt eða óverðtryggt lán og það hafi verið niðurstaðan í sínum hóp. Sagði hann að best væri að hafa þök bæði á vöxtum og verðtryggingunni og hann hafi viðrað þá hugmynd í sínum hóp og að VLFA hefði átt að hafa það í sinni tillögu. Fjallaði hann einnig um það sem fram kom í ályktuninni um verðmat og ástandsskoðun og sagði að réttast væri að tengja það við lánveitingar þannig að menn fengi ekki lán án undangenginnar slíkrar skoðunar sem hefði svo áhrif á lánsfjárhæðina.

Sverrir Albertsson, AFLi starfsgreinafélagi, sagði að breytingartillaga VLFA ætti ekkert skylt við verðtryggingu, og ef hún yrði samþykkt væri verið að taka af sér fjárræði. Hann sagðist treysta fullorðnu fólk til að taka upplýstar ákvarðanir, þetta væri í raun spurning um val. Sagðist hann jafnframt ekki tilbúinn að styðja það að lán yrðu niðurgreidd enda þyrfti alltaf einhver að borga á endanum, málin væru ekki leyst með einu pennastriki. Sverrir sagðist jafnframt fagna tillögum um félagslegt húsnæði eins og það var þekkt í fyrri tíð en hann hefði ekki áhuga á að greiða niður fyrir stóru einbýlishúsin í Grafarvogi. Að endingu sagði Sverrir það ekki vera rétt að verðtrygging þekktist ekki í öðrum löndum í Danmörku meðal annars eru verðtryggð lán þekkt.

Óskar Guðmundsson, VM, sagði það sína skoðun að húsnæði ætti að vera hluti af grunnframfærslu. Hann sagði að ekki hafi verið nóg að gert í húsnæðismálum eftir hrun og

að hin svokallaða „110% leið“ væru gæsalappir utan um þá sem væru í raun gjaldþrota. Gagnrýndi hann óljóst orðalag í ályktun nefndar um húsnæðismál og hún einkenndist af stefnuleysi. Að endingu sagði hann að samkvæmt ESB væru afleiðuviðskipti til almennings bönnuð og hann styddi tillögu VLFA.

Smári Garðarsson, VM, sagði að umræðan um húsnæðismál og verðtrygginguna væri nokkuð flókin en aðal atriðið að sínu mati væri heilbrigð skynsemi og sparnaður. Sagðist hann eiga erfitt með að skilja rökin á bak við 100% lán. Allir, og þá sérstaklega ungt fólk þyrfti að líta í eigin barm, það gengi ekki að kaupa allt og hlaupa á eftir öllum tilboðum, það væri ekki hægt að koma sér þaki yfir höfuðið nema geta borgað út 30%.

Georg Páll Skúlason, Félagi bókagerðarmanna, sagði að lánaformin sem hér væru til umræðu væru afleiðing óstöðugleika í efnahagslífi. Það hafi þurft að ná tókum á því á sínum tíma að allir væru að kaupa sér húsnæði í slíku efnahagsumhverfi. Hann sagði að glapræði væri að kaupa eign og skulda yfir 100% í henni alveg frá byrjun nánast alveg sama hvaða lánaform væru fyrir hendi. Hann teldi að lykilatriði fyrir framtíðarskipulag húsnæðislána væri, að einhver hvati væri í því að spara. Sagði hann að verðtryggingin væri slæm en veruleikinn sem við byggjum við gerði það að verkum að hún væri nauðsynleg. Hann sagði að það væri hægt að setja fram kröfu um þak á vexti en það væri skýrt hvað það myndi þýða, þ.e. að erfiðara yrði að fá lán. Georg sagðist vilja samþykkja tillöguna frá nefndinni eins og hún var lögð fram og ekki væri skynsamlegt að æða af stað í einhverja vegferð sem ekki hafi verið hugsuð til enda.

Vilhjálmur Birgisson, Verkalýðsfélagi Akraness reifaði áður framkomin sjónarmið um að verðtryggingin væri að sliga heimilin og hvatti alla til að styðja breytingartillögu VLFA. Hann sagðist fagna góðum punktum sem fram hafi komið hjá ræðumönnum um að verðtryggð húsnæðislán væru í raun afleiða og einnig að upplýsingaskylda lánastofnana verið vanrækt í stórum stíl gagnvart lántökum. Sagði hann það vera alvarlegt mál sem fram hafi komið hjá fyrri ræðumönnum um að þau sjónarmið sem hafi verið til umræðu í umræðuhópunum hafi ekki skilað sér í ályktun nefndarinnar. Sakaði hann að lokum í ljósi framangreinds, þá sem hafi komið að gerð ályktunarinnar um að „kokka upp“ niðurstöðuna.

Fríður Birna Stefánsdóttir, VR, sagðist telja að umræðan væri almennt einkennileg. Að hennar dómi væri verið að leita leiða til að skulda enn meira og um leið og að hafa það gott. Hún sagðist ekki telja þetta spurningu um verðtryggingu eða ekki verðtryggingu, vandamálið væri að fólk væri að eyða um efni fram. Fríður sagði að það væri ekki hægt að eiga allt, eða vilja eiga allt og eignast íbúð í leiðinni. Fólk þyrfti að forgangsráða eftir því hvað hentaði sér best. Hún sagði að verkalýðshreyfingin og forysta hennar ættu að huga að raunverulegum lífsgæðum.

Kristján Þórður Snæbjarnarson, Félagi rafeindavirkja, taldi að það sem raunverulega þyrfti væri að ná efnahagslegur stöðugleiki, þá þyrftum við ekki verðtryggingu. Kristján sagði að lausnir þyrftu að vera raunhæfar og það væri staðreynd að enginn lánaði fé ef engin væri ávöxtunin fyrir þann sem lánaði, því teldi hann þak á vexti ekki vera raunhæfa lausn. Efnahagslegur stöðugleiki og lægri verðbólga væri eina meðalið við því vandamáli sem væri ríkjandi í lánamálum heimilanna. Hann sagðist því ekki geta stutt breytingartillögu VLFA.

Hildur Mósesdóttir, VR, spurði hvort þeir sem mæltu með verðtryggingunni hafi haft val á sínum tíma hvort tekið væri verðtryggt eða óverðtryggt lán. Hún væri á þeirri skoðun að afnema ætti verðtryggingu og setja þak á vexti og bankarnir gætu þá bara haft fyrir því að græða og hafa góða hagstjórn

Hjalti Tómasson, Bárunni, sagði það augljóst mál að verðtryggingin þyrfti að fara þó svo að honum væri ekki alveg sama hvernig það ætti að gerast. Hann sagðist telja ályktun nefndarinnar með þeim breytingartillögum sem komu frá VLFA væri þess eðlis að hann gæti

sæst á hana enda sagðist hann fullviss að þetta endurspegladi þá kröfu sem væri úti í samfélaginu og þannig gæti verkalýðshreyfingin endurheimt trúverðugleika meðal almennings. Hann sagðist vera kosinn sem þingfulltrúi af fólki sem væri á þeirri skoðun að afnema ætti verðtryggingu og því myndi hann styðja tillögu VLFA.

Ragnar Þór Ingólfsson, VR, velti fyrir sér ástæðu hárra vaxta. Sagði hann að ein ástæðan væri sú að það væri engin hvati hjá lánveitendum að halda stöðugleika og það væri óverjandi að áhættan af lánveitingum væri öll öðru megin. Ragnar sagði að það þyrftu allir að hafa sama hvatann af því að efnahagslegur stöðugleiki ríki og afnám verðtryggingar væri sá hvati. Hann sagði að ekki væri hægt að ætlast til þess að almenningur gæti í útreikningum sínum spáð fyrir um verðbólgu þegar Seðlabankinn gæti það ekki sjálfur. Ragnar sagðist óttast það eins og málf lutningurinn hafi verið að verið væri að nota verðtrygginguna sem skiptimynt fyrir inngöngu í ESB. Að endingu sagði hann að staðan væri þannig í dag að ungt fólk gæti hreinlega ekki sparað út af okurvöxtum og hárrí leigu, og því tæki það hálfu starfsævina að safna fyrir innborgun á íbúð.

Þingforseti bar því næst upp til atkvæðagreiðslu breytingartillögu stjórnar og trúnaðarráðs Verkalýðsfélags Akraness við drög að ályktun um húsnæðismál.

Óskað var eftir leynilegri atkvæðagreiðslu. Tillaga stjórnar og trúnaðarráðs Verkalýðsfélags Akraness var felld með 121 mótatkvæði en 103 þingfulltrúar samþykktu tillöguna.

Þingforseti bar ályktun um húsnæðismál upp til atkvæða.

Eftirfarandi ályktun um húsnæðismál var samþykkt með 12 mótatkvæðum.

„Verkalýðshreyfingin hefur frá upphafi látið húsnæðismál til sín taka vegna þess að öruggt húsnæði á viðráðanlegum kjörum er einn af grundvallarþáttunum í velferð launafólks. Þannig beitti hreyfingin sér fyrir uppbyggingu verkamannabústaðakerfisins og síðar félagslega húsnæðiskerfisins. Þá hefur verkalýðshreyfingin látið sig varða kjör og fyrirkomulag húsnæðislána, vaxtabótakerfið og stöðu leigjenda.

Vandinn sem Íslensk heimili standa frammi fyrir í dag er ærinn og mikilvægt að við honum sé brugðist.

Áherslur ASÍ eru:

- Að tryggt verði að hér ríki efnahagslegur stöðugleiki með meiri festu í gengi krónunnar og lágri verðbólgu.
- Að hér verði komið á einu kerfi húsnæðisbóta sem jafni stöðu kaupenda og leigjenda. Við útfærslu kerfisins verði tekju- og eignaskerðingum stillt í hóf og þess gætt að staða lág- og millitekjufólks verði bætt frá því sem nú er, bæði hvað varðar kaup og leigu.
- Að fjölbreytileiki í húsnæðismálum verði augin, með því að efla leigumarkaðinn þannig að hann verði raunverulegur öruggur valkostur og að fólk geti valið auk hefðbundinna kaupa- og leigu milli mismunandi búsetuforma svo sem kaupréttar og kaupleigu. Þá er mikilvægt að endurvekja félagslega húsnæðiskerfið.
- Að húsnæðisvextir verði lækkaðir, m.a með því að leita fyrirmýnda hjá þeim þjóðum sem bestum árangri hafa náð í að byggja upp húsnæðislánamarkað og lækka kostnað við lántökur, s.s. stimpilgjöld, þinglýsingargjöld og lántökugjöld.

- Að dregið verði úr vægi verðtryggingar með því að lánastofnanir bjóði upp á hagstæðari óverðtryggð lán.
- Að leita leiða til að lækka byggingakostnað með því að sveitarfélög lækki lóðaverð og dregið verði úr kröfum í byggingareglugerðum án þess að dregið verði úr öryggi eða aðgengi fatlaðra.
- Að húskaupendum verði boðið upp á óháða fjármálaráðgjöf og ráðgjöf um mat á ástandi fasteigna.
- Að tryggja ungu fólki stuðning við að stíga sín fyrstu skref á fasteignamarkaðnum með því að hvetja ungt fólk til sparnaðar með sérstökum húsnæðisreikningum sem njóti góðra kjara og hagstæðrar skattalegrar meðferðar og koma til móts við unga kaupendur með skattaívilnun sem tryggi hraðari eignamyndun.

Helstu verkefni ASÍ eru:

- Að beita sér fyrir því að stjórnvöld taki upp meiri festu í gengisskráningu.
- Að krefjast aðkomu verkalýðshreyfingarinnar að útfærslu á nýju kerfi húsnæðisbóta.
- Að þrýsta á stjórnvöld að endurvekja félagslega íbúðakerfið.
- Að beita sér fyrir því að leigumarkaðurinn verð eflur í samvinnu við stjórnvöld og fjárfesta.
- Að þrýsta á stjórnvöld að þau breyti fyrirkomulagi opinberra húsnæðislána til samræmis við það sem best gerist í nágrannalöndunum og að stjórnvöld dragi verulega úr gjaldtöku á húsnæðislánum.
- Að beita sér fyrir því að ríki og sveitarfélög geri það sem í þeirra valdi stendur til að draga úr kostnaði við nýbyggingar.
- Að beita sér fyrir því að boðið verði upp á öflugra ráðgjafabjónustu fyrir fólk í húsnæðisleit.
- Að þrýsta á stjórnvöld að taka upp sérstakar skattaívilnanir fyrir ungt fólk sem sem er að koma út á húsnæðismarkaðinn."

Þingforseti bar því næst upp til atkvæðagreiðslu endurflutta tillögu stjórnar og trúnaðarráðs Verkalýðsfélags Akraness um afnám verðtrygginga. Tillagan var felld með 114 mótatkvæðum en 65 þingfulltrúar samþykktu tillöguna.

Önnur mál

Fríður Birna Stefánsdóttir, VR, hvatti ASÍ til að fara í rannsóknarvinnu um stöðu ungs fólks á húsnæðismarkaði í stað þess að fjalla um kosti og galla verðtryggingar. Sagðist hún telja að ástandið væri þannig að margir væru í átthagafjöðrum í foreldrahúsum. Hún sagði að almennt væru upplýsingar um húsnæðismál ábótavant. Því væri mikilvægt að vinna nákvæma rannsókn miðað við þær forsendur sem skipti ungt fólk máli og að ASÍ ætti að vinna þessa vinnu, hún sagði að lokum að það myndi efla umræðunni um húsnæðismál.

Stefán Einar Stefánsson, VR, óskaði forseta og varaforseta ASÍ til hamingju með endurkjörið f.h. LÍV og sagðist jafnframt vilja þakka forsetum, þingriturum og

starfsmönnum þingsins fyrir góð störf. Stefán sagðist jafnframt vera á þeirri skoðun að prentun væri of mikil á skjallægum gögnum á þinginu og með því væri verið að eyða of mikið af skógum sem væru ekki í okkar eigu. Skoraði hann því á forystuna að taka prentunarmál til endurskoðunar fyrir næsta þing með það að leiðarljósi að draga úr pappírnotkun. Að endingu sagðist Stefán vilja skora á aðildarfélög ASÍ að auka gagnsæi varðandi fjárreiður félaganna og sagðist gjarnan vilja að ASÍ yrði samráðsvettvangur um aukið upplýsingaflæði í þeim efnum.

Guðmundur Ragnarsson, VM, byrjaði á því að senda öllum kjörnum fulltrúum hamingjuóskir. Guðmundur sagðist vera ósáttur við þá gagnrýni sem forysta hreyfingarinnar hafi fengið á þinginu. Hann hafi kynnst þessu starfi fyrir fjórum árum þegar hann settist í miðstjórn og sagði hann þar væri unnið gott starf og markmiðið væri að finna raunhæfar og sanngjarnar lausnir en ekki kaupa sér vinsældir með óraunhæfum tillögum. Sagðist hann telja að tíðar og viðvarandi efnahagslegur sveiflur væri stóra vandamálið, verðtryggingin væri hluti af þeim vanda og hreyfingin þyrfti áfram að leita leiða til að koma þeim málum í lag með skynsamlegum lausnum sem feli ekki í sér að senda reikninginn á einhvern annan.

Guðni Gunnarsson, formaður ASÍ-UNG, sagðist vilja þakka öllum fyrir gott þing og hvatti jafnframt öll aðildarfélögin til að skapa vettvang fyrir ungt fólk til að koma saman og ræða sín hagsmunamál.

Vilhjálmur Birgisson, VLFA, sagðist vilja svara þeirri gagnrýni sem á hann hefði komið. Hann sagðist hafa verið málefnalegur og stutt sínar tillögur með staðreyndum fengnum með opinberum tölulegum upplýsingum. Sagði hann að VLFA hafi lagt til einu alvöru lausnirnar á viðvarandi vandamáli. Vilhjálmur gagnrýndi félög og formenn þeirra sem hafi komið óundirbúnir á þingi og gagnrýndi jafnframt skort á tillögum frá öðrum félögum. Að endingu sagðist Vilhjálmur vilja þakka forsetum þingsins og starfsfólki ASÍ fyrir sín störf á þinginu.

Fundarslit

Þingforsetar þökkðu þingfulltrúum fyrir gott samstarf á þinginu.

Gylfi Arnbjörnsson, VR, sagði þingið hafa verið árangursríkt og umræðurnar málefnalegar. Sagðist hann jafnframt vilja þakka þingforsetum, þingriturum og starfsfólki þingsins fyrir gott starf. Gylfi óskaði nýjum miðstjórnarfulltrúum velfarnaðar í embætti og sagðist jafnframt vilja þakka þeim Guðmundi Gunnarssyni, Ingibjörgu Ósk Birgisdóttur og Stefaníu Magnúsdóttur, sem væru að stíga úr miðstjórn fyrir sitt framlag á vettvangi miðstjórnar í gegnum tíðina.

Guðmundur Gunnarsson, Félagi íslenskra rafvirkja, þakkaði Gylfa og þingfulltrúum fyrir hlý kveðju- og þakkarorð í sinn garð. Sagði Guðmundur að sér þætti miður að umræðan hjá sumum snérist stundum um það að fámenn klíka réði öllu í hreyfingunni og hún væri ekki í takti við vilja hins almenna félagsmanns. Hann sagði það alls ekki sína upplifun og ekki sína reynslu úr löngu starfi f.h. sinna umbjóðenda í RSÍ, enda væru vinnubrögðin lýðræðisleg. Það sama ætti við um gagnrýni á skipulagið innan ASÍ, í ljósi fulltrúalýðræðis þyrfti forseti að tala í takt við vilja miðstjórnar og þings og sagðist hann telja að svo hafi ávallt verið gert. Að lokum þakkaði Guðmundur Gunnarsson fyrir samfylgdina í gegnum árin með eftirfarandi texta. „Við hefðum alið með okkur vonina um betra samfélag. Hún væri okkur ómissandi, en dygði ekki ein og sér. Við stæðum ekki án drauma neinn dag til kvölds í fullsælu þess sem við trúðum að væri frá eilífð til eilífðar. Illska væri okkur samt ekki í blóð borin og margsinnis skalf hjartað, af fögnuði.“ [Textinn styðst í nokkru við línur úr 2 ljóðum úr ljóðabókinni *Fyrir kvölddyrum, Hannes Pétursson, Mál og menning, 2006*].

Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ sleit 40. þingi Alþýðusambands Íslands.

Hann sagðist vilja ítreka þakkir sínar til þingfulltrúa fyrir gott þing og það traust sem honum hafi verið sýnt með endurkjörinu. Hann sagðist vera ánægður með það skipulag sem hafi verið viðhaft í málefnavinnunni og hrósaði þingfulltrúum fyrir virka þátttöku og góðar hugmyndir. Sagði hann jafnframt að miðstjórn hafi ákveðið að efna til fundarherferðar með þjóðfundarformi hjá almennum félagsmönnum aðildarfélaga ASÍ til þess að hlusta og eiga samræður um skipulag verkalýðshreyfingarinnar. Gylfi sagði ekki efast um að miðstjórn fagnaði þeirri áskorun sem fram hafi komið um að ASÍ rannsaki stöðu ungs fólks á húsnæðismarkaði. Að endingu sagðist Gylfi vilja hvetja alla til að taka vel í fyrirhugaða útgáfu sögu ASÍ á næstu mánuðum og að leggja sitt á vogaskálarnar við dreifingu á ritinu enda væri mikilvægt að vel skrásett saga ASÍ væri komandi kynslóðum og öllum sem hafi áhuga, vel aðgengileg. Að lokum þakkaði hann þingfulltrúum og starfsfólki þingsins fyrir vel unnin störf og óskaði öllum góðrar heimkomu.

40. þingi Alþýðusambands Íslands slitið kl. 16:45.

ÞINGFULLTRÚAR Á 40. ÞINGI ASÍ 2012

Félög með beina aðild

Félag bólkagerðarmanna

Georg Páll Skúlason
Hrafnhildur Ólafsdóttir
Oddgeir Þór Gunnarsson
Óskar Ragnar Jakobsson

VM - Félag vélstjóra og málmtæknimanna

Andrés Bjarnason
Brynjar Viggósson
Brynjólfur Árnason
Guðmundur Smári Guðmundsson
Guðmundur Þórður Ragnarsson
Guðni Gunnarsson
Gylfi Ingvarsson
Halldór Arnar Guðmundsson
Haraldur Guðjón Samúelsson
Hugi Árbjörnsson
Kristinn Sævar Jóhannsson
Marteinn S Karlsson
Örn Friðriksson
Sævar Örn Kristjánsson
Samúel Ingvason

Sigurjón Már Pétursson
Smári Garðarsson
Vignir Eyþórsson

MATVÍS

Gígja Magnúsdóttir
Níels Sigurður Olgeirsson
Ólafur G Sveinbjörnsson
Sigurður Magnússon

Félag hársnyrtisveina

Lilja Kristbjörg Sæmundsdóttir

Félag leiðsögumanna

Kári Jónasson

Flugfreyjufélag Íslands

Sigrún Jónsdóttir
Kristín Bjarnadóttir

Mjólkurfræðingafélag Íslands

Markús Betúel Jósefsson

Landssamband íslenskra verzlunarmanna

VR

Aðalheiður Signý Óladóttir
Anna Karlsdóttir
Anna Þórðardóttir Bachmann
Árni Leósson
Ásalaug Alexandersdóttir
Ásthildur Björgvinsdóttir
Benedikt Ragnarsson
Benedikt Vilhjálmsson
Benóný Valur Jakobsson
Birgir Már Guðmundsson
Bjarni Þór Sigurðsson
Björg Árnadóttir
Bryndís Guðnadóttir
Elías Guðmundur Magnússon
Eyrún Ingadóttir
Finnbogi Albertsson
Fríður Birna Stefánsdóttir
Guðbirna K. Þórðardóttir
Guðjón Steinarsson

Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir
Guðrún Halla Vilmundardóttir
Guðrún Indriðadóttir
Guðrún Jóhannsdóttir
Guðrún Jónsdóttir
Guðrún María Jóhannsdóttir
Guðrún Rósa Gunnarsdóttir
Gunnar Böðvarsson
Gunnar Heiðberg Gestsson
Gylfi Arnbjörnsson
Hafdís Bára Bjarnadóttir
Hafsteinn Hafsteinsson
Hansína Gísladóttir
Harpa Sævarsdóttir
Helga Árnadóttir
Hildur Mósesdóttir
Hreinn Sigmarsson
Inga Jóhannsdóttir
Ingibjörg Ósk Birgisdóttir
Ingveldur María Tryggvadóttir

Jóhann Bjarni Knútsson
Jóhann Már Sigurbjörnsson
Jóhanna Sigurbjörg Rúnarsdóttir
Jón Ingi Kristjánsson
Jón Magnússon
Jóna Matthildur Jónsdóttir
Júlíana Pálsdóttir
Júnía Þorkeldsdóttir
Kári S Friðriksson
Kristín María Björnsdóttir
Kristín Waage
Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir
Linda Björk Hávarðardóttir
Magnús Þorsteinsson
Ólafur Reimar Gunnarsson
Óskar Guðmundsson
Óskar Kristjánsson
Ragnar Egilsson
Ragnar Þór Ingólfsson
Rósmarý Andersen Úlfarsdóttir
Sæmundur Karl Jóhannesson
Samúel Jón Samúelsson
Sara Lind Guðbergsdóttir
Sigríður Ásta Hallgrímsdóttir
Sigríður Stefánsdóttir
Sigurbjörg Jónsdóttir
Sigurbjörg Þorláksdóttir
Sigurður Sigfússon
Stefán Einar Stefánsson
Stefán Viðar Egilsson
Stefanía Magnúsdóttir
Steinþór Ásgeirsson
Steinunn Böðvarsdóttir
Sveinbjörn F Pétursson
Sverrir Ólafur Benónýsson
Þóra Skúladóttir Öfjörð
Þórður Mar Sigurðsson
Þórhildur Ragna Karlsdóttir
Þorlákur Jóhannsson
Þorsteinn Elísson
Þorsteinn Þórólfsson

Þröstur Valgarðsson
Unnur Elva Arnardóttir
Valur Magnús Valtýsson
Valva Árnadóttir

Verslunarmannafélag Suðurnesja

Guðbrandur Einarsson
Bryndís Kjartansdóttir
Sigrún Ólafsdóttir
Sveinbjörg sigurðardóttir

Stéttarfélag Vesturlands

Einar Oddur Pálsson

Stéttarfélagið Samstaða

Sigríður Arnfjörð Guðmundsdóttir

Framsýn - stéttarfélag

Jónína Hermannsdóttir

Verslunarmannafélag Skagafjarðar

Hjörtur S Geirmundsson

Félag verslunar-og skrifstofufólks Akureyri

Anna María Elíasdóttir
Eiður Stefánsson
Guðmundur Lárus Helgason
Hildur Tryggvadóttir
Úlfhildur Rögnvaldsdóttir

Verslunarmannafélag Suðurlands

Guðmundur Gils Einarsson
Kristján Hálfðánarson

Verkalýðsfélag Vestfirðinga

Finnur Magnússon

AFL-Starfsgreinafélag

Gunnhildur Imsland

Rafiðnaðarsamband Íslands

Félag ísl. símamanna

Grétar Birkir Guðmundsson
Guðrún S Bergþórsdóttir
Kristín Þóra Benediktsdóttir

Félag ísl. rafvirkja

Björn Ágúst Sigurjónsson
Guðmundur Gunnarsson
Ísleifur Tómasson

Jens heiðar Ragnarsson
Jón Ingi Skúlason Öfjörð
Svanborg Hilmarisdóttir

Félag rafeindavirkja

Björn Eysteinnsson
Eyjólfur Ólafsson
Kristján Þórður Snæbjarnarson

Félag tæknifólks í rafiðnaði

Jakob Tryggvason
 Sigurjón Guðni Ólason
 Þorsteinn Úlfar Björnsson

Rafiðnaðarfélag Suðurnesja

Georg Grundfjörð Georgsson

Rafvirkjafélag Norðurlands

Helgi Jónsson

Félag rafiðnaðarmanna Suðurlandi

Helgi Guðmundsson

Félag sýningarstjóra kvikmyndahúsa

Stefán Ó Guðmundsson

Samiðn, samband iðnfélaga**BYGGIÐN – Félag byggingarmanna**

Finnbjörn A Hermannsson
 Guðmundur Guðmundsson
 Guðmundur Ómar Guðmundsson
 Heimir Þorleifur Kristinsson

Sveinn Jónsson
 Tryggvi Frímánn Arnarson
 Vilhjálmur G Gunnarsson

Þingiðn

Jónas Kristjánsson

Félag iðn- og tæknigreina

Andrés Haukur Hreinsson
 Ármann Ægir Magnússon
 Einar Þór Gíslason
 Georg Óskar Ólafsson
 Gunnar Björn Gunnbjörnsson
 Helgi Pálsson
 Hilmar Harðarson
 Ólafur Sævar Magnússon
 Sveinn Ingason

AFL-Starfsgreinafélag

Sigurður Hólm Freysson

Félag járníðnaðarmanna Ísafirði

Halldór Óli Hjálmarsson

Félag málmíðnaðarmanna Akureyri

Jóhann Rúnar Sigurðsson

Sjómannasamband Íslands**Sjómannafélag Hafnarfjarðar**

Jón Rósant Þórarinsson

Jón Zophoníasson
 Knútur Eiðsson
 Konráð Þorsteinn Alfreðsson
 Kristinn Sigurður Pálsson
 Kristján Eldjárn Jónsson

Verkalýðsfélag Akraness

Pétur Þór Lárússon

Aldan stéttarfélag

Ágúst Marinósson

AFL-Starfsgreinafélag

Grétar Ólafsson
 Stephen Róbert Johnson

Sjómannafélag Eyjafjarðar**Starfsgreinasamband Íslands****Efling-stéttarfélag**

Aðalbjörg J Jóhannesdóttir
 Aðalsteinn R Björnsson
 Einar Vignir Baldursson
 Elín Jónsdóttir
 Elínbjörg Magnúsdóttir
 Fanney Helga Friðriksdóttir
 Franz Arason
 Friðrik Ingi Karelsson

Guðjón Ágúst Norðdahl
 Guðmundur Þ Jónsson
 Guðný Óskarsdóttir
 Halldór Valur Geirsson
 Harpa Andersen
 Harpa Ásgeirsdóttir
 Hjörtur Traustason
 Hörður Aðalsteinsson
 Ingibjörg Guðmundsdóttir

Ingibjörg J. Guðmundsdóttir
Ingibjörg Sigríður Árnadóttir
Ingólfur Björgvin Jónsson
Ingvar Vigur Halldórsson
Jens Þorsteinsson
Jóhann Ingvar Harðarson
Jóna Sigríður Gestsdóttir
Kristbjörg B Guðjónsdóttir
Kristján Páll Bragason
Kristrún Sigurðardóttir
Lilja Eiríksdóttir
Magnús Jakobsson
Ólafur Haraldsson
Ragnar Ólason
Ragnheiður A Þorsteinsdóttir
Sædís Laguna Tangolamos
Sigríður Stefánsdóttir
Sigurður Bessason
Sigurey Agatha Ólafsdóttir
Sigurrós Kristinsdóttir
Snorri Ársælsson
Stanislaw Bukowski
Stefán Gíslason
Þóra Jónsdóttir
Þóra Sigurbjörnsdóttir
Þórður Ólafsson
Þorsteinn M Kristjánsson
Þuríður Ingimundardóttir
Tryggvi Marteinnsson
Valgerður Jónsdóttir
Viðar Ottesen

Verkalýðsfélagið Hlíf

Eyþór Þormóður Árnason
Harpa Sif Sigurjónsdóttir
Kolbeinn Gunnarsson
Linda Baldursdóttir
Ólafur Pétursson
Ragnar Árnason

VI. og sjóm.fél. Keflavíkur og nágr.

Ásdís Ingadóttir
Fjóla Svavarsdóttir
Gunnar Þór Jóhannsson
Hulda Örlygsdóttir
Jóhannes D Halldórsson
Kristján G Gunnarsson

Verkalýðsfélag Grindavíkur

Magnús Már Jakobsson

VI. og sjóm.fél. Sandgerðis

Magnús Sigfús Magnússon

Verkalýðsfélag Akraness

Ásgerður Magnúsdóttir
Bryndís Ólöf Guðjónsdóttir
Hafsteinn Þórisson
Jón Jónsson
Vilhjálmur E Birgisson

Stéttarfélag Vesturlands

Signý Jóhannesdóttir
Sigurþór Óskar Ágústsson

Stéttarfélagið Samstaða

Ásgerður Pálsdóttir
Stefanía Anna Garðarsdóttir

Verkalýðsfélag Snæfellinga

Sigurður A Guðmundsson
Þorsteinn Sigurðsson

Verkalýðsfélag Vestfirðinga

Eygló Jónsdóttir
Finnbogi Sveinbjörnsson
Ingvar Guðfinnur Samúelsson
Sævar Gestsson

Aldan stéttarfélag

Anna Dröfn Björnsdóttir
Þórarinn Guðni Sverrisson

Eining - Iðja

Anna Júlíusdóttir
Björn Snæbjörnsson
Guðrún J Þorbjarnardóttir
Halldóra Hrönn Höskuldsdóttir
Ingvar Kristjánsson
Ingvar Örn Sigurbjörnsson
Margrét Haukdal Marvinsdóttir
Margrét Jónsdóttir
Sigríður K Bjarkadóttir
Stefán Aðalsteinsson

Framsýn - stéttarfélag

Aðalsteinn Árni Baldursson
Kristbjörg Sigurðardóttir
Torfi Aðalsteinsson

Verkalýðsfélag Þórshafnar

Svala Sævarsdóttir

AFL-Starfsgreinafélag

Elías Jónsson

Guðlaugur Pröstur Bjarnason
Hjördís Þóra Sigurbórsdóttir
Jóna Járnbrá Jónsdóttir
Kristrún Björg Gunnarsdóttir
Reynir Arnórsson
Skúli Hannesson
Steinunn Zoéga
Sverrir Mar Albertsson

Drífandi stéttarfélag

Arnar G Hjaltalín
Guðný Óskarsdóttir

Verkalýðsfélag Suðurlands

Eiríkur Tryggvi Ástþórsson
Már Guðnason

Báran, stéttarfélag

Halldóra Sigríður Sveinsdóttir
Kristbjörn Hjalti Tómasson
Örn Bragi Tryggvason

ASÍ – UNG

Friðrik Guðni Óskarsson
Gísli Jósep Hreggviðsson
Guðfinna Alda Ólafsdóttir
Guðni Gunnarsson
Hrefna Gerður Björnsdóttir
Hrönn Jónsdóttir
Ingólfur Björgvin Jónsson
Sverrir Kristján Einarsson
Valur Guðbjörn Sigurgeirsson

BREYTINGAR Á ÞINGFULLTRÚUM FRÁ 15. – 17. OKTÓBER 2012

Landssamband íslenskra verzlunarmanna

VR

Anna Karlsdóttir	Aðalmaður	Forfallaðist
Ásta Rut Jónasdóttir	Varamaður	Mætir
Ástríður S Valbjörnsdóttir	Varamaður	Mætir
Björg Árnadóttir	Aðalmaður	Forfallaðist
Elisabet Magnúsdóttir	Varamaður	Mætir
Gerða Björg Hafsteinsdóttir	Varamaður	Mætir
Guðrún Rósa Gunnarsdóttir	Aðalmaður	Forfallaðist
Gunnar Heiðberg Gestsson	Aðalmaður	Forfallaðist
Harpa Sævarsdóttir	Aðalmaður	Forfallaðist
Jóhanna Dúna Viborg	Varamaður	Mætir
Kalla Björg Karlsdóttir	Varamaður	Mætir
Páll Örn Líndal	Varamaður	Mætir
Ragnar Engilbertsson	Varamaður	Mætir
Sigríður Stefánsdóttir	Aðalmaður	Forfallaðist
Unnur Elva Arnardóttir	Aðalmaður	Forfallaðist
Valva Árnadóttir	Aðalmaður	Forfallaðist

Rafiðnaðarsamband Íslands

Félag ísl. símamanna

Eva K. Conteh Benjamínsdóttir	Varamaður	Mætir
Guðrún S Bergþórsdóttir	Aðalmaður	Forfallaðist

Félag ísl. rafvirkja

Jón Ólafur Halldórsson	Varamaður	Mætir
Svanborg Hilmarsdóttir	Aðalmaður	Forfallaðist

Félag tæknifólks í rafiðnaði

Páll Sveinn Guðmundsson	Varamaður	Mætir
Sigurjón Guðni Ólason	Aðalmaður	Mætir

Samiðn, samband iðnfélaga

BYGGIÐN - Félag byggingarmanna

Guðmundur Ómar Guðmundsson	Aðalmaður	Forfallaðist
Kolbeinn Árnason	Varamaður	Mætir

Starfsgreinasamband Íslands

Efling, stéttarfélag

Aðalbjörg J Jóhannesdóttir	Aðalmaður	Forfallaðist
Bjarni Bjarnason	Varamaður	Mætir
Einar Vignir Baldursson	Aðalmaður	Forfallaðist
Friðrik Ingi Karelsson	Aðalmaður	Forfallaðist
Halldór Guðjón Björnsson	Varamaður	Mætir
Harpa Ásgeirsdóttir	Aðalmaður	Forfallaðist
Hjörtur Traustason	Aðalmaður	Forfallaðist

Hörður Aðalsteinsson	Aðalmaður	Forfallaðist
Ingibjörg J. Guðmundsdóttir	Aðalmaður	Forfallaðist
Ingólfur Björgvin Jónsson	Aðalmaður	Forfallaðist
Jakobína Guðjónsdóttir	Varamaður	Mætir
Jón S Pétursson	Varamaður	Mætir
Kristín Þorsteinsdóttir	Varamaður	Mætir
Kristján Páll Bragason	Aðalmaður	Forfallaðist
Ragna S Sveinbjörnsdóttir	Varamaður	Mætir
Sædís Laguna Tangolamos	Aðalmaður	Forfallaðist
Signe Reidun Skarsbö	Varamaður	Mætir
Sigurlaug Brynjólfsdóttir	Varamaður	Mætir
Sigurlín Agústsdóttir	Varamaður	Mætir
Stefán Gíslason	Aðalmaður	Forfallaðist
Þórður Oddsson	Varamaður	Mætir

Eining - Iðja

Hafdís Ósk Kristjánsdóttir	Varamaður	Mætir
Ingvar Örn Sigurbjörnsson	Aðalmaður	Forfallaðist

AFL-Starfsgreinafélag

Elías Jónsson	Aðalmaður	Forfallaðist
Elísabet Ólöf Þórðardóttir	Varamaður	Mætir
Guðlaugur Þróstur Bjarnason	Aðalmaður	Forfallaðist
Kristján Magnússon	Varamaður	Mætir
Reynir Arnórsson	Aðalmaður	Mætir
Sigríður Dóra Sverrisdóttir	Varamaður	Mætir

Verkalýðsfélag Suðurlands

Eiríkur Tryggvi Ástþórsson	Aðalmaður	Forfallaðist
Guðrún Elín Pálsdóttir	Varamaður	Mætir